



Forsætisráðherrar Finnlands, Svíþjóðar, Íslands, Noregs og Danmerkur héldu blaðamannafund Viðey í gær ásamt Þýskalandskanslara vegna sumarfundar norrænu leiðtoganna. Loftslagsmálin voru efst á baugi á fundinum. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra sagði fundinn góðan og leiðtogana hafa rétt um að Norðurlönd yrðu sjálfbærasta svæði heims. Angela Merkel Þýskalandskanslari sagði að Þjóðverjar hefðu ekki verið nógu meðvitaðir um mikilvægi norðurslóða. Sjá síðu 6 FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FRÉTTABLAÐIÐ
+PLÚS

Borgin þyngi atvinnurekstur


Veitinga- og kaupmenn eru ósattir við flókna ferla og skilningsleysi í garð fyrirtækja í borginni. Uppbygging sé nauðsynleg, en samráð lítið. Dæmi um týndar umsóknir og regluverki lýst sem „völundarhúsi“.

VIÐSKIPTI Veitinga- og kaupmenn í borginni eru sammála um að ferlið við að koma á fót fyrirtæki í borginni sé gríðarlega þungt í vöfum. „Í grunninn er ferlið hér úrelt, ógagnsætt, óþarflega umfangsmikið og tímafrekt,“ segir framkvæmdastjóri Joe & the Juice á Íslandi um að koma á fót rekstri í borginni. Hann segir sláandi mun á ferlinu við að hefja rekstur hér á landi og í Noregi eða Svíþjóð. Eigandi veitingastaðarins Roks segir vanta skilning af hálfu borgaryfirvalda á því hve mikla fjármuni og tíma fólk leggur í rekstur sinn og setji oft allt sitt undir. Annar veitingamaður lýsir ferlinu sem „hálfgerðu völundarhúsi“.

Í tilvikum tveggja veitingamanna sem Markaðurinn ræddi við týndust eða misfórust leyfi og töfðu opnun um vikur og mánuði. Fyrir-

Það er ekki nóg að kjósa okkur inn í slíkar stöður og smella svo fingrum og vænta þess að allt sé breytt. Við erum að taka til og ætlum að sýna árangur í verki.

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, formaður skipulagsráðs



tækjæigendunum ber saman um að samráðsleysi borgarinnar í tengslum við framkvæmdir sé baggi á rekstrinum. Á köflum sé ómögulegt að ná tali af starfsmönnum borgarinnar til þess að fá svör eða úr málum greitt.

Formaður skipulagsráðs, Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, segir flokk sinn, Pírata, í lykilstöðu til að breyta. „Við erum á fullu að breyta og laga eins og við vorum kjörnar til að gera en það er ekki nóg að kjósa okkur inn í slíkar stöður og smella svo fingrum og vænta þess að allt sé breytt. Við erum að taka til og ætlum að sýna árangur í verki.“

Samdóma álit þeirra veitinga- og kaupmanna sem rétt var við er að uppbygging í miðborginni sé af hinu góða, en að borgin hafi færst of mikið í fang. Skipuleggja þurfi framkvæmdir með tilliti til tíma- og fjármáttar og að fengnu samráði við fyrirtækjæigendur sem flestir eiga allt sitt undir rekstrinum. Því sé mætt af skilningsleysi af hálfu borgaryfirvalda. Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður borgarráðs,

segir meirihlutann þegar hafa hafið vinnu við að bæta og þróa samstarf við atvinnulífið. „Það er afar mikilvægt að við tölum ekki ástandið niður og það er algjör óþarfi. Það eru mýmörg tækifæri til að kynna betur miðborgina, þjónustuna og ekki síst bílastæðahúsin sem nú er verið að opna. Það munu hins vegar alltaf verða framkvæmdir og breytingar, við því þurfum við að hafa þol, þannig er lífið í borgum um allan heim,“ segir Þórdís Lóa. Ítarlegri viðtöl við Þórdísi Lóu og Sigurborgu má lesa á frettabladid.is.

Magnús Hafliðason, framkvæmdastjóri Joe & the Juice.

– ósk / sjá Markaðinn

Samþykkti 150 milljóna starfslok

Fulltrúi Bankasýslu ríkisins í stjórn Arion banka gerði engar athugasemdir við breytingar sem gerðar voru á ráðningarsamningi Höskuldur Ólafssonar, þáverandi bankastjóra, um mitt ár 2017 og samþykktar voru af stjórn bankans. Þær breytingar, sem tengdust uppsagnarfresti og samningi um starfslok, þýddu að bankinn þurfti að bókfæra 150 milljóna launakostnað þegar Höskuldur lét af störfum.



Höskuldur Ólafsson, fyrrverandi bankastjóri Arion banka.

Samkvæmt heimildum voru breytingar á samningi Höskuldur samþykktar samhljóða af öllum stjórnarmönnum. Bankasýslan hélt á þessum tíma á um 13 prósent hlut ríkisins í Arion. – hae / sjá Markaðinn

LÆGSTA VERÐIÐ Í ÖLLUM LANDSHLUTUM

Orkan býður lítrann á lægsta verðinu í öllum landshlutum – án allra skilyrða.

+PLÚS




Leiðtogar í Viðey

Forsætisráðherrar Norðurlandanna, auk Þýskalandskanslara, heimsóttu Viðey í gær og héldu blaðamannafund. Ernir Eyjólfsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, var á fundinum.



Veður



Austan 10-18 m/s snemma dags, hvassast syðst og víða rigning, en hægari og þurr norðan til á landinu. Styttir upp suðvestanlands síðdegis, og lægir víða annað kvöld. **SJÁ SÍÐU 16**



Sunna við mælingar á gróðurhúsalofttegundum. MYND/ÁGÚSTA HELGAD.

Framkvæmdir hefjast í dag

UMHVERFISMÁL Stefnt er á að framkvæmdir við endurheimt votlendis í Borgarfirði hefjist í dag. Svæðið sem um ræðir er í eigu ríkisins en hefur ekki verið nýtt sem ræktarland eða tún í áraraðir. Landgræðslan fer fyrir verkefninu.

„Við höfum verið að fylgjast með svæðinu síðastliðin tvö ár og munum halda áfram að fylgjast með hérna eftir framkvæmdir,“ segir Sunna Áskelsdóttir, verkefnisstjóri hjá Landgræðslunni.

Mælingar hafa verið á losun gróðurhúsalofttegunda á svæðinu ásamt því að grunnvatnshæð hefur verið mæld. Með endurheimtinni segir Sunna að gera megri ráð fyrir að grunnvatnsstaða á svæðinu hækki.

„Þegar vatnsstaðan hækkar þá minnkar losun gróðurhúsalofttegunda og með tímanum gerum við ráð fyrir því að gróðurfarið breytist,“ segir Sunna.

Endurheimt votlendis hefur lengi verið á stefnuskrá stjórnvalda og segir Sunna tilvalið að afla gagna samhliða framkvæmdunum, þannig sé hægt að sýna fram á ávinning af þeim.

„Ávinningurinn er margs konar. Við munum til dæmis leggja í tilraunir á mismunandi aðferðum á því hvernig má laga þau sár sem myndast við framkvæmdirnar,“ segir Sunna. – **bdj**

Lyklaskipti í Seðlabankanum



Ásgeir Jónsson tók við embætti seðlabankastjóra í gærmorgun af Má Guðmundssyni, sem hefur gegnt því síðan 2009. Formleg lyklaskipti fóru fram rétt upp úr niu í gærmorgun. Ásgeir var skipaður til fimm ára af Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra í júlí en hann var þá dósent við Háskóla Íslands og jafnframt forseti Hagfræðideildar. Alls voru umsækjendur sextán talsins en þrjú drögu umsókn sína til baka. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mikil óvissa um flugvöllinn

SAMGÖNGUR Alger óvissa ríkir nú um framtíð Þingeyrarflugvallar en hann hefur ekki verið notaður fyrir áætlunarflug síðan árið 2016, þegar eitt áætlunarflug var þangað. Völlurinn er mikið skemmdur og er kostnaður við nauðsynlegar endurbætur á flugbrautinni á bilinu 300 til 400 milljónir. Flugvöllurinn var hugsaður sem varavöllur fyrir Ísafjarðarflugvöll.

Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar segir málið öryggismál og er afar óánægður með samskiptin við Isavia, sem hefur umsjón með flugvöllum landsins.

Arnór Magnússon, umdæmistjóri Isavia á Vestfjörðum, segir í samtali við Fréttablaðið að hann sjái ekki fyrir sér að ráðist verði í viðgerðir á vellinum á næstu árum.

„Við í sjálfu sér erum alls ekki á móti því að gera völlum upp en við bara höfum ekki fjármagnið. Það er ráðuneytið sem stýrir því.“ – **ókp**

Örfoka land ekki fest í sessi með þjóðgarði

Guðmundur Ingi Guðbrandsson leggur áherslu á að hægt verði að græða upp land á hálendi Íslands þrátt fyrir að það verði innan þjóðgarðs. Mikilvægt sé að beit á svæðinu verði sjálfbær og að endurheimt gróðurþekju verði flýtt.

UMHVERFISMÁL Nýr þjóðgarður á hálendi Íslands mun ekki festa í sessi örfoka land og hægt verður að græða upp land innan þjóðgarðsins. Þetta segir Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, og telur mikilvægt að endurheimta gróðurþekju sem eitt af verkefnum Íslands í baráttu gegn hlýnun jarðar.

Hann segir það mikilvægt að hálendisþjóðgarður stöðvi ekki uppgræðslu og endurheimt gróðurs á hálendinu. „Eitt af tækifærunum við Miðhálandisþjóðgarð er einmitt að auka möguleikana á að endurheimta gróður og jarðveg. Slika endurheimt má til dæmis sjá í Vatnajökulsþjóðgarði í dag. Miðhálandisþjóðgarður er síður en svo ávísun á örfoka land eða ávísun á það að uppgræðslu innan hans yrði hætt eða komið í veg fyrir að ráðist yrði í þannig verkefni. Æskilegt er að endurheimt landgæða geti átt sér stað á svæðinu, meðal annars sem liður í átaki í loftslagsmálum,“ segir Guðmundur Ingi.

Fréttablaðið sagði frá því á forsíðu sinni síðastliðin mánudag að Landgræðslan og Skógræktin væru uggandi yfir því að möguleg þjóðgarður gæti komið í veg fyrir uppgræðslu á hálendinu. Stofnanirnar hafa báðar sent inn umsógn vegna málsins og bent á þennan vankant. Það ber þó ekki að túlka sem svo að þær séu á móti stofnun þjóðgarðs. Aðeins að hægt verði að endurheimta þann gróður sem tapast hefur vegna sauðfjarbeitar þar síðustu árhundrað.

Sauðfjarbeit eða veiðar verða ekki bannaðar innan þjóðgarðsins. Bændur, sem nýtt hafa hálendi landsins til upprekstrar munu því



Guðmundur Ingi Guðbrandsson hefur staðið í ströngu síðan hann tók við embætti umhverfis- og auðlindaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Miðhálandisþjóðgarður er síður en svo ávísun á örfoka land eða ávísun á það að uppgræðslu innan hans yrði hætt eða komið í veg fyrir að ráðist yrði í þannig verkefni

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra

ekki þurfa að ottast það að tapa afréttum og almenningum sem þeir hafa nýtt í aldir.

Að mati Guðmundar Inga er mikilvægt að nýting innan þjóðgarðsins verði sjálfbær. „Það er mikilvægt að nýtjar innan marka þjóðgarðsins verði sjálfbærar og nefndin sem vinnur að tillögum um þjóðgarðinn hefur lagt áherslu á að hefðbundnar sjálfbærar nýtjar verði áfram leyfðar, svo sem veiðar og beit. Með tilkomu nýrra landgræðslulaga frá því í fyrra þarf síðan að setja viðmið um sjálfbæra landnýtingu.“ **sveinn@frettabladid.is**

TENNIS

er skemmtileg hreyfing

- Nú er rétti tíminn til að panta fastan tíma í tennis.
- Eigum nokkra tíma lausa.
- Skemmtilegu byrjendanámskeiðin fyrir fullorðna eru að hefjast.

Skráning og upplýsingar í síma 564 4030 eða á tennishollin.is



Way of Life!

IGNIS 4X4 MILD HYBRID

FYRIR UMHVERFIÐ OG ÞIG



Suzuki Ignis er fánlegur með 1.2l Dualjet Mild Hybrid tvinnafliásarvél.
Suzuki Swift og Suzuki Baleno eru einnig fánlegir með Mild Hybrid búnaði.

Komdu í heimsókn og kynntu þér Suzuki Mild Hybrid.

*Suzuki Mild Hybrid eru eingöngu fánlegir beinskiptir.

VERÐ KR.

2.990.000



FLUTT MEÐ
EIMSKIP

● Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100



FRÉTTABLAÐIÐ IS

1 Tekjuhæst innan sinna atvinnugreina Tekjublað Frjálsrar verslunar birtist í dag en hér má finna stutta samantekt yfir tekjuhæstu Íslendingana innan hinna ýmsu atvinnugreina.

2 Miley Cyrus og Carter: „Stunduðu sama sem kynlíf á dansgólfinu“ Um helgina sást til Miley Cyrus með góðvinkonu sinni Kailyn Carter í hörkusleik á skemmtistaðnum Soho House í Vestur-Hollywood.

3 Furðulegur árekstur úti á Grandu Að sögn vitna höfðu ferðamenn leigt jeppa skömmu áður en slysið varð.

4 Þetta eru fimm tekjuhæstu samfélagsmiðlastjórnum Snorri Rafnsson, Vargurinn, er sá tekjuhæsti með 1,48 milljónir á mánuði.

5 Lögmaður með tæpar 14 milljónir á mánuði Ársæll Hafsteinsson er með tæplega 14 milljónir í mánaðarlaun.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fánleg á www.frettabladid.is

Rekstrarspáin of bjartsýn

VIÐSKIPTI Sýn hefur birt afkomuviðvörðun í ljósi þess að fyrri rekstrarspár voru of bjartsýnar. Uppfærðar horfur fyrir árið 2019 gefa til kynna að EBITDA-framlegð ársins verði um 6 prósentum undir þeirri spá sem áður hafði verið gefin út, sem var EBITDA á milli 6,0-6,5 milljarðar á árinu, en er nú um 5,6 milljarðar.

Hlutabréf í fyrirtækinu féllu nokkuð í verði í gær í kjölfar afkomuviðvörðunarinnar.

Í tilkynningu frá Sýn segir að framkvæmdastjórn sé búin að breyta uppgjörum deilda sem muni skila sér í áreiðanlegri spám héðan í frá. Sömuleiðis hafi aðgerðir sem gripidd var til í rekstrinum í sumar lækkað kostnaðarstig fyrirtækisins umtalsvert til framtíðar. – **þfh**

Líklega ekki síðustu uppsagnirnar

VIÐSKIPTI Íslandspóstur tilkynnti í gær um uppsagnir 43 starfsmanna í hagræðingarskyni. Alls mun stöðugildum hjá fyrirtækinu fækka um 80 á árinu eða um 12 prósent. Birgir Jónsson, forstjóri Íslandspósts, segir að uppsagnirnar séu sársaukafullar. Hann viðurkennir að það sé þungt hljóð í fólki en þessar aðgerðir hafi þó ekki komið á óvart.

Mikið hefur verið fjallað um rekstrarvanda fyrirtækisins og

Við erum nú að vinna að því að endurskipuleggja allt fyrirtækið frá grunni

Birgir Jónsson, forstjóri Íslandspósts

þurfti ríkið meðal annars að veita 500 milljóna króna lán síðastliðið haust.

„Við erum nú að vinna að því að endurskipuleggja allt fyrirtækið frá

grunni. Það er mjög líklegt að það komi til einhverra frekari uppsagna í kringum það,“ segir Birgir.

Með aðgerðunum sem nú er gripidd til er gert ráð fyrir að hagræðing upp á 500 milljónir króna á ári náist. Birgir segir óvíst hvort það muni duga en trúir því að eftir meiru sé að slægjast varðandi hagræðingar.

Birgir tók við forstjórastarfinu síðastliðið vor, stuttu áður en

skýrsla Ríkisendurskoðunar um fyrirtækið kom út.

Birgir vonast til þess að ekki verði þörf á frekari fjárhagslegum stuðningi frá ríkinu. „En það er auðvitað mikið að gerast, við erum að missa einkaréttinn um áramótin þannig að það er margt að breytast. Svo að ef við þyrftum að sækja meiri peninga væri það allavega út af því að við værum búin að gera allt sem hægt var að gera.“ – **sar**

Íslendingar gerðu tilkall til Grænlands fyrir sjálfstæði

Áætlanir Trumps Bandaríkjaforseta um að kaupa Grænland af Dönum hafa valdið töluverðri furðu og úlfúð. Framan af 20. öldinni héldu Íslendingar fram kröfu um yfirráð yfir Grænlandi þó að Ísland sjálf væri ekki orðið sjálfstætt.

UTANRÍKISMÁL Sumarliði Ísleifsson, lektor í hagnýtri menningarmiðlun, segir að krafa Íslands hafi tengst sjálfstæðisbaráttunni. „Með endurreisn landsins litu menn til fornaldar og að Íslandi bæri að taka yfir Grænland,“ segir hann. Guðmundur Hálfðánarson, prófessor í sagnfræði, segir að rökin hafi verið sú að á miðöldum hafi verið byggð norrænna manna á Grænlandi. En sú byggð var löngu horfin þegar krafan kom upp. „Þetta var hliðstætt þeirri umræðu sem nú hefur verið í gangi um að Bandaríkjamenn vilji kaupa landið af Dönum. Þetta er gamaldags nýlenduhugsunarháttur,“ segir hann.

Í kringum aldamótin 1900 skrifaði Einar Benediktsson skáld fjölda blaðagreina um tilkall Íslendinga til Grænlands. Árið 1924 stóðu stúdentar fyrir borgarafundi þar sem Einar talaði ásamt Benedikt Sveinssyni, fyrrverandi þingforseta, og fleirum. Skorað var á ríkisstjórnina að halda kröfunni um „hina fornu nýlendu Íslendinga“ á lofti. Var „Grænlandsmálið“ tekið fyrir á Alþingi ári síðar.

Á þessum árum deildu Danir og Norðmenn um Austur-Grænland og fór deilan fyrir Alþjóðadómstólinn



55 þúsund manns búa á Grænlandi. Það eru eilítið færri en búa í Kópavogi og Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/FRIDRIK ÞÓR

Almennt viðhorf Íslendinga til Grænlandinga á þessum tíma var að þeir væru einhverjir skrælingjar, á lægra menningarstigi og óæðra fólk.

Guðmundur Hálfðánarson, prófessor



í Haag árið 1931. Íslensk stjórnvöld fylgdust með og héldu sinni eigin kröfu fram. Jón Þorláksson, fyrsti formaður Sjálfstæðisflokksins, flutti þingsályktunartillögu um að gæta hagsmuna Íslands. Íslendingar hefðu rétt og hagsmuni af landnytj-



Sumarliði Ísleifsson, lektor.

um á Grænlandi. Var tillagan samþykkt einróma af utanríkismálanefnd þar sem meðal annars sátu Ásgeir Asgeirsson og Ólafur Thors.

Hagfræðingurinn Jón Dúason skrifaði fræðirit um tilkallið til Grænlands með fjárstuðningi frá Alþingi og var það þýtt á ensku. Ekki fór mikið fyrir stuðningi við tilkallið erlendis.

Sumarliði segir að margir hafi haldið kröfunni til streitu fram yfir 1960. Þá hafi fiskveiðihagsmunir ráðið ferðinni. Jafnframt segir hann að sumir hafi verið heltekknir

af þessu í áratugi, til dæmis Pétur Ottesen, þingmaður Sjálfstæðisflokksins. Krafa hans vegar ávallt verið byggð á örur. „Íslendingar höfðu varla burði til að stjórna sjálfum sér á þessum tíma. Erlendis hefur ábyggilega flestum fundist þetta broslagt,“ segir Sumarliði.

Guðmundur segir að Íslendingar hafi ekki mikið hugsað út í Grænlandinga sjálfa. „Að eiga nýlendu snerist fyrst og fremst um að hafa tekjur af henni en ekki leggja út í mikinn kostnað. Almennt viðhorf Íslendinga til Grænlandinga á þessum tíma var að þeir væru einhverjir skrælingjar, á lægra menningarstigi og óæðra fólk. Íslendingum var líka mjög mikið í mun að greina sig frá þeim,“ segir hann. Sumarliði segir að þetta viðhorf Íslendinga hafi breyst þegar '68 kynslóðin kom fram. kristinnhaukur@frettabladid.is

Þrír með yfir 27 milljónir

SAMFÉLAG Tekjuhæsti Íslendingurinn á síðasta ári var Jón Björnsson sem lét af störfum sem forstjóri Festar í september sama ár. Þetta kemur fram í árlegu tekjublaði Frjálsrar verslunar sem kom út í gær. Samkvæmt útreikningum blaðsins voru tekjur Jóns að jafnaði 28,4 milljónir króna á mánuði.

Hafa ber í huga að útreikningarnir byggjast á útsvarsskyldum tekjum og þurfa ekki að endurspeglar föst mánaðarlaun. Þannig er Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, næstur á listanum með 27,5 milljónir á mánuði en í tilkynningu frá fyrirtækinu segir að laun hans séu 7,5 milljónir á mánuði. Kári hafi á síðasta ári innleyst séreignarsparnað sem skýri þessar tekjur.

Róbert Wessman, forstjóri Alvo-gen, er þriðji á listanum með 27,4 milljónir. – **sar**

Össur ferðast með utanríkisráðherra

UTANRÍKISMÁL Össur Skarphéðinsson, fyrrverandi utanríkisráðherra, ferðast með Guðlaugi Þór Þórðarsyni, núverandi utanríkisráðherra, í vinnuheimsókn í Grænlandi.

Össur er formaður starfshóps um aukin samskipti Íslands og Grænlands. „Ég tók að mér fyrir ríkisstjórnina, gætt betri vitund og öllum pólitískum prinsippum, að stýra þessum hópi sem á að bæta með bestum hætti samskipti Íslands og Grænlands vegna þess að það rímar við mína fortíð,“ segir Össur.

Guðlaugur Þór og Össur munu heimsækja ýmis fyrirtæki og sveitarfélög í suður-

hluta Grænlands en þó nokkuð er um íslenskar fjárfestingar í þessum hluta landsins.

Guðlaugur Þór mun funda með Ane Lone Bagger sem fer með utanríkismál í Grænlandi landsstjórninni. Tvihlíða samskipti þjóðanna á sviði viðskipta og menningar og málefni norðurslóða eru meðal þess sem er á dagskrá fundarins. Össur gat ekki svarað því hvort ráðherrarnir muni ræða ummæli Donalds Trump Bandaríkjaforseta um kaup á Grænlandi.

„Ég get ekki talað fyrir ráðherrann en mér list betur á að Grænlandingar kaupi Ameríku. Það er álika raunhæft og þessi hugmynd Trumps.“ – **ab**



Össur Skarphéðinsson



MIÐFLOKKURINN

Miðflokkurinn stendur fyrir opnum fundi um orkupakka 3

Fundurinn verður haldinn í Duushúsi Reykjanesbæ miðvikudaginn 21. ágúst kl. 20:00 og að Hótel Selfossi fimmtudaginn 22. ágúst kl. 20:00.

Erindi flytja:



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson



Frosti Sigurjónsson



Ingibjörg Sverrisdóttir



Styrmir Gunnarsson



Ögmundur Jónsson

Fyrirkomulagið er pallborðsumræður og leyfðar verða spurningar úr sal.

Þjóðum alla hjartanlega velkomna
Stjórn Miðflokksfélags Suðurljóðdæmis

BÍLALÉIGUBÍLARNIR KOMNIR Í SÖLU

YFIRFARNIR AF UMBOÐI • LÁG VERÐ • GÓÐAR FJÁRMÖGNUNARLEIÐIR



Peugeot Partner Tepee Outdoor

Nýskráður 8/2016, ekinn 44 þús.km.,
dísel, beinskiptur.

Verð kr. 1.990.000

Afborgun krónur 25.318 á mánuði*



Peugeot 5008 Style 7 manna

Nýskráður 6/2016, ekinn 77 þús.km.,
dísel, sjálfskiptur.

Verð kr. 2.390.000

Afborgun krónur 30.375 á mánuði*



Peugeot 108 Active

Nýskráður 3/2016, ekinn 76 þús.km.,
bensín, beinskiptur.

Sértílbod kr. 790.000

Allt að 100% fjármögnun í boði



Honda Jazz Trend

Nýskráður 7/2017, ekinn 30 þús.km.,
bensín, sjálfskiptur. Er í verksmiðju-
ábyrgð. **Ásett verð kr. 2.090.000**

Sértílbod kr. 1.790.000

Afborgun krónur 22.789 á mánuði*



Honda HR-V Comfort

Nýskráður 11/2016, ekinn 86 þús.km.,
bensín, sjálfskiptur. Er í verksmiðjuábyrgð.

Verð kr. 2.390.000

Afborgun krónur 30.375 á mánuði*



Honda CR-V Elegance Navi

Nýskráður 6/2017, ekinn 84 þús.km.,
dísel, sjálfskiptur 9 girar. Er í verk-
smiðjuábyrgð.

Verð kr. 3.990.000



Honda CR-V Elegance Navi

Nýskráður 5/2017, ekinn 69 þús.km.,
bensín, sjálfskiptur. Er í verksmiðjuábyrgð.

Verð kr. 3.790.000

Afborgun krónur 48.075 á mánuði*



Honda Civic Station Lifestyle

Nýskráður 3/2017, ekinn 26 þús.km.,
dísel, beinskiptur. Er í verksmiðjuábyrgð.

Verð kr. 2.890.000

Afborgun krónur 36.696 á mánuði*



Honda Civic Station

Nýskráður 8/2016, ekinn 35 þús.km.,
bensín, sjálfskiptur. Er í verksmiðjuábyrgð.

Verð kr. 2.390.000

Afborgun krónur 30.375 á mánuði*



Honda Civic Elegance 5 dyra

Nýskráður 3/2018, ekinn 14 þús.km.,
bensín, sjálfskiptur. Er í verksmiðjuábyrgð.

Verð kr. 3.190.000

Afborgun krónur 40.489 á mánuði*



Honda Civic 5 dyra

Nýskráður 10/2017, ekinn 29 þús.km.,
bensín, sjálfskiptur. Er í verksmiðjuábyrgð.

Verð kr. 2.490.000

Afborgun krónur 31.639 á mánuði*



Honda Civic Sedan

Nýskráður 10/2017, ekinn 13 þús.km.,
bensín, beinskiptur. Er í verksmiðjuábyrgð.

Verð kr. 2.990.000

Afborgun krónur 37.961 á mánuði*

LÍTID EKNIR OG VIRKILEGA VEL
MEÐ FARNIR BÍLALÉIGUBÍLAR
SÖLUMENN OKKAR ERU Í SAMNINGSSTUÐI

Opnunartími

Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00

Laugardaga
milli kl. 12:00 og 16:00

Opið allan sólarhringinn
á notadir.bernhard.is



NOTAÐIR BÍLAR

Bílaáskjalnum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is



Nýtt bílaplan á Krókhálsi 9

Enn betra úrval frábær kjör! 



Rað.n. 112716

KIA SORENTO LUXURY
Nýskráður: 2015 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 83.000 km.

Verð: 4.290.000 kr.



Rað.n. 720064

SSANGYONG KORANDO
Nýskráður: 2011 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 84.000 km.
Verð: 1.790.000 kr.

Tilboð: 1.490.000 kr.



Rað.n. 445715

NISSAN X-TRAIL ACENTA PLUS
Nýskráður: 2017 / Dísel
Beinskíptur / Ekinn: 106.000 km.

Verð: 3.190.000 kr.



Rað.n. 740316

OPEL MOKKA
Nýskráður: 2015 / Dísel
Beinskíptur / Ekinn: 144.000 km.
Verð: 1.990.000 kr.

Tilboð: 1.490.000 kr.



Rað.n. 445767

SSANGYONG TIVOLI HLX
Nýskráður: 2017 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 46.000 km.

Verð: 3.190.000 kr.



Rað.n. 340241

CHEVROLET ORLANDO
Nýskráður: 2015 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 38.000 km.
Verð: 3.290.000 kr.

Tilboð: 2.790.000 kr.



Rað.n. 445780

RENAULT CAPTUR INTENS
Nýskráður: 2017 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 13.000 km.

Verð: 2.890.000 kr.



Rað.n. 740389

MMC PAJERO
Nýskráður: 2016 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 80.000 km.

Verð: 5.490.000 kr.

Bilabó
Benna
benni.is

Reykjavík
Krókhálsi 9
Sími: 590 2035

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Opnunartímar:
Virka daga 9-18
Laugardaga 12-16

Opnunartímar:
Virka daga 9-18
Laugardaga 10-14

* Birt með fyrirvara um mynd og textabreytingu.



Katrin Jakobsdóttir forsætisráðherra og Angela Merkel Þýskalandskanslari í Viðey í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Kveðst vonbetri eftir fund ráðherranna

Aðgerða er þörf í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Þetta sögðu forsætisráðherrar Norðurlandanna auk Þýskalandskanslara á blaðamannafundi í Viðey í gær. Forsætisráðherra Finna sagðist bjartsýnni í gær en fyrir fundinn.

UTANRÍKISMÁL Loftslagsmálin voru efst á baugi hjá forsætisráðherrum Norðurlandanna og Angelu Merkel Þýskalandskanslara á blaðamannafundi sem fór fram í Viðey í gær vegna samfundar norrænu leiðtoganna. Katrin Jakobsdóttir forsætisráðherra sagði leiðtogana hafa rætt um að Norðurlönd yrðu sjálfbærasta svæði heims. „Þetta þýðir að við erum að viðurkenna loftslagskrisuna en einbeita okkur að aðgerðum. Þetta var afar góður fundur,“ sagði Katrin.

Antti Rinne, forsætisráðherra Finnlands, sagði við Fréttablaðið eftir fundinn að hann væri vonbetri nú en áður um að það tækist að fyrirbyggja loftslagshamfarir. „Ég er afar vongóður þegar kemur að Norðurlöndunum. Ákvarðanirnar sem við höfum tekið í dag snúast um að Norðurlöndin muni leggja meira af mörkum,“ sagði Rinne. Hann teldi nauðsyn að Evrópa tæki forystu í loftslagsmálum. „Ég vona að við getum náð því markmiði að halda hlýnun undir 1,5 gráðum. Ég er aðeins vonbetri í dag en í gær.“

Mette Frederiksen, forsætisráðherra Dana, sagði að mikilvægasta ákvörðun fundarinnar hefði verið um nána samstöðu og samstarf Norðurlandanna og Þýskalands. „Ég vil einnig að það komi skýrt fram að við ætlum að gripa til aðgerða gegn

Ekki bara loftslagsmál

Þótt mest hafi farið fyrir loftslagsmálum á blaðamannafundinum ræddu leiðtogarnir einnig önnur mál er einn blaðamaður frá hverju landi fékk að bera upp spurningu.

Solberg svaraði spurningu um fyrri orð sín um að Svíar þyrftu að vinna nánar með Norðmönnum gegn upprisu öfgaafila á Norðurlöndum. Endurtók hún þá þau skilaboð að þörf væri á nánari samvinnu. „Við höfum rætt þetta í dag. Við þurfum að finna leiðir

til þess að vinna saman. Að lögreglan vinni saman. Hægri-öfgaöfl eru orðin sterkari en áður. Við höfum unnið vel saman gegn öfgaíslam en þurfum að standa okkur betur.“

Finninn Rinne ansaði spurningu um heimsókn Vladímírs Pútín Rússlandsforseta og togstreitu á milli Rússa og granna þeirra. „Við höfum komið því skýrt á framfæri að atburðirnir í Úkraínu, sem eru vegna Rússa, eru ranglæti.“

loftslagsbreytingum. Það er ekki nóg að tala bara um þær eða funda. Við þurfum að sýna fólki, sérstaklega börnum, að við erum að axla ábyrgð,“ sagði Frederiksen.

Hin norska Erna Solberg tók undir þetta. „Við sem leiðtogar þurfum að horfa fram á veginn og finna lausnir á þessum vandamálum. Ég held að við Norðurlandþjóðirnar séum afar færar í því,“ sagði Solberg.

Stefan Löfven, sænski forsætisráðherrann, sagði Norðurlöndin vilja standa saman á væntanlegri loftslagsráðstefnu, sem fer fram í New York í Bandaríkjunum í september, og koma sínum skilaboðum

á framfæri. „Að það þurfi að beita praktiskum lausnum.“

Þýskalandskanslari tók fram að Þjóðverjar hefðu ekki verið nógu meðvitáðir um mikilvægi Norðurlöða og Evrópusambandið ekki heldur. Það myndi breytast í náinni framtíð enda gæti bráðnun hafiss á svæðinu haft alvarlegar afleiðingar.

Forsætisráðherrar Norðurlandanna auk leiðtoga Grænlands og Álandseyja funduðu fyrir um daginn með fulltrúum norræna stórfyrirtækja um loftslagsmál. Var þar undirrituð yfirlýsing um jafnrétti kynjanna, sjálfbærni og loftslagsbreytingar. thorgnyr@frettabladid.is

Stjórnarkrís á Ítalíu eftir afsögn Conte

ÍTALÍA Giuseppe Conte, forsætisráðherra Ítalíu, tilkynnti um afsögn sína í gær. Sakaði hann Matteo Salvini, leiðtoga Norðurbandalagsins, um að setja hagsmunum sína og flokks síns ofar hagsmunum landsins.

Fjörtán mánuðir eru frá því að Norðurbandalagið og Fimm stjórnu hreyfingin mynduðu ríkisstjórn sem Conte veitti forystu sem óháður aðili. Samstarfið í stjórninni hefur verið stírt um hríð og hótaði Conte meðal annars afsögn í byrjun júní vegna samstarfsferðleika.

Salvini sagði fyrir tæpum tveimur vikum að stjórnin væri óstarfhæf og að hann vildi kosningar. Conte sakar Salvini hins vegar um að hafa verið að leita að tækifæri til stjórnsliða og kosninga allt frá Evrópuþingskosningunum í maí þar sem Norðurbandalaginu gekk mjög vel. Ekki hafa verið haldnar haust-



Conte í ræðustól en Salvini lætur sér fátt um finnast. NORDICPHOTOS/GETTY

kosningar á Ítalíu frá lokum síðari heimsstyrjaldar en á þessum árstíma er unnið að fjárlagagerð næsta árs. Sá möguleiki er í stöðunni að Fimm stjórnu hreyfingin leiti til

Lýðræðisflokksins um stjórnarsamstarf. Verði ekki af því er búist við því að Sergio Mattarella, forseti Ítalíu, sliti þingi og boði til kosninga í október eða nóvember. – sar

KJARAVEXTIR – NÝJUNG Í BÍLALÁNUM

Helmingi lægri vextir!

KJARAVEXTIR

3,95%

BL KYNNIR KJARAVEXTI NÝJA LEIÐ TIL FJÁRMÖGNUNAR

Kjaravextir BL eru hagstæð leið til að fjármagna bílakaupin. Þú greiðir lægri vexti, enga verðtryggingu, ekkert lántökugjald og lægri mánaðarlegar afborganir. Eignamyndun verður þannig hraðari og endanlegur kostnaður á lánstíma getur orðið meira en helmingi lægri en af hefðbundnu bílaláni.

Kynntu þér Kjaravexti BL á www.bl.is eða hjá sölumönnum okkar.

- Fastir vextir
- Engin verðtrygging
- Ekkert lántökugjald
- Lægri mánaðargreiðsla
- Miklu lægri kostnaður

RENAULT ZOE – 100% RAFBÍLL

Sjálfskiptur

VERÐ FRÁ: 3.890.000 kr.

KJARAVEXTIR

Mánaðarl. afb. 49.848 kr.
Heildar lántökukostn. 280.859 kr.
Árl. hlutfallst. kostn. 4,18%

BÍLALÁN*

Mánaðarl. afb. 56.197 kr.
Heildar lántökukostn. 641.327 kr.
Árl. hlutfallst. kostn. 9,12%

NISSAN QASHQAI

Dísil, beinskiptur

VERÐ FRÁ: 4.050.000 kr.

KJARAVEXTIR

Mánaðarl. afb. 52.267 kr.
Heildar lántökukostn. 301.020 kr.
Árl. hlutfallst. kostn. 4,11%

BÍLALÁN*

Mánaðarl. afb. 58.533 kr..
Heildar lántökukostn. 590.637 kr.
Árl. hlutfallst. kostn. 9,14%



*Allir útreikningar á greiðslum í auglýsingunni miðast við 30% innborgun og 70% fjármögnun til 5 ára. Útreikningur BÍLALÁNA miðast við lægstu auglýstu vexti lánastofnunar sem í boði eru fyrir 70% lánshlutfall eða 7,4% vexti, 3,0% lántökugjald og 2.500 kr. þinglýsingargjald dags. 01.08.2019. Nánari upplýsingar og útreikninga má sjá á www.bl.is. Kjaravextir BL gilda ekki með öðrum tilboðum nema það sé sérstaklega tekið fram.

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Kveðjan



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Það var djúp og ástríðufull hugsun að baki athöfninni sem fór fram nýlega við Ok, jökulinn sem nú er horfinn. Þarna var verið að kveðja jökul sem varð hlýnun jarðar að bráð. Sannarlega ekki fyrsta fórnarlamb loftslagsbreytinga sem hafa orðið af manna völdum.

Þeir einstaklingar sem fengu þá hugmynd að kveðja Ok og setja upp minningarskjöld um jökulinn voru að senda sterk skilaboð til umheimsins um það neyðarástand sem hefur skapast. Þessi skilaboð rötudu sannarlega rétta leið því í mörgum af stærstu og áhrifamestu fjölmiðlum heims var fjallað um jökulinn sem nú er horfinn og fólkið sem kvaddi hann. Fréttin birtist á svipuðum tíma og heimspressan skemmti sér dátt við að birta fréttir af nýrri og makalausri hugmynd Bandaríkjaforseta, Donalds Trump, um að kaupa Grænland. Einn af valdamestu mönnum heims virðist lifa í algjörru veruleikafirringu og segir galna hugmynd vera gott viðskiptatækifæri. Um leið er þetta maður sem afneitar loftslagsbreytingum af manna-völdum.

Rétt áður en fréttin um athöfnina við Ok birtist í heimspressunni sýndi Sky fréttaskýringarþátt um afleiðingar skógarhöggs í Amazon-regnskógunum sem forseti Brasilíu, Jair Bolsonaro, leggur blessun sína yfir. Afleiðingarnar eiga eftir að verða skelfilegar.

Heimurinn hefur ekki efni á að hafa menn eins og Donald Trump og Jair Bolsonaro við völd. Þeir leggja sína deyðandi hönd á flest sem fyrir þeim verður. Fleiri þeirra líkar finnast á valdastólum víða um heim og afneita loftslagsbreytingum af manna-völdum. Jörðinni stafar hætta af þessum mönnum.

Neyðarástand í loftslagsmálum blasir við öllum sem vilja sjá. Hörmungarnar munu einungis færast í aukana verði ekki brugðist við. Um allan heim eru einstaklingar að leggja sig fram og breyta lífsháttum sínum. Þeir vilja leggja sitt litla lóð á vogarskálur. Jafn fallett og það er þá nægir það engan veginn. Stórfyrirtæki þurfa líka að leggja sitt af mörkum en því miður eru fæst þeirra tilbúin til þess. Þegar við bætist að ráðamenn víða um heim skeyta engu um hættuna sem að heiminum steðjar þá er engin ástæða til bjartsýni. Eyðingin vegna loftslagsbreytinga mun verða meiri og dauðsföllin fleiri einfaldlega vegna þess að of margir neita að viðurkenna hættuna, sjá enga ástæðu til að breyta lífsháttum sínum og vilja búa við lúxus meðan þeir eru á lífi. Hvað gerist eftir það er seinni tíma vandamál sem kemur þeim ekki við, enda hafa þeir þá kvatt þennan heim eftir að hafa lifað við lúxus.

„Við vitum hvað er að gerast og hvað þarf að gera,“ eru orð hins þrautseiga baráttumanns Andra Snæs Magnasonar, rituð á minningarskjöld um Ok, jökulinn sem ekki er lengur til. Það er gott að eiga þau orð rituð. Þau minna á að um allan heim eru einstaklingar sem gera sér fullkomlega grein fyrir ábyrgðinni sem maðurinn ber á hinum eyðandi loftslagsbreytingum. Um leið er mikilvægt að þessi hópur gefist ekki upp í baráttu sem er upp á líf og dauða fyrir mannkynið.



Eyðingin vegna loftslagsbreytinga mun verða meiri og dauðsföllin fleiri.

Tilboð óskast

í þrjú sumarhús til brottflutnings

Til sölu eru þrjú sumarhús til brottflutnings. Húsin eru timburhús á einni hæð um 52 fm, hvert hús er stofa, borðstofa, eldhús, baðherbergi og þrjú svefnherbergi, ásamt geymslu um 4 fm, palli, verönd og heitum potti. Húsin seljast í því ástandi sem þau eru nú og má bjóða í hvert hús fyrir sig.

Húsin eru staðsett í landi Munaðarness í Borgarfirði og má skoða þau í samráði við umsýslarmann svæðisins Sigvalda Jónasson 833-6949 húsin skulu fjarlægð í síðasta lagi 20. september n.k. og skal kaupandi gera það á sinn kostnað.


Tilboðum skal skila til skrifstofu Sameykis stéttarfélag í almannabjónustu, Grettisgötu 89 fyrir kl. 14.00 föstudaginn 30. ágúst 2019. Frekari fyrir spurnir má senda á sameyki@sameyki.is

Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.



SAMEYKI
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNABJÓNUSTU

Halldór



Frá degi til dags

Jákvæður orkupakki

Þó að flestir dæsi eða reki upp harmakvein þegar þriðja orkupakkinn ber á göma má ekki gleyma öllum þeim jákvæðu áhrifum sem hann hefur nú þegar haft á samfélagið. Orkupakki er ekki lengur slangur yfir eitthvað sem tekið er upp í laumi á salernum skemmtistaða. Hann hefur hrist upp í íslenskum stjórnmálum. Drengar verða nýjar átakalínur í stjórnmálum og fylkingar flokka kunna að sameinast. Að ógleymdri stóru aukinni norrænni samvinnu. Orkupakkinn hinn þriðji hefur haldið öllum þjóðernissinum og popúlísum uppteknum í marga mánuði í fundahöldum og mótum. Þeir láta þá annað vera á meðan. Sá þriðji hefur stutt við íslenskt prentverk. Nýjasta dæmið er útgáfa skýrslu upp á lítil 35.076 orð. Án grins.

Sett í nefnd

Svo má ekki gleyma áhrifum orkupakkans á hreyfingu landsmanna. Eins og bíleigendur í miðborginni hafa tekið eftir þá hafa galvaskir andstæðingar plantað dreifibréfum á bílrúður. Það varð þó ekki til að málið yrði tekið upp í samgöngunefnd Alþingis. Málið var þó tekið upp í atvinnuveganefnd, sem fundar með orkupakkaandstæðingum í dag. Miðað við hvernig orðræðan hefur verið þá er næsta víst að velferðarnefnd taki málið upp. arib@frettabladid.is

Hver níðist á neytendum?



Ólafur Arnarson
hagfræðingur og fv. formaður Neytendasamtakanna

Sigmar Vilhjálmsson, nýr talsmaður FESK, Félags eggja-, svína- og kjúklingabænda, gagnrýndi á dögnum harðlega innflytjendur á landbúnaðar-afurðum.

Honum finnst skritið að verið sé að flytja inn vörur í „sama gæðaflokki“ og við Íslendingar getum framleitt sjálfir. Hver metur þessi gæði? Á að setja á fót Gæðaráð ríkisins sem ákveður hvað má flytja inn og hvað ekki? Á að banna allan innflutning á Parma-skinku ef Ali býður upp á vöru með sama nafni? Er þetta örugglega sama varan? Er ekki betra að láta neytendur um að meta gæði vörunnar?

Þá sakar Sigmar innflytjendur um að hirða sjálfir allan ábata af tollfrjálsum innflutningi matvæla í stað þess að láta ábatann renna til neytenda. Innflytjendur flytji inn lélega vöru og það sé innanlandsframleiðslan sem haldi uppi gæðum á matvælum. Hann segir innflytjendur ávaxta kaupa annars flokks vöru og selja á fyrsta flokks verði því ávextir séu ekki framleiddir hér á landi.

En hverjir níðast svona á íslenskum neytendum? Jú, í ljós kemur að félagsmenn í FESK flytja inn tæp 90 prósent tollkvótans af svínakjöti og helming kvótans af alifuglakjöti. Það eru sem sagt hans eigin félagsmenn sem níðast á neytendum.

Og hverjir flytja inn ávextina? Einn stærsti innflytjandinn er Mata, systurfélag kjúklingaframleiðandans Matfugls og svínakjötsframleiðandans Síldar og Fisks (Ali) og aðili að FESK. Mata fær kaldar kveðjur frá eigin talsmanni.

Í framhaldi af þessu væri líka áhugavert að fá svör við því hvers vegna fyrirtæki innan FESK hafa ekki látið neytendur njóta endurgreiðslna frá ríkinu á ólög-mætum gjöldum sem innheimt voru vegna útboða á tollkvótum á árunum 2009-2013. Í kjölfar niðurstöðu Hæstaréttar um að gjaldtaka vegna útboða tollkvóta væri ólögleg endurgreiddi ríkið innflytjendum næstum 800 milljónir árið 2016. Drjúgur hluti þeirrar fjárhæðar rann til fyrirtækja innan FESK. Í hvaða vasa fóru þeir peningar? Ekki til neytenda, svo mikið er víst.



Í hvaða vasa fóru þeir peningar? Ekki til neytenda, svo mikið er víst.

ESB og Ísland – Þjóðaratkvæða-greiðsla um aðildarviðræður



Guðjón Viðar Valdimarsson
viðskipta-
fræðingur

Þar sem maður var staddur í sumarfríi á Ítalíu þá tók maður eftir því að matarverð er um það bil helmingi lægra en heima á Íslandi. Það sama hefur maður séð varðandi vexti af íbúðarhúsnæði en þeir eru einnig helmingi lægri þar en á Íslandi. Þá vaknar ávallt upp þessi spurning hjá mér og sennilega flest öllum öðrum Íslendingum á ferðalögum: Hvers vegna er það?

Svarið er í raun einfalt, við erum ekki í ESB. Við erum í EES og þó það tryggi okkur aðgang að innri markaði ESB þá tryggir það okkur ekki fullan ávinning í formi lækk-aðs matarverðs og vaxta. Værum við aðilar að ESB og með evru sem gjaldmiðil þá værum við að njóta þessa ávinnings til jafns við aðra borgara ESB. Þetta er svona einfalt.

Með EES-samningnum var komið á fót sameiginlegu efnahagssvæði sem byggist á frjálsum vöruflutningum, frjálsri för launafólks, frjálsri þjónustustarfsemi og staðfesturétti, ásamt frjálsum fjármagnshreyfingum (fjórþætta frelsið). Til þess að þetta fyrirkomulag virki þá þurfa allir að spila eftir sömu reglum innan

þessa sameiginlega innri markaðar ESB/EES. Af samningnum leiðir því að okkur ber að innleiða inn í íslenska löggjöf allar þær reglur sem hafa verið samþykktar á vettvangi EES-samstarfsins. Þess ber að geta að þetta á einungis við þær reglur ESB sem varða gildissvið EES-samnings. Samkvæmt upplýsingum á vef Stjórnarráðsins varðandi samning um Evrópska efnahagssvæðið þá hafa 13,4% af þeim lögum og reglum sem ESB hefur samþykkt frá árinu 1994 til ársloka 2016 verið tekin upp í EES-samninginn.

Það er því ljóst að við erum ekki að „gúmmistimpla“ öll lög og reglur ESB og þannig framselja fullveldi okkar. Við erum aðilar að alþjóðlegum samningi og þess vegna þurfum við að taka upp ákveðna þætti löggjafar ESB sem falla undir gildissvið EES. Hins vegar þýðir þetta jafnframt að værum við ekki að taka upp þessar reglur þá mundum við ekki lengur vera aðili að þessum samningi og þar liggur kjarni málsins. Umræðan um þennan þriðja orkupakka er gott dæmi um þetta. Þar sem við erum aðilar að þessum samningi þá verðum við að innleiða þennan orkupakka og ef við gerum það ekki þá erum við í raun að segja upp EES-samningnum í heild sinni. Þetta er svona svipað og að vera á móti hita en ekki kvefi þ.e.a.s. einkennum sjúkdóms en ekki sjúkdómnum sjálfum.

Þessi ESB-mál eru að kljúfa heilu flokkana í herðar niður og þetta



Væri ekki ráð að við leystum úr þessum málum á sama hátt, með þjóðaratkvæða-greiðslu?

byggist allt á þessari grundvallar-spurningu: Viljum við vera hluti af ESB eða ekki? EES-samningurinn tryggir okkur nánast allt það sem slík aðild hefði í för með sér en þó ekki þann hluta sem hefði best gildi fyrir lífskjör almennings í landinu. Sá hluti kjósenda sem er á móti ESB/ESS hefur auðvitað rétt á sinni skoðun en þá væri hreinlegast að segja það bara beint út. Ég er hins vegar nokkuð viss um að sá hluti kjósenda vildi gjarna fá niðurstöðu í þessi mál og það er augljós leið til þess.

Í fyrsta lagi þyrfti að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um að fela stjórnvöldum að halda áfram/hefja aðildarviðræður við ESB eða segja upp EES-samningnum. Það væru þessir tveir kostir sem væri kosið um og aðeins þannig fengjum við niðurstöðu í þetta mál til frambúðar.

Nú hafa Norðmenn kosið tvisvar um og hafnað aðild að ESB, Bretar hafa kosið að yfirgefa ESB og í báðum tilvikum hefur vilji þjóðarinnar verið virtur af stjórnvöldum. Væri ekki ráð að við leystum úr þessum málum á sama hátt, með þjóðaratkvæðagreiðslu?

Spennandi skólaþróun



Skúli Þór Helgason
formaður
skóla- og
frístundaráðs
Reykjavíkur



Menntastefnan markar tímamót með áherslu á alhliða menntun og þroska nemenda.

Ný menntastefna Reykjavíkur-borgar var samþykkt samhliða í borgarstjórn fyrir nokkru og er innleiðing hennar hafin. Stefnan byggir á skýrri forgangsröðun með áherslu á ákveðna hæfniþætti sem leggja grunn að alhliða menntun og þroska nemenda. Þar ber hæst félagsfærni, sjálfsefningu, sköpun og heilbrigði auk læsis.

Það er ekki nóg að móta stefnu, stóra verkefnið er að hrinda henni í framkvæmd og fyrsti afganginn felur í sér stóraukna áherslu á skólaþróun með nýjum fjárveitingum til allra leikskóla, grunnskóla og frístundamíðstöðva borgarinnar svo þeir geti hafið innleiðingu stefnunnar. Við tryggjum rúmlega 170 starfsstöðvum fjármagn til skólaþróunarverkefna úr nýsköpunar- og þróunarsjóði menntastefnunnar: Látum draumana rætast. Það er mikil aukning frá því sem áður var, úr 40 milljónum í fyrra er sú fjárhæð hækkuð í 200 milljónir til að undirstrika hve mikla áherslu við viljum leggja á metnaðarfullt þróunarstarf sem lið í að efla fagmennsku, starfsþróun og gæði í skóla- og frístundastarfi borgarinnar.

Sérstök áhersla er lögð á fjölbreytt samstarfsverkefni og hlutu 18 slík verkefni samtals 50 milljónir

króna í úthlutun skóla- og frístundaráðs fyrir í sumar. Hæstu einstöku styrkina fengu Fab lab verkefnið Skapandi námssamfélag í Breiðholti; Austur-Vestur, sköpunar og tæknismiðjur grunnskóla í þremur hverfum borgarinnar, það þarf heilt þorp sem byggir á samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs um félagsfærni og sjálfsefningu og Leikur, styðjandi samskipti og lærdómssamfélag, samstarfsverkefni sex leikskóla sem dreifast um borgina, í samstarfi við Rannung. Þá má nefna verkefnið Útivist og útinám í Grafarvogi með þátttöku allra frístundahemila í hverfinu.

Menntastefna Reykjavíkur er leiðarljós borgarinnar í menntamálum til 2030. Stefnan byggir á traustum grunni aðalnámskrár og Barna-sáttmálans og hún markar tímamót því hún var mótuð af þúsundum einstaklinga sem bera hita og þunga hins daglega skóla- og frístundastarfs: nemendum, kennurum, skólastjórnendum, öðru fagfólki að ógleymdum foreldrum og almennungi. Það er verkefni okkar stjórnmalamanna að skapa umgjörð sem tryggir markvissa og árangursríka innleiðingu menntastefnunnar og við munum gera það og byggja áfram á þeirri góðu samstöðu sem náðst hefur um þetta mikilvæga verkefni.

Volkswagen Caddy.

Vertu klár fyrir veturinn.

Tilboðsverð.

Framhjóladrifinn 2.690.000 kr.

Fjór hjóladrifinn 3.790.000 kr.

Einn vinsælasti atvinnubíll á Íslandi undanfarin ár. Áreiðanlegur, öruggur og fæst í tveimur lengdum, fjór hjóladrifinn og í fjölda útfærslna.



Atvinnubíllar



Orkupakkinn á Íslandi og fréttir frá Belgíu



Sigurður Páll Jónsson
alþingismaður
Miðflokksins

Síðan þriðji orkupakkinn var tekinn til umræðu á Alþingi hefur mikill tími farið í að ræða þann fyrirvara sem ríkisstjórnin segist ætla að setja á innleiðinguna. Með fyrirvaranum verða reglugerðir orkupakkans innleiddar en gildistöku hluta þeirra frestað, þ.e. þeirra sem gætu farið á svig við stjórnarskrána. Þótt það megi vissulega deila um hvort slíkur fyrirvari hafi eitthvert gildi þá má jafnframt benda á að innleiðingin er ekki eins og hún á að vera og því má búast við að Eftirlitsstofnun EFTA hafi eitthvað út á það að setja.

Í þessu samhengi er rétt að skoða nýlegar fréttir af þeirri málsókn sem á sér stað gegn stjórnvöldum í Belgíu. Ástæðan fyrir því að þessi málsókn er áhugaverð er sú að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins höfðar málið og hún gerir það sökum þess hvernig stjórnvöld þar í landi stöðu að innleiðingu þriðja orkupakkans. Framkvæmdastjórnin segir sem sagt að innleiðingin á tveimur af reglugerðum í orkupakknum (2009/72/EB og 2009/73/EB) hafi ekki verið framkvæmd á réttan hátt.

Þrátt fyrir þessa miklu samsvörnun milli þessara tveggja atburða, ófullnægjandi innleiðingu á þriðja orkupakknum á Íslandi sem og í Belgíu, þá virðist ríkisstjórnin harla róleg. Það má segja að það vekur furðu því nú hefur hver lögspækingurinn á fætur öðrum bent á hversu hættuleg braut þetta sé. Ekki einvörðungu í ljósi þess að einhliða fyrirvari af Íslands hálfu sé gagnslaus og því sé ekki hægt að koma í veg fyrir sæstreng eftir að þriðji orkupakkinn hefur verið innleiddur.



Það er ábyrgðarhluti að stjórna heilu landi og vissulega er mikilvægt að setja á sig bæði belti og axlabönd, sérstaklega þegar kemur að háum fjárhæðum sem Ríkissjóður Íslands gæti þurft að standa straum af.

ur, heldur leikum við okkur einnig að eldinum varðandi innleiðinguna og getum átt von á samningsbrotamáli gegn Íslandi og að öllum líkindum skadabótamáli.

Nú þætti mér fróðlegt að fá frekari upplýsingar um hvort ríkisstjórnin hafi látið leggja mat á hverjar skadabæturnar yrðu ef svo illa vill til að sótt verði samningsbrotamál gegn landinu eftir þá hálfkaks innleiðingu sem nú er lagt upp með. Hefur það ef til vill ekki verið kannað? Það er ábyrgðarhluti að stjórna heilu landi og vissulega er mikilvægt að setja á sig bæði belti og axlabönd, sérstaklega þegar kemur að háum fjárhæðum sem Ríkissjóður Íslands gæti þurft að standa straum af. Því er ég hissa á þessu öllu saman.

Ég er hissa á því að ríkisstjórnin loki eyrunum gagnvart efasemdarröddum úr samfélaginu, löglærðum og sérfróðum, í stað þess að kanna málin ofan í kjölinn og tryggja að ekki sé lagt af stað í háskaför. Við verðum auðvitað að geta treyst stjórnvöldum landsins en miðað við það sem á undan er gengið þá er ekki laust við að efasemdirnar séu byrjaðar að naga mann því erfitt getur reynst að spá fyrir um hvað sé fram undan. Það versta er að ég er ekki viss um að ríkisstjórnin viti það heldur.

Hið Góða og hið Illa í pólitískum skilningi – aftur



Þór Rögnvaldsson
heimspækingur

Formáli: Þann 3. júní birtist í Fréttablaðinu grein eftir mig sem var svo tyrfin og leiðinleg að varla nokkur manneskja treysti sér til að lesa þau ósköp. Ég ætla því að gera nýja tilraun og reyna að koma inntakinu til skila á mannamáli.

Samkvæmt Hegel – sem var þýskur heimspækingur á 19. öld – er hægt að tala um tvö félagsleg meginöfl sem eru – eftir atvikum – annars vegar hið Góða og hins vegar hið Illa. Þessi tvö meginöfl eru annars vegar Ríkisvaldið og hins vegar Ríkið. Þannig er t.d. auðsætt að í hugum sumra er Ríkisvaldið hið Góða. Ríkisvaldið er afrakstur af starfi allra og endurspeglar þannig almennt eðli einstaklinganna. Auk þess er Ríkisvaldið förnúfúst og styður einstaklingana – háa sem lága – í lífsbaráttunni. Frá þessu sjónarmiði er Ríkið hið Góða. Ríkið ætlað að gera hið Illa, vegna þess að það er sundrunarafi sem stuðlar að eigingirni og einstaklingshyggju þar sem einstaklingarnir stunda það helst að skara eld að eigin köku.

En það er ekki bara ein hlið á þessum málum. Þannig er enn fremur auðsætt að í hugum annarra er það einmitt Ríkið hið Góða. Ríkið ætlað – auðæfi einstaklinganna – þjónar nú því markmiði að gera einstaklinginn að því sem hann er: mennsk vera. Ríkið ætlað gerir þannig einstaklingunum kleift að þroska gáfur sínar og njóta tilverunnar. Frá þessu sjónarmiði hins vegar gerir Ríkisvaldið ekki annað en að hefta einstaklingana og setja skorður við athafnafrelsi þeirra. Frá þessu sjónarmiði er Ríkisvaldið því hið Illa.

Hitt er svo annað mál að við í nútímanum þurfum ekki að leita á náðir heimspækingar til þess að átta okkur á þessum hugtökum. Staðreyndin er nefnilega sú að við þekkjum mæta vel úr nánnum félagslegum veruleika það ástand á hlutunum þar sem hinir andstæðu pólar – meginöflin tvö – eru í fyrirrími. Ég er auðvitað að tala um þann félagsveruleika 20. aldar þar sem annars vegar kommúnisminn og hins vegar kapitalisminn ríktu. Frá sjónarhorni kommúnismans var Ríkisvaldið hið Góða og Ríkið hið Illa; frá sjónarhorni kapitalismans var þessu öfugt farið.

Þessi öfgafulli félagslegi veruleiki 20. aldar var að sjálfsögðu heimur á villigötum vegna þess að hvort viðhorfið um sig útilokaði hitt: kommúnisminn útilokaði þá einstaklingshyggju sem hafði Ríkið ætlað að markmiði; kapitalisminn útilokaði þá félagshyggju sem hafði Ríkisvaldið að markmiði. Hvort viðhorfið um sig var þannig einhliða, var einskona, „annaðhvort – eða“ ástand: hafði annaðhvort Ríkisvaldið eða Ríkið ætlað að leiðarljósi.

Við hins vegar – við Íslendingar á okkar dögum – við vitum hver sannleikurinn er í þessu máli: Við vitum að sannleikurinn er ekki í formi tvíhyggjunnar sem aðskilur meginöflin tvö; við vitum að sannleikurinn er ekki í „annaðhvort – eða“ formi, heldur í forminu „bæði – og“.

Bæði Ríkisvaldið, sem þjónar almennum þörfum einstaklinganna, sem og Ríkið ætlað sem er afrakstur af óheftu efnahagslífi, er hið Góða. Þetta er auk þess kerfi sem við Íslendingar þekkjum mjög náið því að þetta er það blandaða hagkerfi sem einkennir velferðarsamfélagið sem fest hefur rætur á hinum Norðurlöndunum öllum – og að nokkru leyti líka hér á Íslandi.

Staðreyndin er sú að Íslendingar vilja velferð þar sem t.d. sjúkrahúsum, skólum, vegakerfinu – og almennt séð innviðum landsins



Sumir ganga með þá flugu í hausnum að kapitalisminn hafi sigrað í kalda stríðinu. Samt er það svo að kapitalisminn er ekki síður á villigötum heldur en kommúnisminn.

– er sinnt. Samt kjósa Íslendingar yfir sig trekk í trekk – og raunar nánast alltaf – stjórn málafl sem er á villigötum. Sjálfstæðisflokkurinn er á villigötum – og fer ekki í grafgötur með það – vegna þess að hugsjón hans er einhliða. Sjálfstæðisflokkurinn leggur megináherslu á einstaklinginn og ríkið hans – hyglar hinum sterkari – en sinnir ekki þörfum þeirra sem minna mega sín nema með hangandi hendi. Sjálfstæðisflokkurinn hefur tekist að koma í veg fyrir að raunverulegt velferðarkerfi nái að dafna hér á landi.

Eins hvað ástandið á heimsvísu varðar. Sumir ganga með þá flugu í hausnum að kapitalisminn hafi sigrað í kalda stríðinu. Samt er það svo að kapitalisminn er ekki síður á villigötum heldur en kommúnisminn. Kapitalisminn nefnilega er hjartalaus og nærast á græðgi einstaklinganna en sinnir ekki þjóðarhag. Framundan biða mannskyns risastór útlausnarefni – sem kalla á einingu og samhug allra jarðarbarna – svo sem baráttan gegn mengun og náttúruspjöllum sem og baráttan gegn vopnuðum átökum og fyrir friði. Ef okkur jarðarbörnum á að takast að leysa þessi risastóru úrlausnarefni verður okkur að takast að losa okkur við kapitalismann – sem og einhliða hugsunarhátt hans.

Þing og þjóð



Kristján Hreinsson
heimspækingur
og skáld

Hér vil ég strax taka það fram að álit mitt á Alþingi Íslendinga er í dag minna en nokkru sinni fyrr. Og var það þó afar takmarkað frá fyrstu tíð. Ég hef jafnan séð obba þingmanna sem meðalskussa sem ramba borubrattir inn á þing, læra þar að þiggja bitlinga og fara svo eftir þingsetu ýmist í störf á vegum stjórnvalda eða á atvinnuleysisbætur, þar eð þeir hafa sýnt af sér þann þokka sem fæstir vilja tengja sig við.

Við eigum þingforseta sem hefur nær alla sína ævi þurft að fá ríkisstyrk til að ná andanum, mann sem þykist vera félagshyggjugóð, en er í raun ekkert annað en strengjabrúða auðmagnseigenda, snikjudýr og þurfallingur. Við eigum fjármálaráðherra sem hefur leynit og ljóst stundað athæfi sem ekki má sjá dagsljós. Þar eigum við mann sem neitar að svara til saka, neitar að birta gögn, skreytir og skákar á skjóli valds. Við eigum forsætisráðherra sem gerði fátt annað í ára raðir en að gagnrýna sjálfstæðismenn og framsoðnarmenn sem forhert hyski. Og

sá sér svo þann besta leik í stöðunni að opna faðm sinn fyrir hrunverjum og leyfa þeim áfram að njóta ylsins af kjötkötlunum. Að leggjast undir íhald og framsókn var leiðin sem sýndi okkur hve algjör samtryggingin er hjá stjórnarelitunni.

Nær undantekningalaust eru verðandi þingmenn afar gjafmildir á loforð, þeir láta vaða á súðum og ríða róftum en síðan eiga þeir náðuga daga á þingi, þar sem þeir starfa helst við að svikja gefin loforð.

Nú er það svo, að vegna þess að ég hef lengi fengist við að yrkja, þá hefur það komið fyrir að þingmenn úr ýmsum flokkum hafa óskað eftir aðstoð minni, þegar þeim hefur verið boðið að flytja ræðu í bundnu máli í þingveislu. Þeir fylla eflaust tuginn sem minnar aðstoðar hafa notið, þótt sjaldnast hafi hið bundna mál ratað í veislu nema þá undir nafnleyn.

Í seinni tíð er sjaldgæft að þingmenn biðji um liðveislu mína. En skýringarinnar er mér sagt að sé að leita í því að ég hef verið of sannorður í skrifum mínum um þingheim. Þó gerðist það að ónafngreind þingkona úr röðum stjórnarandstöðunnar leitaði til mín fyrir ekki svo alltof löngu. Hún vildi fá mig til að yrkja fyrir sig efni sem hún ætlaði að flytja í þingveislu. Ég sagðist geta það. En þegar gagnrýni mín og viðleitni til að segja sannleikann var rædd, þótti konunni sem ég færi yfir strikið. Hún sagði mér að þetta ætti



allt að vera bara vingjarnlegt grín. Hún sagði mér reyndar að staðan væri jafnan sú, að á Alþingi væru allir þingmenn vinir.

Þegar þessi augljósa staðreynd kom upp úr hatti þingkonunnar, var ljóst að minnar aðstoðar myndi ekki vera óskað.

Þessi skrif mín um þingheim, ráðamenn, þingveislur og bundið mál, kalla fram í kalli mínum nafn ágæts manns, sem lengi ritaði afar hvassa gagnrýni á stjórnvöld áður en hann fór inn á þing. Og það sem meira er hann ritaði í hverri viku pistil akkúrat í þetta blað, Fréttablaðið. Hann benti margsinnis á meinsemdir og ekki er annað hægt en hrósa honum

eilíflega fyrir frábær skrif. Afar slunginn penni og stílvopnin fjölmörg léku í höndum hans einsog spil í höndum tóframanns. Sá kunni að segja flörmokurum framsóknar og auðsöfnunum íhaldsins til syndanna. Sá gat nú aldeilis látið dreyrann leka af oddi pennans. Hann var sverð og skjöldur, hann var prinsinn á hvíta hestinum sem frelsaði okkur undan oki lygginnar, gunnfáni sannleikans var í höndum hans. En núna er hann á þingi og þar er hann innmúraður þagnarmeistari, rétt einsog allir hinir hlýðnu rakkarnir. Hann er núna einsog fólkið sem leyfir sér kannski þann munað að gera góðlátlegt og vinalagt grín að hinni sið-



Nær undantekningalaust eru verðandi þingmenn afar gjafmildir á loforð, þeir láta vaða á súðum og ríða róftum en síðan eiga þeir náðuga daga á þingi, þar sem þeir starfa helst við að svikja gefin loforð.

blindu hjörð sem Íslandi stjórnar. Þar var á ferðinni rithöfundur sem ég hef lengi haft mætur á og mun eflaust áfram virða sem merkan höfund.

Fyrir síðustu kosningar var einn maður sem ég mærdi, einn maður sem ég vonaði svo sannarlega að kæmist inn á þing til að hræra í svínasultunni og hrista upp í hinni daunillu ládeyðu. Ég vildi fá Guðmund Andra Thorsson á þing. Ég hafði þá skoðun að hann myndi verða fylginn sér og láta svikarana, þjófana og lygarana finna til tevatnsins. Ég trúði því að hann myndi breyta miklu. Og vissulega breytti hann miklu, því honum tókst að breyta skoðun minni.

Þjóðin hátt vill hrópað fá svo hriktir vel í sperrum en þeir sem inn á þingið ná þjóna sínum herrum.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

ÁSKRIFT AÐ SNILLD

2019/2020

Dagskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands á nýju starfsári er afar fjölbreytt og spennandi. Áskrift er besta leiðin til þess að tryggja sér öruggt sæti með 20% afslætti.

Sala nýrra áskrifta- og Regnbogakorta er hafin á sinfonia.is og í miðasölu Hörpu.



TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :

GAMMA

Rasismi fær rauða spjaldið

Í skýrslu Kick It Out samtakanna fyrir tímabilið í fyrra fjölgaði tilfellum um kynþáttanið gegn leikmönnum um 43%. Þrisvar strax í upphafi tímabilsins var grófu kynþáttaniði beint að þeldökkum leikmönnum. Ekki nóg að klæðast bolum, segir Raheem Sterling. Twitter vill fund með samtökunum.

FÓTBOLTI Paul Pogba, leikmaður Manchester United, varð fyrir kynþáttaniði á samfélagsmiðlum eftir að hann klikkaði á vitaspyrnu gegn Úlfunum á mánudag. Félagið fordæmdi hegðunina og leikmenn, víða um Evrópu, skrifuðu stuðningsfirlýsingar á sömu samfélagsmiðlum til Pogba. Þá gaf félagið út yfirlýsingu þar sem hegðunin var fordæmd. „Einstaklingarnir sem eru með þessi viðhorf endurspeglar ekki gildin hjá okkar frábæra félagi og það er gott að sjá að stór hluti stuðningsmanna fordæmir þetta á samfélagsmiðlum,“ sagði meðal annars í yfirlýsingunni.

Harry Maguire, varnarmaður Manchester United, sagði að Instagram og Twitter yrðu að fara breyta reglunum hjá sér. Þetta gengi ekki lengur. „Stoppið þessi ómurlegu nettröll sem búa til fjölmarga aðganga til að senda ómurleg skilaboð til fólks,“ skrifaði hann meðal annars á Twitter. Manchester United er að reyna að finna sökuðólga en það getur reynst þrautin þyngri enda sigla vitleysingarnir undir fölsku flaggi á nafnlausum aðgöngum. Twitter hefur skýrar reglur um hatursfull skilaboð en það er auðvelt að komast fram hjá þeim eins og dæmin sanna. Marcus Rashford sagði einfaldlega: „Nú er nóg komið. Þetta þarf að enda,“ og merkti Twitter.

Múslimahatur jókst mest

Þrátt fyrir að tímabilið sé nýbyrjað er viðbjóðslegur rasismi þegar búinn að koma þrisvar við sögu, svo vitad sé. Fyrst var það þegar Tommy Abraham, leikmaður Chelsea, klikkaði á vitaspyrnu gegn Liverpool í leiknum um ofurbikarinn í síðustu viku og Yakou Meite, leikmaður Reading, þurfti að þola heimskuleg ummæli um sig eftir vítaklúður með Reading í vikunni.

Á opunardegi Championship-deildarinnar sögðu fjórir leikmenn frá kynþáttaniði og móðgunum sem þeir og fjölskyldur þeirra urðu fyrir. Varla leið sú leikvika á síðasta tímabili að rasismi og fordómafull hegðun kæmi ekki við sögu.

Í skýrslu Kick it Out samtakanna, sem berjast gegn kynþáttaniði í enskum fótbolta, fyrir síðasta tímabil sem kom út í lok júlí segir að rasismi á völlum á Englandi hafi aukist um 43 prósent. Múslimahatur jókst mest eða um heil 75 prósent. Alls voru 422 atvik skráð, þar af 109 í yngri flokkum og fjölgaði þeim um 32 prósent. Knattspyrnu-samband Englands hefur gefið það út að það sé að vinna hörðum höndum að úrbótum.

Twitter vill viðræður

Troy Townsend, frá Kick It Out, sagði í vikunni við Sky-fréttastofuna að forsvarsmenn frá Twitter vildu setjast niður með samtökunum og skoða hvað sé hægt að gera. „Það er allavega byrjunin og eitthvað sem við höfum viljað gera lengi. Vonandi kemur eitthvað út úr þeim viðræðum,“ sagði hann. Í viðtalinu kom einnig fram að enska úrvalsdeildin, knattspyrnusambandið og ensku deildirnar leggi fram samanlagt 750 þúsund pund til að berjast gegn rasismi. Flestir eru sam-mála því að það sé alltof lág upphæð, miðað við margt annað. Launa hæsti



Leikmenn Liverpool og Tottenham fyrir leik liðanna í fyrra sýndu rasisma rauða spjaldið. Múslimahatur eykst gríðarlega í stúkunni á Englandi, eða um 75 prósent frá því sem það var fyrir einungis ári. NORDICPHOTOS/GETTY

159

tilvik voru skráð á samfélagsmiðlum á síðasta tímabili. Rasismi var skráður fyrir 62 prósentum tilfella.

Paul Pogba vildi fá að taka víti Manchester United gegn Úlfunum sem hann hafði fiskað sjálfur. Hann klikkaði og létu nettröll öllum illum látum í kjölfarið.



Nýleg tilvik

Bananahýði var kastað að Pierre-Emerick Aubameyang í nágrannaslagnum gegn Tottenham í desember eftir að hann skoraði. Raheem Sterling varð fyrir kynþáttaförðómum í leik gegn Chelsea. Félagið setti einn stuðningsmann í ævilangt bann. Tvö tilvik komu upp sömu helgina í Championship-deildinni í apríl, annars vegar í garð Duane Holmes og hins vegar Nathans Byrne. Troy Deeney, leikmaður Watford, varð fyrir kynþáttaniði á samfélagsmiðlum í sama mánuði. Ashley Young fékk holskeflu kynþáttaniðs yfir sig á sam-

félagsmiðlum í kjölfar taps Manchester United fyrir Barcelona í Meistaradeildinni.

Fordómar á Íslandi

Stutt er síðan Björgvin Stefánsson, leikmaður KR, var dæmdur í fimm leikja bann fyrir rasisk ummæli. Þórarinn Ingi Valdímars-son lét fordómafull ummæli falla í garð Ingólfs Sigurðssonar í leik Stjórnunnar og Leiknis í mars og var dæmdur í eins leiks bann. Þá varð Kristófer Acox, leikmaður KR í körfubolta, fyrir kynþáttaniði í leik liðsins við Tindastól í Domino's-deild karla í febrúar en gerandinn fannst ekki.

leikmaður deildarinnar, Alexis Sanchez, er með 505 þúsund pund í vikulaun.

„Við erum lítið góðgerðarfélag en við reynum eftir fremsta megni að gera það sem við getum. Ég er ekki einu sinni viss um að hver sem heyrir og sér mismunun á völlum á Englandi viti hvernig eigi að tilkynna það,“ sagði Roisin Wood formaður Kick It Out við BBC fyrr í sumar.

Raheem Sterling, sem er orðinn einn helsti talsmaður gegn rasisma, hefur látið hafa eftir sér að það þurfi að auka fjár-

munina í þessum málaflökki. „Við höfum stundum verið í bolum en það dugur skammt. Það þarf að gera meira.“

Fyrir tímabilið var það tilkynnt að hver sem mismunar öðrum leikmanni vegna húðlitar eða trúar hans fái sex leikja bann í ensku deildinni. FIFA tilkynnti nýja reglu og verða fordómafullir leikmenn settir sjálfkrafa í tíu leikja bann. Sá leikmaður sem er fundinn sekur um kynþáttaförðóma verður dæmdur í tíu leikja bann og fær minnst 16 þúsund pund í sekt.

benediktboas@frettabladid.is

Með pálmann í höndunum í kvöld

KÖRFUBOLTI Íslenska karlalandsliðið í körfubolta mætir Sviss í lokaleik H-riðils í undankeppni EuroBasket 2021 ytra í dag. Ísland er með örlogin í eigin höndum fyrir lokaleikinn og er stada íslenska liðsins afar vænleg enda má Ísland tapa með níttján stigum í kvöld en fara samt áfram á næsta og síðasta stig undankeppinnar.

Ísland vann fyrri leik liðanna með minnsta mun, 83-82, þar sem Martin Hermannsson tryggði Íslandi sigurinn með körfu á loka-sekúndu leiksins. Íslenska liðinu tókst vel að halda aftur af Clint Capela, stærstu stjörnu svissneska liðsins, og gaf öðrum leikmönnum liðsins færi á að stýra sóknarleiknum sem virtist ætla að verða Íslandi að falli. Minni spámann innan svissneska liðsins hittu vel og virtust ætla að skila liðinu yfir linuna þar til Ísland náði að snúa leiknum við



Ísland má tapa með 19 stigum en fer samt áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

með öflugum lokaspretti. Íslenska liðið er að reyna að komast í lokaleppni EuroBasket í þriðja skipti í röð og tryggir sig áfram á næsta stig undankeppinnar með sigri í kvöld eða tapi ef það verður með níttján stigum eða minna.

Í næsta riðli bíða Georgía, Finnland og Serbía. Georgía hefur þegar tryggt sér þátttökurétt á EuroBasket sem gestgjafi og stæði það því á milli Íslands, Finnlands og Serbíu að berjast um lausu sætin tvö í lokaleppinni. – kpt.

SUNSTAR
GUM
HEALTHY GUMS. HEALTHY LIFE.™

Tannlæknar mæla með GUM tannvörum

Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?

Fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum

SUNSTAR GUM Original White
FÖR STARKA OCH NATURLIGT VITA SVAR
FÖR STARKA OCH NATURLIGT VITA SVAR
FÖR STARKA OCH NATURLIGT VITA SVAR

ARTASAN
www.artasan.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 21. ágúst 2019

30. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



ROLEX
OYSTER PERPETUAL
DATEJUST 41

MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

Bútasaumur í borginni

Veitinga- og kaupmenn í borginni eru sammála um að ferli í borginni séu úrelt, tímafrek og ógagnsæ. Dæmi um að borgin sé einstaklega óliðleg við atvinnurekendur. Skipulags- og samráðsleysi við fyrirtækjæigendur í tengslum við framkvæmdir sé baggi á rekstri þeirra. » 8

Við fyrirtækjæigendur á framkvæmdasvæðum segi ég: „Hugur minn er hjá ykkur. Vonandi þraukið þið því miðborgin er jú dásamleg.“

Svarar Örn Svavarsson, eigandi hárgreiðslustofunnar Senter



»2 Fulltrúi ríkisins blessaði 150 milljóna starfslok

Fulltrúi Bankasýslunnar í stjórn Arion banka gerði engar athugasemdir við breytingar á ráðningarsamningi bankastjóra 2017. Var samþykkt samhljóða af stjórn bankans. Kostaði bankann 150 milljónir.

»4 Lögmannsstofurnar BBA Legal og Fjeldco sameinast

Tvær af stærri lögmannsstofum landsins hafa náð samkomulagi um að sameina krafta sína. Samruninn tekur gildi í haust. Samanlögð velta félaganna var tæplega 900 milljónir í fyrra.

»10 Hríðlækkandi verðbólga í kortunum

„Ef þetta meðaltal heldur næstu misserin þá gæti verðbólga á Íslandi endað í 1,0% inn í vorið 2020; langt undir verðbólgu markmiðinu,“ segir Birgir Már Haraldsson, sérfræðingur í markaðsviðskiptum hjá Arctica Finance, í aðsendri grein.

OAKLEY

20% AFSLÁTTUR AF OAKLEY í tilefni Reykjavíkumaraþons

Optical Studio
SMÁRALIND

Hlaupari: Arnar Pétursson

Baron með yfir tveggja milljarða hlut í Marel

Bandaríska sjóðastýringar-fyrirtækið Baron Capital Management, sem var stofnað af milljarðamæringnum Ron Baron, keypti um hálf prósent eignarhlut í Marel í hlutafjárútboði félagsins sem lauk í júní. Þetta má lesa út úr nýju árs hlutauppgjöri bandaríska félagsins en í lok júní átti sjóðurinn Baron Growth Fund, sem er stýrt af Ron Baron, rúmlega 4,1 milljón hluta í Marel og er markaðsvirði þess eignahlutar í dag um 2,4 milljarðar íslenskra króna.

Í fréttabréfi til sjóðsfélaga Baron Capital er sérstaklega víkið að fjárfestingu sjóðsins í Marel og þeim tækifærum sem sjóðsstjórar telja að Marel standi frammi fyrir. Þannig búast þeir við því að EBIT-framlegð fyrirtækisins muni halda áfram að aukast samhliða sterkum tekjuvexti. Á það er bent að hlutfall EBIT-framlegðar af sölu á búnaði sem er notaður til vinnslu á kjúklingi sé nú um tuttugu prósent að meðan hlutfallið sé um tíu prósent í öðru kjöti og fiski. Vænta þeir þess að framlegðin í kjúklingi muni batna enn frekar og að afkoman í kjöti verði að lokum sambærileg og í kjúklingi.

Baron Capital er með eignir í stýringu að jafnvirði um þrjátíu milljarða Bandaríkjadala. Í nýafstöðnu

443

milljarðar króna er markaðsvirði Marel í dag. Hlutabréfaverð félagsins hefur hækkað um liðlega 55 prósent frá áramótum.

hlutafjárútboði Marel, sem var efnt til samhliða skráningu félagsins í kauphöllina í Amsterdam í júní, voru 100 milljónir nýrra hluta seldar á geginu 3,7 evrur á hlut, jafnvirði um 51 milljarðs króna á núverandi gengi. Frá skráningu á markað í Hollandi hefur hlutabréfaverð Marel hækkað um liðlega fjórtán prósent og er markaðsvirði félagsins í dag um 443 milljarðar króna.

Fjöldi alþjóðlegra fjárfesta í hluthafahópi Marel hefur margfaldast frá því í ársbyrjun 2018. Samanlagður eignarhlutur þeirra í félaginu hefur þannig aukist á tímabilinu úr þremur prósentum í um þrjátíu prósent.

Ronald Baron, stofnandi og framkvæmdastjóri Baron Capital.



Höskuldur Ólafsson lét af störfum sem bankastjóri Arion banka í apríl síðastliðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Bankasýslan blessaði 150 milljóna starfslok

Fulltrúi Bankasýslunnar í stjórn Arion banka gerði engar athugasemdir við breytingar á ráðningarsamningi þáverandi bankastjóra sumarið 2017. Var samþykkt samhljóða af stjórn bankans. Kostaði bankann 150 milljónir í starfslokagreiðslur til Höskuldur Ólafssonar.

Fulltrúi Bankasýslu ríkisins í stjórn Arion banka gerði engar athugasemdir við þær breytingar sem gerðar voru á ráðningarsamningi Höskuldur Ólafssonar, þáverandi bankastjóra, um mitt ár 2017 og samþykktar af stjórn bankans. Þær breytingar, sem tengdust annars vegar uppsagnarfresti og hins vegar samningi um starfslok, þýddu að bankinn þurfti að gjaldfæra hjá sér samtals 150 milljóna króna kostnað vegna launa og launatengdra gjalda þegar Höskuldur lét af störfum í apríl á þessu ári.

Höskuldur hefur neitað því að hann hafi verið rekinn heldur hafi hann sagt starfi sínu lausu.

Samkvæmt heimildum Markaðarins voru fyrrnefndar breytingar á ráðningarsamningi Höskuldur samþykktar samhljóða af öllum stjórnarmönnum bankans. Fulltrúi Bankasýslunnar í stjórn Arion

banka á þessum tíma var Kirstín Þ. Flygenring en stofnunin hélt þá utan um þrettán prósent hlut ríkisins í bankanum. Sá hlutur var síðan seldur til Kaupþings, sem þá var stærsti hluthafi bankans, í ársbyrjun 2018 fyrir um 23,4 milljarða króna.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, lét hafa það eftir sér í fjölmöldum í lok síðustu viku, spurður um starfslokasamning Höskuldur, að fyrir honum liti þetta út „sem ótrúlegt brúðl“.

Í svari til Markaðarins segir Arion banki að breyting á ráðningarsamningi Höskuldur hafi verið gerð þegar alþjóðlegt hlutafjárútboð og skráning bankans á markað á Íslandi og í Svíþjóð var í undirbúningi. Þetta hafi verið gert í kjölfar þess að þáverandi stjórnarformaður bankans, Monica Caneman, hafi stigið til hliðar.

„Markmiðið var að tryggja að bankinn nýti starfskrafta Höskuldur fram að hlutafjárútboði og skráningu og í framhaldi af henni. Fyrir lá að það hefði einfaldlega skaðað og tafið útboðs- og skráningarferli bankans ef mannbreytingar yrðu bæði á stöðu stjórnarformanns og bankastjóra svo skömmu fyrir fyrirhugaða skráningu. Miklir hagsmunir voru í húfi og mat sú stjórn sem þá sat það afar mikilvægt að tryggja nauðsynlegan stöðugleika með því að gera breytingar á ráðningarsamningi bankastjóra,“ segir í svari Arion.

Starfslok Höskuldur hafi verið að fullu í samræmi við þann samning sem gerður var við hann árið 2017 og samanstóð af uppsagnarfresti

13%

var eignarhlutur ríkisins í Arion banka þegar samningur um starfslok bankastjórans var samþykktur í stjórn bankans.

og samningi um starfslok. Bankinn viðurkennir að kjörin hafi „vissulega [verið] óvenjuleg en aðstæður voru óvenjulegar í ljósi skráningar bankans á markað og mikilvægis þess að stöðugleiki ríkti í þessum æstu stjórnunarstöðum bankans á þeim tíma.“

Ekkert varð hins vegar af fyrirhuguðum áformum um útboð og skráningu Arion banka haustið 2017 þegar ríkisstjórnarsamstarfi Sjálfstæðisflokks, Vðreisnar og Bjartrar framtíðar var slitið um miðjan september. Bankinn var að lokum skráður á hlutabréfamarkaði í kauphöllunum á Íslandi og í Svíþjóð í júní ári síðar.

Laun Höskuldur á árinu 2018 námu samtals 67,5 milljónum króna auk árangurstengdra greiðslna að fjárhæð 7,2 milljónir. Þær greiðslur komu hins vegar til vegna rekstrarárangurs á árinu 2017. Hagnaður bankans á síðasta ári dróst saman um nærri helming og nam tæplega 7,8 milljörðum. Arðsemi Arion banka á eigið fé var aðeins 3,7 prósent. hordur@frettabladid.is

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hörður Egiðsson hordur@frettabladid.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is


Ráðgjöf

Fræðsla

Forvarnir

“Doktor.is er ætlað að auðvelda aðgengi almennings að upplýsingum og ráðgjöf um heilsu, lífsstíl og forvarnir..”

Teitur Guðmundsson, læknir og ritstjóri doktor.is



Doktor.is

Allrahanda tapaði hálfum milljarði

Ferðapjónustufyrirtækið Allrahanda GL, sem rekur Gray Line og Airport Express, tapaði 517 milljónum á síðasta ári. Fyrirtækið á í viðræðum við viðskiptabanka sinn um endurskipulagningu lána.

Þetta kemur fram í nýbirtum ársreikningi félagsins. Tap Allrahanda jókst verulega á milli ára en það nam 195 milljónum árið 2017. Tekjur námu 3 milljörðum króna og drögust saman um 19 prósent. Rekstrargjöld námu hins vegar 3,4 milljörðum og drögust saman um tæp 14 prósent. Eignir félagsins námu 2,5 milljörðum króna í árslok 2018 og eigið féð 473 milljónum. Stærsti hluthafi Allrahanda með



Þórir Kjartansson, stjórnarformaður Allrahanda.

49 prósent hlut er fjárfestingarfélagið Akur og eru helstu hluthafar þess lifeyrissjóðir. Stofnendurnir Þórir Garðarsson og Sigurdór Sigurðsson eiga hvor 25 prósent hlut.

Í ársreikningi kemur fram að skammtímaskuldur hafi verið hærri en veltufjármunir í lok síðasta árs en um mitt árið fóru stjórnendur félagsins í endurskipulagningu á

rekstrinum til að jafna rekstrarhallann. „Sú vinna heldur áfram 2019 og mun koma til með að skila hagstæðari afkomu,“ segir í reikningnum.

Þá kemur fram að á þessu ári hafi hluthafar félagsins komið með auknið fjármagn og að samningar við viðskiptabanka félagsins um endurskipulagningu lána séu í vinnslu. „Það er mat stjórnaða þegar litid er til þeirra þátta sem áunnist hafa á árinu 2019 að framtíðarhorfur félagsins eru jákvæðar.“

Allrahanda og Reykjavík Sightseeing Invest tilkynntu í júlí að félögin hefðu sent Samkeppniseftirlitinu greinargerð um fyrirhugaða sameiningu. – þfh

Miklu meira en bara ódýrt



ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali

frá 4.995

Hjólafesting á bíl



8.995

Loftdæla OMEGA 12V 30L

Álskóflur



frá 1.999



Sonax hreinsivörur á frábæru verði



Háprýstidæla 1200W 100Bör
9.999



4.895

Viðgerðarbretti



Hjólattjakkur 2T m/tösku
3.795



Öflugar háprýstidælur 165Bör 2100W
22.999



Háprýstidæla 1400W 105Bör
14.999



6T Búkkar 605mm Par
9.999



frá 1.495
Startkaplar



4.995

Hleðslutæki 12V 6A

Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla



Ruslapokar 10,20,50stk

frá 395



Hjólbörur 100kg
4.999




Frábært úrval af dragböndum/ströppum



Laufahrifur
frá 999



frá 395
Ruslatínur



Skóflur
frá 995

Strákústar
685

Myndlistavörur í miklu úrvali



34.995

Verkfæraskápur á hjólum

59.995

Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum

Mikið úrval af verkfæratöskum

frá 795




Steðjar í miklu úrvali



7.995

1/2 Toppasett



3.995

1/4 Toppasett



Vice Multi angle
6.985



14.995

1/2+1/4 Toppasett Kraftmann 94stk



5.995

Verkfærasett 108 stk



4.985

Skrall-lyklar 8-17



13.995

Flísa sög 80mm

Scanslib Hverfisteinn

frá 19.995



9.999

Silverline LI-ion 18V hleðsluborvél 13mm



Fjölsög Höfftech

5.999



Rafmagnsvirtaliur í miklu úrvali



14.999

Hjólsög GMC 1200W



19.995

Súluborvél 350W (m/skrúfstykki)



16.995

Metabo KS216 bútsög



14.999

SDS Lofthöggvél GMC SDS vélar frá 9.999,-

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

Meiri einhugur um framtíðarstefnuna

Stjórnarformaður Brims segir að eftir sölu Gildis á stórum hlut í fyrirtækinu megi vænta þess að meiri einhugur verði í hluthafahópnum. FISK Seafood sjái tækifæri í aukinni sölustarfsemi í Asíu eins og Brim. Gildi heldur áfram að beita sér með virkum hætti.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Stjórnarformaður Brims segir að eftir sölu Gildis á stórum hlut í fyrirtækinu til FISK Seafood megi vænta þess að meiri einhugur verði í hluthafahópi sjávarútvegsfyrirtækisins um framtíðarstefnu þess. FISK Seafood, eins og Brim, sjái tækifæri í aukinni sölustarfsemi í Asíu.

Eins og Markaðurinn greindi frá í byrjun vikunnar keypti FISK-Seafood, dótturfélag Kaupfélags Skagfirðinga, nær allan 8,5 prósent hlut Gildis lífeyrissjóðs í Brimi, áður HB Grandi, fyrir um fimm milljarða. Fyrir eignarhlutinn í Brimi fékk Gildi meðal annars afhentan hluta af bréfum FISK-Seafood í Högum, en fyrirtækið átti samanlagt tæplega 4,6 prósent hlut í smásölurisanum.

„Mér finnst þessi sala í raun og veru rökrétt í ljósi þess að þeir voru ósáttir. Brim er á markaði til að fólk geti keypt og selt hlutabréfin að vild og það er ekki annað hægt en að virða þá ákvörðun hluthafa um að selja sig út,“ segir Kristján Davíðsson, stjórnarformaður Brims, í samtali við Markaðinn. Kristján kom inn í stjórn Brims í vor en hann var forstjóri og aðstoðarforstjóri fyrirtækisins á árunum 2003-2005.

„Í leiðinni verð ég að fagna því að fá sterkan aðila úr sjávarútveginum sem hefur mikla reynslu, þekkingu og skilning á því hvernig maður rekur sjávarútvegsfyrirtæki í útflutningi.“

Sala Gildis kemur í kjölfar þess að kaup Brims á sölufélögum í Japan, Hong Kong og Kína voru samþykkt á hluthafafundi félagsins síðustu viku. Seljandinn er UR sem er í eigu Guðmundar Kristjánssonar, stærsta hluthafa Brims. Gildi greiddi atkvæði gegn tillögum og hafði gagnrýnt hana í aðdraganda fundarins.



FISK Seafood er orðinn einn stærsti hluthafinn í HB Grandi eftir kaupin í fyrradag. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Mér finnst þessi sala í raun og veru rökrétt í ljósi þess að þeir voru ósáttir.

Kristján P. Davíðsson, stjórnarformaður Brims



Kristján leiðir líkur að því að ein af ástæðunum að baki því að FISK Seafood kom inn í hluthafahóp Brims séu tækifærin sem

felast í öflugu markaðsstarfi í Asíu.

„Það má gera sér í hugarlund að þeir sjái það sem styrkleika að Brim, til viðbótar við að vera sjávarútvegsfyrirtæki sem þeir þekkja og skilja, er eftir kaupin í mjög sterkri stöðu á mjög mikilvægum mörkuðum fyrir sjávarfang sem verða enn mikilvægari í framtíðinni,“ segir Kristján.

„Það er augljóst mál að Asíumarkaðir eru ekki bara stærstu sjávarfangsmarkaðir í heimi heldur felast þar einnig gífurleg tækifæri í framtíðinni og ekki síst vegna þess að Ísland er með fríverslunarsamning við Kína. Þetta eru fjölmennir markaðir og lífskjöravöxturinn hefur lyft hundruðum milljóna úr fátækt á skömmum tíma.“

Spurður um hvort hvarf Gildis og innkoma FISK Seafood auðveldi mótun framtíðarstefnu segir Kristján að vænta megi þess að meiri einhugur verði í hluthafahópnum.

„Það má vænta þess þegar hluthafi, sem er sá eini sem hefur, að mér virðist, verið ósáttur við þessa stefnu er farinn út og inn er kominn annar, sem kaupir sig inn í fyrirtækið og kaupir stefnu þess með, þá verði meiri einhugur í hluthafahópnum,“ segir Kristján.

FISK Seafood er þriðja stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins með tæplega 5,3 prósentu aflahlutdeild á meðan hlutdeild Brims, sem er með mestu aflahlutdeild allra íslenskra útgerða, mældist 9,76 prósent í mars síðastliðnum.

Glitnir lætur til sín taka

Salan á eignarhlutnum í Brimi er alls ekki eina dæmið um það að lífeyrissjóðurinn Gildi beiti sér til að framfylgja hluthafastefnu sinni. Í ársbyrjun 2015 var tekin sú stefnumarkandi ákvörðun á vettvangi sjóðsins að beita sér með beinum hætti á hluthafafundum félaga sem Gildi ætti verulegan eignarhlut í með tillögugerð. Sú stefna hefur beinst að sjónarmiðum er lúta að jafnræði hluthafa, minnihlutavernd, starfskjarastefnum og nú síðast þeim tilnefningarnefndum sem víða hefur verið komið á fót.

Vorið 2017, þegar mikil átök stóðu yfir í VÍS á milli hóps einkafjarfesta og sumra lífeyrissjóða, seldi sjóðurinn stóran hluta bréfa sinna í tryggingafélaginu – eignarhluturinn minnkaði úr 7,1 prósent í 2,7 prósent á skömmum tíma – og sagði Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis, að sjóðnum hugnaðist ekki stjórnarhættir félagsins.

Gildi ákvað í byrjun þessa árs að ganga ekki inn í kaup Kólfs á á hlut framtakssjóðsins Horns II í Hvatningu sem fer með tæplega 40 prósent hlut í Bláa lóninu. Gildi, sem hélt á ríflega 18 prósent hlut í Horni II, ákvað þá að selja sig út úr félaginu, einn lífeyrissjóði á hluthafahópnum, og var ástæðan meðal annars sögð tengjast „verulegum annmörkum á skjalagerð sem tengist fjárfestingunni“, eins og það var orðað í frétt ViðskiptaMoggans um málið.

Þá hefur Gildi einnig beitt sér til að hafa áhrif á starfskjarastefnu stjórnenda fyrirtækja á borð við N1



ÞG Verk er með íbúðir á sölu á Hafnartorgi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

550 milljónir í hagnað

ÞG Verk, sem er eitt stærsta verktakafyrirtæki landsins, hagnaðist um 550 milljónir króna á síðasta ári samanborið við 762 milljónir árið 2017.

Stjórn félagsins hefur lagt til að greiddur verði út arður að fjárhæð 100 milljónir króna vegna síðasta rekstrarárs. Eigið fé félagsins nam 1.982 milljónum króna í árslok 2018 og eignir 3.695 milljónum.

Rekstrartekjur námu 10 milljörðum á síðasta ári og stóðu nokkurn veginn í stað á milli ára. Heildartekjur drógust hins vegar saman um tæp 11 prósent og skýrist það af því að á árinu 2017 voru seldar fasteignir fyrir 1,1 milljarð en engin fasteign var seld á síðasta ári.

ÞG Verk var stofnað árið 1998 af Þorvaldi H. Gissurarsyni sem er enn forstjóri og eigandi félagsins.

Á árinu störfuðu 172 starfsmenn hjá félaginu og námu launagreiðslur samtals 1,7 milljörðum króna. Þar af námu laun framkvæmdastjóra 55 milljónum króna.

ÞG Verk hefur á undanförunum árum byggt hundruð íbúða fyrir almennan íbúðamarkað, meðal annars í fimm mismunandi byggingum á Hafnartorgi í miðbæ Reykjavíkur.

Markaðurinn greindi frá því fyrr á árinu að ÞG Verk hefði selt eða samþykkt kauptilbóð í allar íbúðir nema tvær, samtals þrjátíu íbúðir, í fyrstu tveimur húsum á Hafnartorgi.

Þá var haft eftir Þorvaldi í byrjun árs að verkefnið kostaði í heild um 13 til 14 milljarða. Um það bil helmingur fjárhæðarinnar væri lánsfé frá Landsbankanum. – þfh

Lögmennastofnurnar BBA Legal og Fjeldsted & Blöndal sameinast

Lögmennastofnurnar BBA Legal og Fjeldsted & Blöndal, tvær af stærri stofum landsins, hafa gengið frá samkomulagi um sameiningu. Áætlað er að samruninn muni taka gildi í haust, samkvæmt heimildum Markaðarins. Samanlögð velta félaganna var um 860 milljónir króna í fyrra.

Sameinuð lögmennastofa fyrirtækjanna verður í turninum við Höfðatorg þar sem BBA Legal er nú til húsa. Þá verður starfrækt skrifstofa í London í gegnum dótturfélag sem verður stýrt af Gunnari Þór Þórarinssyni hæstaréttarlögmanni en hann gekk nýlega til liðs við Fjeldsted & Blöndal.

Helstu hluthafar BBA Legal, hver um sig með rúmlega 21 prósent hlut, eru þeir Einar Baldvin Árnason, Baldvin Björn Haraldsson, Ásgeir Árni Ragnarsson og Atli Rafn Þorbjörnsson. Í árslok 2018 störfuðu átján manns hjá BBA Legal og námu tekjur stofunnar um 490 milljónum króna.

Hagnaður lögmennastofunnar var ríflega 88 milljónir króna og jókst um 12 milljónir frá fyrra ári. Þannig nam hagnaður á hvern af stærstu eigendum félagsins því um 18,5 milljónum króna.

Eigendur Fjeldsted & Blöndal, sem fækkaði úr fjórum í þrjá í fyrra, eru þeir Halldór Karl Halldórsson,



Baldvin Björn Haraldsson og Halldór Karl Halldórsson.

860

milljónir var samanlögð velta lögmennastofanna á árinu 2018.

sem er jafnframt framkvæmdastjóri stofunnar, Hafliði K. Lárusson og Þórir Júlíusson. Rekstrartekjur stofunnar voru samtals 369 milljónir í fyrra og héldust nánast óbreyttar á milli ára. Stöðugildi hjá Fjeldsted & Blöndal voru að meðaltali ellefu talsins á líðnu ári.


Hagnaður lögmennastofunnar, sem gengur iðulega undir nafninu Fjeldsted, nam rúmlega 114 milljónum króna á árinu 2018 og minnkaði um fimm milljónir á milli ára. Nam hagnaður á hvern eiganda vegna afkomu síðasta árs því um 38 milljónum króna. – hae

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

89%

Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til **89%** lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is

Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is

*Fréttablaðið og Morgunblaðið

Heimild: Prentmæling Gallup. jan. - jún. 2019. Lesendur dagblaða á Höfuðborgarsvæðið á aldrinum 18-49 ára.

Óskýrt, ógagnsætt og alltof þungt

Ólöf
Skaftadóttir
olof@frettabladid.is



Magnús Hafliðason er framkvæmdastjóri Joe & the Juice á Íslandi. Hann rekur níu veitingastaði á landinu og hefur unnið við rekstur og opnun veitingastaða, þar með talið leyfismál, frá árinu 2006 – bæði hér á landi og í Skandinavíu. Hann er náninn samstarfsmaður Birgis Þórs Bieldvedt sem hefur átt og rekið veitingastaði víða um heim, m.a. Domino's og Joe & the Juice. „Í grunninn er ferlið hér úrelt, ógagnsætt, óþarflega umfangsmikið og tímafrekt,“ segir Magnús um þá upplifun að koma á fót rekstri í borginni.

„Það má spyrja sig hvort aðilar sem hafa bæði langa sögu eða fjölda útsöluastaða ættu að þurfa sama ferli þegar þeir bæta við nýju útibúi og þeir sem eru að hefja rekstur á nýrri kennitölu án sögu eða reynslu. Það eru aðilar hér með áratuga reynslu af rekstri í borginni og fjölda útsöluastaða sem þurfa að fara í gegnum sama ferli og einhver sem fær hugmynd að nýjum veitingastað án nokkurrar reynslu. Þar er ekki verið að nýta þau gögn sem fyrir liggja í stjórnsýslunni til þess að gera hlutina á skilvirkan hátt,“ útskýrir Magnús.

Sláandi munur að opna í Skandinavíu

Hann segir sláandi mun á ferlinu við að hefja rekstur hér á landi og í Noregi eða Svíþjóð. „Þar er farið vel yfir málin í upphafi og teikningar fá formlegt samþykki þar sem margir koma að málinu og skoða meðal annars brunavarnir, mál tengd starfsmönnum og aðstöðu þeirra, innra eftirlit, fjölda salerna, aðgengismál og fleira sem huga þarf að við opnun staða. Það ferli getur, rétt eins og hér á landi, verið tímafrekt en er þó yfirleitt innan setts ramma. Að því loknu má segja að hægt sé að fara í framkvæmdir, ljúka þeim og í beinu framhaldi hefja rekstur með einföldum tilkynningum til yfirvalda,“ segir Magnús. Þar séu framkvæmda- og rekstraraðilum einfaldlega settar skýrar reglur um hvernig haga skuli hlutumum og þeir samþykkja það.

„Í stað þess að upphaf reksturs sé háð frekari úttektum þá koma eftirlitsaðilar í úttekt fljótlega eftir að rekstur hefst. Ef fyrirtækin eru ekki með sín mál á tæru, þurfa þau einfaldlega að lúta stöðvun reksturs ef um alvarleg frávik er að ræða.“

Magnús lýsir því að horfa þurfi til tveggja aðila þegar kemur að leyfisveitingum hér á landi, annars vegar sveitarfélagsins og svo sýslumanns sem er sá sem gefur út formlegt leyfi. „Ferlið er gamaldags, óskýrt, ógagnsætt og alltof þungt og langt. Þar af leiðandi er

Ferlið er gamaldags, óskýrt, ógagnsætt og alltof þungt og langt. Þar af leiðandi er það alltof tímafrekt og kemur í veg fyrir að hægt sé að undirbúa opnun í góðan tíma.

Magnús Hafliðason, framkvæmdastjóri Joe & the Juice



það alltof tímafrekt og kemur í veg fyrir að hægt sé að undirbúa opnun í góðan tíma, til dæmis með tilliti til pantana á vörum, ráðningar starfsfólks og vaktaskipulags enda með öllu ómögulegt að vita hve langan tíma ferlið getur tekið. Oftar en ekki er um verulega fjárfestingu að ræða og því eðlilegt að stefnt sé að því að hefja rekstur sem fyrst.“

Magnús lýsir ferlinu við að opna nýjan stað með eftirfarandi hætti:

- Fá teikningu samþykktá hjá byggingarfulltrúa og fá útgefið byggingarleyfi. Þar koma m.a. umsagnir frá byggingarfulltrúa, heilbrigðiseftirliti, slökkviliði og vinnueftirliti.
- Senda umsóknir ásamt fylgigögnum á sýslumann og heilbrigðiseftirlit. Í framhaldi er það á könnu Reykjavíkurborgar að kalla eftir umsögnum aðila og senda þær til sýslumanns.
- Fá lokaúttekt á framkvæmdir en þar hittast aðilar frá bæði byggingarfulltrúa og slökkviliði og fara yfir framkvæmdina sem áður hafði verið samþykkt. Til þess að það gangi þarf yfirleitt umsagnir eða yfirlýsingar frá t.d. rafverktaka og ýmsum undirverktökum um virkni ýmissa þátta, t.d. loftræstingar, brunakerfis, neyðaropnana og lokana á hurðum og þess háttar.
- Fylgja öllu vel eftir og tryggja að allar umsagnir séu að skila sér en það er ekki sjálfgefið að kerfið tryggi slíkt.
- Krossa fingur og vona að umsókn tynist ekki eða stoppi í ferlinu vegna formsatriða.
- Fá að lokum bréf ásamt kröfu sem greiða þarf áður en leyfi er gefið út.

Umsókn um opnun á Hafnartorgi týndist
Sýslumaður sé svo annar kapituli.

Kaup- og veitingamenn í borginni segja samráðsleysi og flókna ferla ljóð á ráði borgarinnar. Uppbygging miðborgarinnar sé af hinu góða en gangi alltof hægt og óskipulega fyrir sig. Borgaryfirvöld verði að einfalda ferla til að koma á fót fyrirtækjum í borginni.

„Þangað þarf að skila gögnum sem flest hver ættu einfaldlega að liggja fyrir rafrænt og heimild forsvarsmanna ætti að duga til þess að sækja. Í dag eru þetta allt að tíu útprentuð skjöl af ýmsum gerðum. Þá er eins gott að teikningin sé á A4 blaðsíðu, en ekki A3 því þá taka þeir ekki við umsókninni,“ segir Magnús.

„Þegar við vorum að opna Joe & the Juice á Hafnartorgi týndist umsóknin og það var ekki fyrr en ég fór að yta á borgina, sem var ekki auðsött vegna sumarleyfa, að í ljós kom að ekkert hafði borist þeim. Í símtali mínu við sýslumann var ég svo spurður hvort „ég væri viss um að umsóknin hefði farið inn“ en ég skilaði henni persónulega inn og greiddi rúmlega 200.000 sem hluta af því. Þarna er fullkomið ógagnsæi gagnvart umsóknaraðila. Eðlilegast væri að þetta væri allt rafrænt og þar væri staða umsóknar jafnt og þétt uppfærð.“

Magnús segir raunveruleikann einfaldlega þann að ætli veitingamaður að láta hlutina ganga sæmlega hratt fyrir sig þurfi hann sífellt að vera að yta á eftir málum og sækja sér upplýsingar um stöðu mála svo tryggt sé að allt skili sér til réttara aðila á góðum tíma.

„Ágætt dæmi um það er sú staðreynd að það tók tæplega 4 vikur eftir að teikning var samþykkt hjá byggingarfulltrúa þar til hún fékkst undirrituð frá embættinu – en það gerðist eftir að haft var beint samband við aðila innan deildarinnar. Fram að því voru svör í þjónustuveri embættisins einfaldlega þau að það væru margar teikningar sem þyrfti að undirrita og stimpla og það tæki tíma fyrir efni að skila sér niður á jarðhæð til afgreiðslu.“

Aðspurður um hvort Magnús taki undir þær gagnrýnisráddir sem hafa verið uppi undanfarið vegna götuframkvæmda við Hverfisgötu að samráðsleysi sé of algengt í samskiptum við borgina segir Magnús það augljóst að borgin þurfi að átta sig á því að hún sé þjónandi aðilinn í þessu sambandi en ekki öfugt. „Það ætti að vera kappsmál að hlúa að rekstraraðilum í miðborginni sem og annars staðar og þannig stuðla að bættum rekstri sem augljóslega styrkir borgina.“





MIDVIKUDAGUR 21. ÁGÚST 2019

Heimili



Sultugerð er skemmtileg og nú er rétti tíminn til að tína rifsber, bláber og önnur ber. Rifsberjahlaup er í uppáhaldi hjá flestum og best er það heimagerða.

→6



Þær Unnur, Brynna og Sandra munu leiða Toppform, nýtt námskeið, í vetur.

Fjölbreytt og faglegt fram í fingurgóma

Frá því að JSB líkamsrækt hóf starfsemi sína fyrir rúmum 50 árum hafa þúsundir kvenna leitað þangað til þess að bæta eða jafnvel endurheimta heilsuna. Bára Magnúsdóttir, stofnandi og eigandi fyrirtækisins, segir að í vetur verði boðið upp á ríkulegt úrval nýrri og eldri tíma og óhætt er að fullyrða að nánast hver einasta kona geti fundið eitthvað við sitt hæfi hjá JSB.

Bára segir að nóg sé um að vera á næstunni. „Við vorum að opna eftir sumarfrí og það er verið að gera klárt í bátana,“ segir Bára full eftirvænting. „Það eru yfir sjöttíu tímar í töflunni,“ segir hún. „Vinsælasta námskeiðið okkar er TT en það stendur fyrir „Frá toppi til táar“ og er fyrir konur sem eru að laga sig til og taka af sér aukakíló,“ segir Bára. „Við höfum verið ansi farsæl í því starfi,“ segir Bára. Hún segir námskeiðið hafa nú rúllað látaust í rúm 20 ár. „TT er búið að ganga alveg sleitulaust, það hefur aldrei dottið úr námskeiði í yfir tuttugu ár,“ segir hún.

Það hljóti að vera einsdæmi. „Það hlýtur að vera heimsmet, og það heitir alltaf það sama,“ segir Bára hlæjandi. „Þannig að ef þú ert búin að eiga þriðja barnið þá veistu hvert þú átt að koma,“ segir hún. „Þetta er vinsælasta námskeiðið hjá okkur, fyrr og síðar,“ segir Bára stolt.

Hvatningarkerfið árangursríkt

Þátttakendur í TT fá góða leiðsögn og utanumhald. Þar má nefna reglulega vigtun, sex vikna matarlista með fjölbreyttum og fjölskylduvænum uppskriftum,

“TT er búið að ganga alveg sleitulaust, það hefur aldrei dottið úr námskeiði í yfir tuttugu ár.

vikulegan fræðandi og uppörvandi tölvupóst ásamt hvatningarfundum eftir þörfum. Bára segir að námskeiðin séu í stöðugri

þróun og nefnir hún hið tiltölulega nýja hvatningarkerfi sem skilad hefur góðum árangri. „Ef þú nærð ákveðnum TT markmiðum þá færðu 5% afslátt af næsta námskeiði plús ef þú mætir í ákveðið marga tíma þá færðu 5%, ef þú nærð tvöföldu markmiði þá færðu 5%, þannig að þú getur sjálf unnið þér inn 15% afslátt af næsta námskeiði,“ segir Bára.

Hún segir kerfið hafa slegið í gegn og árangurinn ekki látið á sér standa. „Þetta hefur verið geysivinsælt og þá ná þær betri árangri

Framhald á síðu 2 →

HVER VANN?

Sportíð á frettablaðið.is færir þér allar nýjustu fréttirnar úr heimi íþróttanna.



en ella, fyrir minni pening,“ segir hún. Þá sé ekki hægt að komast upp með neitt múður. „Það er sko hringt í þabba þinn ef þú mætir ekki,“ segir Bára. „Enda er árangur, sjáðu, það þýðir ekkert að segja „þú ferð á vigtina ef þú vilt“, þú ferð á vigtina í hverjum tíma, þú hefur ekkert val. Námskeiðið er svona, ég ræð,“ segir Bára ákveðin.

Íslenska keppnisskapið virkjað

Bára segir árangurinn af kerfinu nánast lygilegan. Konur séu að gjörbreyta lífi sínu og lífsstíl og keppnisskapið skemmi ekki fyrir. Bára fékk hugmyndina að þessu kerfi síðasta haust og ákvað strax að keyra það í gang með krafti. Hún segir að þótt einhverjir hafi eflaust verið úggandi yfir hugsanlegu fjártjóni þá hafi kerfi af þessu tagi reynst kjörið fyrir fyrir kappsama Íslendinga. „Margir hefðu orðið hræddir og hugsað að þetta væri allt of mikill peningur en það er svo mikið keppnisskap í þessari þjóð,“ segir Bára.

Toppform – árangur til frambúðar

Ein af nýjungunum í JSB líkamsrækt í vetur er námskeiðið „Toppform“ en það er hugsað fyrir konur sem lokið hafa TT ásamt öðrum konum sem eru hraustar og vilja taka almennilega á. „Tímarnir eru alveg tilvaldir fyrir þær sem eru búnar að vera í TT og líka bara allar sem eru í þokkalegu formi og vilja fá dúndurtíma, en samt lokaðan. Við sjáum til þess að þú haldir þínum árangri til frambúðar,“ segir Bára. Toppform er tvisvar í viku og hafa þátttakendur að auki aðgang að bæði opnum tímum og tækjasal sem er opnaður klukkan sex á morgnana. „Þessir tímar eru svo bara tvisvar í viku og þú ert með aðgang að opnum tímum og tækjasal alveg eins og þú vilt,“ segir Bára. Ákveðið var að hafa tímana tvisvar í viku til þess að tryggja góða mætingu. „Ég vildi ekki hafa þetta þrisvar í viku eins og í TT, ég hafði þetta því bara tvisvar svo að þú mætir alveg örugglega,“ segir hún. Bára segist vilja gæta þess að tímarnir séu fjölbreyttir og því séu þrjár leiðbeinendur, þær Brynna, Sandra og Unnur, sem leiða munu tímana til skiptis.

Sannkallaðir drottningatímar fyrir 60-70 plús

Þá segir Bára að nóg sé í boði fyrir konur sem eru orðnar 60 ára og eldri en hún segir konur á þeim aldri reglulega spyrja sig hvort nokkuð sé í boði fyrir þær. „Þær hafa svo oft spurt mig „er nokkuð tími fyrir mig?“ eins og rækt sé bara fyrir fólk frá 18-40,“ segir Bára gáttuð. Hún segir að manneskja á þessum aldri sé hreint ekki svo gömul í dag. „Manneskja sem er sextug er bara á miðjum aldri nú til dags, þetta er enginn aldur,“ segir Bára. Tímarnir hafa slegið rækilega í gegn. „Þetta hefur alveg sprungið út og við erum með þetta klukkan hálf níu, hálf tíu og hálf ellefu,“ segir Bára. Hún segir að tímarnir henti þessum aldurs hópi alveg sérstaklega vel. „Þetta eru sannkallaðir drottningatímar,“ segir hún.

Spennandi jóga fram undan í vetur

Þá verður líka hægt að spreyta sig á jóga í vetur og segir Bára að mikil eftirvænting ríki eftir þeim tímum sem leiddir verða af Ingvaldi Gyðu Karandeepp, en hún býr yfir viðfeðmri þekkingu og reynslu. „Hún er lærd í hatha-yoga, rope-yoga, kundalini-yoga og yoga nidra og hún ætlar að blanda því saman, það er svo skemmtilegt,“ segir Bára.



Bára Magnúsdóttir, eigandi JSB líkamsræktar, segir margt spennandi á boðstólum í vetur.



Unnur, Brynna og Sandra eru meðal kennara skólans í vetur og verða konum til halds og traust.

“Manneskja sem er sextug er bara á miðjum aldri nú til dags, þetta er enginn aldur. Það er nóg í boði fyrir konur á öllum aldri.

Opna kerfið 1-2-3

Þá býður JSB líkamsrækt upp á stutt og hnitmiðuð kerfi sem auðvelt er að sinna í amstri hversdagsins. „Við byrjuðum með þetta kerfi, sem er röð af 30 mínútna tímum, fyrir nokkrum árum og þær sem hafa prófað það eru alsælar,“ segir Bára. Hún segir að þetta kerfi sé hugsað fyrir þær konur sem eiga erfitt með að gefa sér tíma til þess að stunda líkamsrækt.

„Þetta er sérstaklega hentugt fyrir þær sem eru alltaf í kapphlaupi við tímann en með þessu móti getur þú stýrt því sjálf hvað þú gefur ræktinni mikinn tíma hverju sinni, hvort sem það er einn, tveir eða þrjú hálf tímar, eða þá í tækjasal plús einn tími,“ segir hún. Bára segir að þetta kerfi hafi reynst mörgum konum vel og gert þeim kleift að hafa betri stjórn og skipulag á líkamsræktinni. „Þetta hafa margar kunnað vel að meta og eru komnar alveg upp á lag með að raða tímum eftir eigin þörfum,“ segir hún.

Gott að vita

JSB líkamsrækt opnar klukkan 6 alla virka morgna. Fyrsti tíminn í opna kerfinu er kl. 6.30 og þú velur þá hvort hentar þér að fara í tíma kl. 6.30, 7.00, 7.30 eða kl. 8.00. Svona tímar eru líka í hádeginu og seinni partinn og svo endar vikan með laugardagsfjöri, hörkutímum og Zumba hjá Huldu í restina.



Ingvaldur Gyða mun stýra skemmtilegum jóगतímum í vetur.

REYKJAVIK
RAINCOATS

ÚTSALA
ÚTSALA
ÚTSALA
10-40%
AFSLÁTTUR
Í VERSLUN OKKAR

LAUGAVEGI

62

REYKJAVIK RAINCOATS

LAUGAVEGUR 62, 101 RVK

WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM

INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM

SÍMI: 5711177

NÝ SENDING ÚTSÖLULOK



Tískan

Skipholti 21 | Sími 551 0770

www.tiskan.is

MaxMara B/A/S/L/E/R *persona* by MARINA RINALDI **BRAX**



Hipsumhafs var að gefa út nýtt lag. Strákarnir stefna á plötu og tónleikahald en þeir heita Fannar Ingi Friðþjófsson og Jökull Breki Arnarson.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Svona er að vera ástfanginn

Álftanesbúarnir Fannar Ingi Friðþjófsson og Jökull Breki Arnarson í dúettinum Hipsumhafs gáfu út sitt annað lag í fyrradag, það er lagið Honný.

Sólrún
Freyja Sen

solrunfreyja@frettabladid.is



Á meðan fyrsta lag strákanna, LSMLÍ (Lífið sem mig langar) fjallar um fullkomið fjölskyldulíf þá fjallar Honný um fullkomnu ástina og í rauninni fjalla bæði lögin um falskar vonir. „Honný er um ógeðslega fullkomna ástarsögu. Hún er geðveikt klisjukennd,“ segir Fannar sem samdi lagið og textann. „Textinn er um einstakling sem er að tala um eitthvað sem hann vill að verði. Hann er að lofa einhverju allan tímann í laginu.“ Meðal annars lofar hann að brosa allan daginn, kaupa blóm-vönd og skópar á konudaginn og að hneppa sparidressið á vinkonuna eða vininn sem lagið fjallar um. „Hann er tilbúinn að gera þetta fyrir manneskjuna sem hann elskar, þótt það sé ekkert endilega allt fast í hendi. Svona er að vera ógeðslega ástfanginn.“

Krúttlegt og einlægt

Fannar segir að lagið hafi komið til þegar hann var að fíka á hljómborð í herberginu sínu. „Ég var að gera einhverjar tilraunir með að læra á piano.“ Fannar segist þó vera lélegur á flest hljóðfæri. „Ég get samt samið á þau. Ég fékk einhverja laglínur í hausinn sem ég lagði niður. Ég fann strax taktinn í textanum og leyfði honum að verða að algjörri klisju. Mig langaði að gera lag sem væri bara ótrúlega krúttlegt og einlægt.“

Lagið fór flóknar leiðir í framleiðslunni. Til að byrja með hleyptu Fannar og Jökull alls konar áhrifum á fyrstu útgáfuna sem varð til þess að lagið varð að hálfgerðri klessu að sögn Fannars. „Þá vorum við að reyna að byggja ofan á fyrstu hljómborðsupptökuna frá mér. Síðan hentum við henni í ruslið og fengum Magnús Jóhann Ragnarson til að gera það sem hann gerir best, að spila á piano yfir viðlagið af öllu hjarta. Hann rokkaði lagið fyrir okkur.“ Hipsumhafs stefnir á

að gefa út plötu í haust. Þeir félagar hafa unnið að henni síðastliðið ár en strákarnir hafa verið góðir vinir frá árinu 2013 þegar Fannar var flokkstjóri Jökuls í unglingsvinnunni.

Fannar segist vera með víðan tónlistarsmekk þar sem flestir tónlistarflokkar komast fyrir, nema kannski dubstep. Þegar hann kynntist Jökli fyrst leist honum ekkert á tónlistarsmekk hans sem einkenndist einmitt mikið af dubstep-lögum. „Það er fyndið að sjá smekkinn hjá þessum gaur þroskast. Eftir að dubstep-tímabilinu lauk fór Jökull að sökkva sér í trappsenuna og vann mikið meðal annars með Flóna á milli þess að koma víða við í tónlistarsmið og tónleikahaldi í félagslífinu í Verzló. Jökull bjó til takta fyrir fyrstu plötuna hans Flóna og kom mikið að vinnunni við síðustu plötu hans.

Fiktari af guðsnáð

Það er að verða æ algengara að einstaklingar sem hafa ástríðu fyrir lagasmíð geti klárað fullunnin lög heima í tölvu án þess að þurfa á menntun eða miklu fjármagni að halda. Fannar kallar Jökul fiktara af guðsnáð. „Þegar hann kemst í eitthvað sem hann hefur áhuga á þá hellir hann sér út í það. Ég vissi áður en við Jökull fórum að gera eitthvað saman að hann væri fær í þessu apparati Ableton. Hann hafði aldrei reynt áður að taka upp indírokk, eitthvað sem mig langaði að gera.“

Mörg lögin og textarnir sem verða á plötunni eru samin af Fannari en hafa fengið að sitja í geymslunni síðustu ár. „Ég á mikið af lögum og textum sem ég er búinn að vera að skrifa síðustu ár en aldrei gert neitt við.“ Sjálfur syngur Fannar flest lögin en báðir radda. Fannar segir að þeir leyfi rásafrjöldanum að leika lausum hala en bæði hann og Jökull bregða sér í alls kyns líki í röddunum.

Innblástur héðan og þaðan

Fannar fullyrðir að lögin á plötunni verði öll einstök. „Hipsumhafs kemur af danska orðatiltækinu „hip som hap“ sem er notað þegar

hlutir ráðast af tilviljunum. Það er það sem við erum að gera. Við erum undir miklum áhrifum frá stílum og stefnum héðan og þaðan,“ segir hann. Strákarnir neita að einskorða sig við ákveðna tónlistarstefnu sem breytist lag frá lagi. „Við eltumst við einhverja tilfinningu í hverju lagi og leyfum textanum að draga lagið áfram.“

Hipsumhafs sækir innblástur úr áhugaverðum áttum eins og til dæmis frá hljómsveitinni Miike Snow og indíopp tríoínu The XX. Miike Snow samanstendur af tveimur sprenghærdum popptaktasmiðum frá Svíþjóð og lagasmíði frá Ameríku. „Ég held að þetta byrji allt hjá okkur báðum í þessu klassíska, Bitlunum, Rolling Stones, Lou Reed og David Bowie. Við erum með svo fánlega víðan tónlistarsmekk.“

Áhugaverð íslensk textasmíð er það sem veitir okkur mikinn innblástur. „Sem dæmi nefnir Fannar hljómsveitina Sálina hans Jóns míns, Mugison og Prins Póló. „Ástarlög og eitthvað sem nær á djúpar tilfinningar finnast mér rosalega fallegt.“ Strákarnir þora að sýna einlægni í textunum sínum og leggja mikið upp úr því að nota íslenska tungumálið á fallegan hátt.

„Ég fór að hugsa um þetta um daginn. Eitt af því sem okkur langar að gera er að semja tónlist sem maður hlustar á einn með sjálfum sér. Ég hlusta allt öðruvísi á tónlist þegar ég er einn en þegar ég er í hóp. Lagið Honný er svoleiðis lag, maður hlustar á það í einrúmi og hugsar um ástina. Það verða fleiri þannig lög á plötunni, lög sem eru virkilega berskjölduð.“

Fannar og Jökull stefna á að halda iburðarmikla tónleika á sem flestum stöðum. „Við ætlum að fylgja þessari sögu eftir sem við erum að reyna að segja með tónlistinni,“ segir Fannar. Hann vonar að Hipsumhafs muni hafa áhrif á tónlistarsenuna á Íslandi. Miðað við athyglina sem hljómsveitin hefur fengið á hveitibrauðsdögum sínum þá virðist hún eiga möguleika á því. „Maður veit aldrei hvaða áhrif maður getur haft á hinum endanum.“

FALLEGAR
HAUSTVÖRUR
frá
Betty Barclay

Frábærar
buxur á
kr. 16.900
Peysa
kr. 8.900



f Skoðað Laxdal.is



Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

Fyrirtækjapjónusta

MIÐVIKUDAGUR 21. ÁGÚST 2019

Kynningar: dk hugbúnaður, Cubus, A4, Múlalundur, Vegferð, Innes, Forvarnir



dk hugbúnaður framleiðir alhliða viðskiptahugbúnað fyrir íslenskar aðstæður. Fyrirtækið varð 20 ára í lok síðasta árs en eigendur eru Dagbjartur og Magnús Pálssynir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Áreiðanlegt og sveigjanlegt bókhaldskerfi í 20 ár

Íslenska bókhaldskerfið frá dk hugbúnaði er mjög sveigjanlegt og býður upp á sérlausnir fyrir ótal gerðir reksturs. Kerfið er áreiðanlegt og fjölbreytt, þúsundir fyrirtækja nýta það og viðskiptavinum fjölgar hratt. Fyrirtækið hélt upp á tuttugu ára afmæli í lok síðasta árs. ➔2



Óflug starfsemi er hjá dk hugbúnaði. Fyrirtækið býður upp á sérsniðnar bókhaldslausnir fyrir allar stærðir og gerðir fyrirtækja og rekur líka stóra og mikla skýjaþjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Framhald af forsiðu →

Fyrtækið dk hugbúnaður framleiðir og selur langútbreiddasta viðskiptakerfið á Íslandi fyrir allar greinar atvinnulífsins og býður upp á alls kyns sérlausnir fyrir fyrirtæki.

„dk hugbúnaður er leiðandi í viðskiptahugbúnaði hér á landi fyrir allar stærðir og gerðir fyrirtækja, þróaður á Íslandi fyrir íslenskar aðstæður,“ segir Dagbjartur Pálsson, en hann er framkvæmdastjóri hjá fyrirtækinu ásamt bróður sínum, Magnúsi Pálssyni. „Fyrirtækið framleiðir alhliða viðskiptahugbúnað og varð 20 ára í lok síðasta árs.“

Í dag vinna 63 starfsmenn hjá fyrirtækinu,“ segir Dagbjartur. „Svo reukum við einnig stóra og mikla skýjaþjónustu undir nafninu dk Vistun og erum leiðandi á því sviði. Ekkert fyrirtæki sinnir hýsingarþjónustu fyrir annan eins fjölda fyrirtækja hérlendis og við, en það eru um 4.500 fyrirtæki.“

Mörg samvirkandi kerfi

„Hugbúnaðurinn okkar er seria af alls kyns samvirkandi kerfum, mörgum einingum sem vinna saman til að mynda eitt samfellt kerfi,“ segir Dagbjartur. „Kerfin sjá um ólíka hluta rekstrarins. Það eru sér kerfi fyrir skrifstofuna (bakvinnsluna), svo sem fjárhags-, launa-, sölu- og innkaupakerfi og svo er annar hluti kerfisins sem sér um framendann, svo sem afgreiðslu og veitingasölu. Sá hluti kerfisins kallast dk POS afgreiðslukerfi.“

Sjálfsafgreiðsla með dk

Sjálfsafgreiðsla er farin að ryðja sér til rúms á Íslandi. „Við erum með sérsniðnar sjálfsafgreiðslulausnir fyrir verslun og þjónustu og af þeim fyrirtækjum sem hafa tekið upp sjálfsafgreiðslukerfi dk POS til að stytta biðaðir á háanna-tíma má nefna Læknavaktina Austurveri og Perluna, en þar er líka dk iPOS sjálfsafgreiðslukerfið sem keyrir á iPad og er beintengt bókonarvél Bókunar,“ segir Dagbjartur. „dk kemur líka með fleiri sérhæfðar sjálfsafgreiðslulausnir á næstu vikum, svo það eru svo



dk hugbúnaður var valið Fyrirtæki ársins 2019 í flokki meðalstórra fyrirtækja hjá VR. Fyrirtækið fékk einkunnina 4,56, en meðaltalið í er 4,23.

dk hugbúnaður er leiðandi í viðskiptahugbúnaði hér á landi fyrir allar stærðir og gerðir fyrirtækja, þróaður á Íslandi fyrir íslenskar aðstæður.

sannarlega spennandi tímar fram undan.“

Pappírslaut og sjálfvirk bókhald

„Kosturinn við að vera hjá dk hugbúnaði er að öll vinna við bókhaldið er mjög fljótleg, sjálfvirk og skemmtileg. Sjálfvirkni í móttöku og sendingu rafræna reikninga, hvort sem er á pdf- eða Xml-formi, einfaldar líf bókarans, dregur úr

villuhættu og tryggir rétta meðhöndlun gagna,“ segir Dagbjartur. „Bankakerfið annast sjálfvirka afstemmingu bankareikninga og sýnir raunstöðu bankareikninga á einum stað. Öll vinnsla á sér stað inni í kerfinu og ekki þarf lengur að skrá sig inn í netbanka til að greiða og móttaka reikninga og sækja greiðslur. Pdf-reikningar til viðskiptavina og frá birgjum eru sendir og móttaknir og tengdir við færslur þar sem við á.“

Við bjóðum líka upp á tengingar við allar helstu vefverslanir og sérsniðnar sjálfsafgreiðslulausnir fyrir verslun og þjónustu,“ segir Dagbjartur. „Allt er þetta liður í að gera dk viðskiptahugbúnaðinn sem mest pappírslausan og sjálfvirkan.“

Fyrirtæki ársins 2019

„dk hugbúnaður var valið Fyrir-

tæki ársins 2019 meðal fyrirtækja í flokknum meðalstór fyrirtæki hjá VR. dk hugbúnaður færðist milli flokka í ár, var í hópi stærri fyrirtækja í fyrra en í ár var gerð breyting á stærðarskiptingu fyrirtækjanna. Það breytti því ekki að fyrirtækið var valið Fyrirtæki ársins með einkunnina 4,56 en meðaltalið í þessum stærðarflokki er 4,23,“ segir Dagbjartur. „Við erum mjög stolt og ánægð með þessa miklu viðurkenningu ár eftir ár. Við höfum ávallt lagt mikla áherslu á góðan starfsanda innan fyrirtækisins og hlúð vel að starfsfólkinu. Það má ekki gleyma því að starfsfólkið er það mikilvægasta sem fyrirtækið á. Án þess kemst fyrirtækið ekki langt.“

dk í áskrift

„Hefðbundin hugbúnaðarsala er að færast yfir í áskrift og leigu á

hugbúnaði en á síðasta ári bættust við um 500 ný fyrirtæki sem völdu þessa leið hjá dk,“ segir Dagbjartur. „Á dk.is er val um áskriftarleiðir og verð og hægt er að panta aðgang að hugbúnaðinum. Það tekur aðeins einn dag að afgreiða leyfi og nýtt bókhald með grunnkerfum dk, sem duga fyrir flest fyrirtæki.“



Fyrirtækið er með skrifstofur í Kópavogi og á Akureyri og nánari upplýsingar má finna á www.dk.is.

Viðskiptagreind og áætlanir

Cubus aðstoðar fyrirtæki við að ná tökum á rekstrargögnunum og hámarka sjálfvirkni gagna. Með því að nýta sér áætlanakerfi er hægt að vinna upplýsingar á skilvirkari hátt.

Flestir viðskiptavinir okkar eiga það sameiginlegt að vilja áætla oft, minnka handavinnuna við áætlanagerð og nálgast gögnin á þægilegri hátt. Oft koma margir aðilar að ferlinu og getur það tekið langan tíma en með öflugum kerfum er hægt að stytta ferlið til muna," segir Jóhann Örn B. Benediktsson, ráðgjafi hjá Cubus.

Fjöldi erlendra sérfræðinga leggur leið sína til landsins

Cubus hefur haustið með krafti og hyggst halda fjölda morgunverðarfunda á Grand hóteli, í samvinnu við innlenda og erlenda fyrirlesara. „Við eigum von á sérfræðingum frá okkar stærstu samstarfsaðilum, m.a. frá Jet Global, Talend og Prophix. Kynningarnar gagnast öllum þeim sem hafa áhuga á að halda betur utan um áætlanagerðir en skráning er hafin á vefsíðu Cubus.“

Áætlunarkerfi frá Jet Global

Margir þekkja kerfin frá Jet Global og má þá helst nefna Jet Reports sem er í notkun hjá um 15 þúsund fyrirtækjum í 94 löndum. Jet Global býður upp á fjölbreytt kerfi fyrir áætlanagerðir og greiningar. Nýlega settu þeir á laggirnar forritið Jet Budget sem náði fljótt miklum vinsældum.



Jóhann Örn B. Benediktsson, ráðgjafi hjá Cubus, segir að áætlanagerð fyrirtækja þurfi ekki að vera handavinna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Algennt er að nota viðskiptahugbúnað frá Microsoft til þess að halda utan um gögn, tekjur og kostnað hjá fyrirtækjum og má þá helst nefna Dynamics NAV og AX. Öll kerfi frá Jet Global virka beint ofan á hugbúnaðinn og er auðvelt að draga fram gögn úr gagnagrunninum.

Yfirsýn yfir áætlanuferlið á einni vefsíðu

Með Jet Budget hefur áætlanagerð verið auðvelduð og yfirsýn yfir allt ferlið sett fram á einni vefsíðu. Þar geta stjórnendur fylgst náið með framgangi allrar starfsmannar og deilt út verkefnum til starfsmanna.

„Ekki er þörf á því að vera með mörg virk Excel skjöl um stöðu og áætlanir þar sem allar áætlanir eru unnar miðlægt í gegnum kerfið. Þar með minnkar þú líkur á misræmi, töfum og mannlegum mistökum við áætlanagerðina,“ segir Jóhann. Hann bætir við að þegar búið sé að móta áætlunina að þörfum fyrirtækisins taki það stuttan tíma að búa til nýja, byggða á öðrum forsendum. Því er hægt að enduráætla mörgum sinnum yfir árið með nýjum tölum og upplýsingum þegar þær koma fram.

„Eftir að áætlunin hefur verið gerð í Jet Budget er hægt, með einum smelli, að hlaða henni inn

í viðskiptakerfið til þess að geta borið saman við rauntölur. Þannig næst betri yfirsýn yfir reksturinn og stjórnendur geta brugðist hraðar við, ef eitthvað er ekki eins og það á að vera,“ segir Jóhann.

Einfalt í notkun

Jet Budget og Jet Reports eru samþætt kerfi og gefst því kostur á að halda utan um bæði skýrslugerð og fjárhagsáætlanir á einfaldan hátt.

Með Jet Reports fylgir borði í Excel þar sem hægt er að draga fram skýrslur og gögn beint úr þínum viðskiptakerfum. Þess vegna geta þau viðskipta- og fjárhagsmódel sem hafa nú þegar verið smíðuð hjá fyrirtækinu verið nýtt áfram, en nýjustu tölur og upplýsingar uppfærast sjálfvirk með tengingu við gagnagrunninn. Hægt er að setja inn formúlur og tengja saman líkön. Það er því algjörlega undir stjórnendum komið hversu ítarleg áætlanagerðin verður og hversu margar breytur eru settar inn í áætlunina.

Hjá Cubus starfa sérfræðingar í viðskiptagreind og áætlanagerð með mikla reynslu og þekkingu úr hugbúnaðargeiranum. Allar nánari upplýsingar má finna á cubus.is eða hjá starfsmönnum okkar.

cubus

NÁÐU TÖKUM Á REKSTRARGÖGNUNUM

Með lausnum frá Cubus færðu þá yfirsýn sem nauðsynleg er til að taka upplýstar ákvarðanir

Skráning er hafin á næstu viðburði : cubus.is/vidburdaskra

 JET GLOBAL

 Power BI

 TIME XTENDER

 Prophix®

 talend

 TOOLPACK 365®

Opið rými getur aukið afköst

Þótt nokkur andstaða sé gegn opnum vinnurýmum og færanlegum vinnustöðvum sýna nýlegar rannsóknir að nútíma skrifstofulausnir hafi jákvæð áhrif á atvinnulífið.

Elin
Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Opin og sveigjanleg vinnurými henta ekki öllum. Þeir sem eiga erfitt með að setta sig við að starfa í opnu rými og tengjast ekki breytingum á vinnustað ættu að hugleiða að fá sér aðra vinnu. Nútíma skrifstofur eru gjarnan með „fljótandi“ skrifborðum. Það þýðir að enginn getur gengið að borði sínu visu heldur sest hann við næsta lausa borð. Norskur sérfræðingur, Mai Skogland, segir að starfsmenn verði að endurskoða gamlar venjur og hugsunarhátt. Á nútíma skrifstofu er ekkert fast sæti. „Sá sem getur ekki vanist því að hafa ekki eigin skrifborð mun eiga erfitt með að sættast við vinnuna,“ bendir hún á. Sumir segja að meiri afköst séu hjá starfsmönnum sem vinna í opnum rýmum. Erfitt sé að leika sér í tölvunni í návist við aðra sem eru á fullu í vinnu.

Mai Skogland hefur bakgrunn sem innanhússarkitekt og ráðgjafi. Hún lauk nýlega doktorsritgerð við Arkitektúr- og hönnunar-

deild NTNU. Ritgerðin fjallar um hvernig vinnustaðahugtök eru notuð til að skapa breytingar á skipulagi og koma með nýjar lausnir sem meðal annars byggja á að starfsmenn velji rými eftir þörfum. Hún segir að skipulagsbreytingar á vinnusvæði geti kallað fram miklar tilfinningar hjá starfsfólki.


Það getur verið mjög krefjandi að endurskipuleggja vinnusvæðið. Endurskipulagið verður að henta starfsemi og skapa góðan vinnutengdan árangur. Góð samskipti við starfsmenn skipta sköpum þegar endurskipuleggja þarf vinnurýmið. Leggja þarf áherslu á að starfsmenn þjálf sig í því að nota nýju skrifstofuna og að breytingin fari fram áreynslulaust.

Í niðurstöðu rannsókna hjá Skogland kemur fram að þeim sem nýta tækifærin sem skapast á skrifstofunni tekst betur að aðlagast nýju skrifstofulandslagi. „Með því að hafa „fljótandi“ starfsaðstöðu þurfa starfsmenn að hreinsa borðið sitt daglega og þar afleiðandi verður vinnustöðin mun hreinlegri en ella. Í rauninni skiptir ekki mestu máli hvar við

sitjum heldur að við séum á réttum stað fyrir viðkomandi starf.“

Margir telja að sveigjanlegt skrifstofuumhverfi henti aðeins ákveðnum starfshópum og verkefnum. Rannsóknir Mai sýna hið gagnstæða. Mai gerði rannsókn í nokkrum fyrirtækjum í Noregi sem eru með „fljótandi“ vinnuumhverfi, meðal annars í banka, á lögfræðistofu og fleiri stórum fyrirtækjum. Þeir sem eru orðnir vanir þessu vinnuumhverfi vilja ekki snúa aftur í fastar vinnustöðvar, þeir meta frelsið meira.

Mai segir að margt bendi til þess að ástæðan fyrir því að sífellt fleiri séu að skipta yfir í opið landslag sé að það henti betur nútíma vinnuverkefnum og vinnudegi sem er oft með mikinn hreyfanleika. „Við vinnum í teyllum, höldum fundi og erum að mismiklu leyti sjálfráða með aukna stjórn á okkar eigin vinnuaðstæðum. Fartölvur eru algengari en skrifborðstölvur og allir eru með farsíma. Breytingin verður þó að endurspeglar vinnustaðinn og þá er sveigjanleiki mjög mikilvægur,“ segir hún. „Störf í framtíðinni eiga eftir að breytast stöðugt.“



Í opnum sveigjanlegum vinnurýmum geta starfsmenn ekki haft persónulega muni. Hreinsa þarf borðið daglega þegar vinnu er lokið.

Einblíndu á það sem skiptir máli

Láttu fagfólk færa bókhaldið á meðan þú sinnir öðru

Fáðu okkur hjá KPMG til að færa bókhaldið því í nútímarekstri getur útivistun sérhæfðra verkefna bæði sparað tíma og peninga.

Við tökum einnig að okkur að reikna út laun þinna starfsmanna, því launavinnsla er oft viðkvæmur og flókinn þáttur í rekstrinum.

Kynntu þér málið á kpmg.is eða hafðu samband við Birnu Rannversdóttur í síma 545 6082.

KPMG



Gerðu kröfur

A4 er framsækið fyrirtæki sem selur fjölbreyttar vörur fyrir skrifstofur, skóla og heimili. Fyrirtækið býður upp á vandaðar gjafir til starfsmanna og viðskiptavina og fallegar gjafaumbúðir fyrir einstök tækifæri.

A4 veitir faglega og persónulega ráðgjöf þegar kemur að því að leita að gjöfum til starfsmanna og viðskiptavina, svo sem jólagjöfum eða öðrum tækifærisgjöfum. „Við bjóðum líka breitt úrval af fallegum gjafaumbúðum fyrir einstök tækifæri,“ segir Bylgja Bára Bragadóttir, sölustjóri fyrirtækjajónustu A4.

„Eitt af því sem hefur verið vinsælt hjá okkur ár eftir ár eru hinar geysivinsælu ferðatöskur frá hinu heimspekta merki Samsonite. Ferðataska er ekki bara gjöf sem þú notar einu sinni heldur er það gjöf sem getur enst alla ævi og allir hafa not fyrir. Til dæmis hafa fyrirtæki gefið eina stærð af tösku eitt árið og svo næstu stærð árið á eftir, þannig getur fólk eignast sitt ferðatöskuset.“

Gerðu kröfu um góða þjónustu

A4 þjónustar fyrirtæki og stofnanir af öllum stærðum og gerðum. Mikill metnaður er lagður í að veita góða þjónustu. Þarfir við-

Við leggjum áherslu á að eiga gott samband við okkar viðskiptavini, þekkja þarfir þeirra og finna leiðir til að mæta þeim á sem hagkvæmasta hátt.

skiptavina eru ólíkar og lögd er áhersla á að finna hagkvæmar lausnir fyrir hvern og einn. A4 hvetur fyrirtæki til að fá söluráðgjafa fyrirtækjajónustunnar í heimsókn sem aðstoðar þau við að ná fram hagræðingu í innkaupum á rekstrarvörum, greina þarfir þeirra og ráðleggja þeim hversu oft fylla þarf á vörubirgðir eða taka niður pantanir. „Við leggjum áherslu á að eiga gott samband við okkar viðskiptavini, þekkja þarfir þeirra og

finna leiðir til að mæta þeim á sem hagkvæmasta hátt. Við erum til dæmis með söluráðgjafa menntastofnana sem sérhæfir sig alfarið í að sinna grunnskólum, framhaldsskólum og háskólum og annan sem sinnir leikskólum og fristundaheimilum. Með því að þekkja viðskiptavini okkar getum við aðlagð vöruframboðið í takt við þarfir þeirra. Þetta samband og traust er svo mikilvægt,“ segir Bylgja.



Ferðataska er gjöf sem hægt er að nota oft.



A4 býður úrval jólagjafa til starfsfólks.



Hlustum á viðskiptavininn
Hún bætir við að hjá A4 starfi kraftmikill og samhentur hópur starfsmanna sem leggur

áherslu á að veita viðskiptavinum góða þjónustu og hafa gaman í vinnunni. Lögd er áhersla á að viðskiptavinir geti nálgast fyrirtækjajónustuna með fjölbreyttum hætti, hvort sem er í gegnum sölu-menn, verslun, síma eða vef.

„Við trúum því að með því að hafa hæft og ánægt starfsfólk séum við að veita okkar viðskiptavinum betri þjónustu. Við hlustum á viðskiptavininn, greinum þarfir hans og finnum þær lausnir sem henta best,“ segir Bylgja.

Fyrirtækjajónustan er opin alla virka daga frá 8-17, en vefverslunin a4.is er alltaf opin. „Vefverslunin auðveldar viðskiptavinum að ná fram skilvirkari innkaupum á rekstrarvörum. Þeir safna í körfuna jafnóðum, vista og senda inn pöntun þegar hentar. Þú sérð þin verð í körfunni og getur auðveldlega séð síðustu pöntun og pantað það sama og síðast. Við sendum fritt ef verslað er fyrir meira en 20.000 krónur og sætur glaðningur fylgir með,“ segir Bylgja að lokum.

FÁÐU RÁÐGJÖF

Hjá okkur færðu faglega og persónulega ráðgjöf



A4

www.a4.is / sími 580 0000 / panta@a4.is

Nýttu þér kosti þess að versla á a4.is

Sendum samdægurs alla virka daga þegar pantað er fyrir klukkan 10. Góð yfirsýn yfir síðustu pöntun og einfalt að panta það sama og síðast.

Vöxtur og velferð starfsfólks

Persónuleg forysta og frumkvæði í daglegum verkum byggir á meðvitaðri ákvörðun – en ekki stöðu, tilviljun eða aðstæðum. Leiðtogahæfileika má læra og þarf stöðugt að rækta.

FranklinCovey er alþjóðlegt fyrirtæki sem er leiðandi á sviði þjálfunar, ráðgjafar og rannsóknna á árangri einstaklinga, liðsheilda og vinnustaða. Námskeið, vinnustofur og matstæki FranklinCovey hafa hentað firna vel við að bæta frammistöðu vinnustaða á Íslandi sem og meðal fyrirtækja, opinberra stofnana og skóla í fleiri en 150 löndum.

„FranklinCovey hefur þjónað árangri íslenskra vinnustaða í meira en sjö ár,“ segir Guðrún Högnadóttir, framkvæmdastjóri og eigandi FranklinCovey á Íslandi. „Við erum helst þekkt fyrir lausnir okkar eins og 7 venjur til árangurs, innleiðingu stefnu með 4DX og vinnu okkar á sviði trausts og framleiðni – auk stjórnendabjálfnar á öllum stígum reksturs.“

Fyrirtækið ver árlaga stórum hluta af tekjum sínum í

” Við erum þekkt fyrir lausnir eins og 7 venjur til árangurs og innleiðingu stefnu með 4DX.

rannsóknir og þróun og í nýlegri rannsókn komu í ljós mjög breyttar þarfir hvað varðar vöxt og velferð vinnustaða um allan heim,“ segir Guðrún. „Niðurstaðan er í fyrsta lagi að stjórnendur hafi ólíkar, fjölbreyttar þarfir eftir stöðu, starfsaldri og verkefnum og þeir læra með mismunandi hætti. Í öðru lagi kom í ljós að það er þörf fyrir mjög blandaða nálgun við þjálfun, sem speglar stefnu og sérstöðu hvers vinnustaðar og í þriðja lagi er vaxandi áhersla á árangur þjálfunar, en á sama tíma eru aðföng mjög takmörkuð,

sérstaklega hvað varðar tíma og fjármagn.

Þannig höfum við snúið vörn í sókn og bjóðum nú viðskiptavinum áskrift að öllu okkar efni í gegnum gátt sem heitir All Access Pass (AAP),“ segir Guðrún. „Þar geta vinnustaðir sérsníðið alla þjálfun með blandaðri nálgun, meðal annars í örnámskeiðum á netinu og lengra námi – með sveigjanlegum, áhrifaríkum og hagkvæmum hætti. Við þjálfum líka innri þjálfara um AAP og bjóðum upp á svokallaðan ráðgjafa við fingurgómana, sem veitir stjórnendum hagnýt ráð í gegnum svokallaða Jhana-gátt, en „jhana“ þýðir víska á sanskrít.

Allt þetta starf byggir á mjög einföldum en göfugum tilgangi FranklinCovey, sem er að virkja framúrskarandi frammistöðu fólks og vinnustaða um allan heim,“ segir Guðrún að lokum.



Guðrún segir að FranklinCovey hafi einfaldan en göfugan tilgang, að virkja framúrskarandi frammistöðu fólks um allan heim. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Hamingjan er mikils virði

Mannauður er með því verðmætasta sem fyrirtæki eiga. Ánægðir starfsmenn eru gulls ígildi og kunn staðreynd að það sem gleður starfsfólk í vinnunni og fyllir það vellíðan á vinnustað skilar sér í enn betri afköstum, meiri starfsánægju og meiri tryggð við vinnuveitendur.

Þórdís Lilja
Gunnarsdóttir
thordis@frettabladid.is



Starfsfólk fyrirtækja er gjarnan ósamstæður hópur fólks sem þó eyðir löngum tíma saman og tengist böndum sem stundum verða að ávarandi vináttu en í það minnsta notalegum kunningsskap og samfylgd í gegnum vinnuvikuna og stundum lífið sjálft. Hér gefast hugmyndir um hvernig hægt er að efla vinnuandann og gera hvern vinnudag að tilhlökkunarefni.

- Leiðin að hjarta mannsins er í gegnum magann. Því er fátt notalegra en heimabakað bakkelsi og ilmandi kaffibolli á nýjum vinnudegi. Þú getur verið viss um að vinnufélagarnir gleðjast yfir velgjörðum þínum á gráum hvunnudagsmorgni, til dæmis ljúffengri súkkulaðimúffu og rjúkandi kaffi.
- Það er nauðsynlegt að standa reglulega upp frá vinnunni og friska upp á hugann með því hreyfa sig úr stað og spjalla við vinnufélagana. Þá er gott að leika sér aðeins; hlaða batteriinn yfir stuttri skák, slönguspili, skrafla með hléum eða spennandi fótboltaspili.
- Vingjarnlegir vinnufélagar gera alla daga betri. Bros og

hjálpsemi, tillitsemi og hrós gera kraftaverk og er vitaskuld allt ókeypis og einfalt að gefa.

- Hvíldarhorn eru kærkomin þegar álag er mikið og endurnærandi að geta kúplað sig út úr asanum í fáeinar mínútur til að skýra hugsun og ná fram slökun og vellíðan.
- Kyrrseta hefur slæm áhrif á heilsuna og er vöðvabólga gjarnan fylgifiskur þess að sitja lengi við. Því er vel þegið að bjóða upp á heimsóknir nuddara á vinnustaðinn til að liðka lúnar axlir, bak og handleggji.
- Það eykur samkennd og tilhlökkun að stefna að einhverju saman. Til dæmis er hægt að setja endurvinnanlegar plastflöskur starfsfólksins í endurvinnslu og safna fyrir utanlandsferð eða helgarreiðu til hópeflis.
- Stuttir göngutúrar í hádeginu eða samfundir utan vinnutíma þjappa vinnufélögum saman. Nú er aldeilis árstíminn til að fara saman á sveppa- og berjamó, og svo hægt að halda metnaðarfulla sultukeppni í vinnunni, með tilheyrandi smakki og ljúfum stundum.
- Övæntur glaðningur á skrifborð starfsmanna eykur ánægju þeirra. Hann getur verið í formi bíómíða og bilastæðismiða, líkamsræktarkorts eða boðs á veitingastað, eða hvers sem er.



Það léttir vinnumóralinn og þjappar fólki saman að geta att kappi hvert við annað yfir fótboltaspili. Því er sniðugt að bjóða upp á skemmtileg úrræði og spil til að létta lund og hvíla hugann þegar hlé gefst frá annríki vinnudagsins.



Það er spennandi að safna saman í vinnusjóð fyrir helgarferð til útlanda.



Gott nudd á sárar herðar er kærkomið á vinnustað.



Það standast fáir gott kaffi og heimabakað meðlæti.

Daglegt starf fléttað saman við samfélagsleg verkefni

Múlalundur vinnustofa, sem hefur í 60 ár skapað störf fyrir fólk með skerta starfsorku, býður einstaklingum og fyrirtækjum allt fyrir skrifstofuna en sinnir auk þess fjölbreyttum sérverkefnum fyrir viðskiptavinum.

Hjá Múlalundi tókum við að okkur mjög fjölbreytt verkefni fyrir fyrirtæki og stofnanir víðs vegar um samfélagið til lengri eða skemmri tíma. Öll þessi verkefni skapa störf fyrir fólk með skerta starfsorku auk þess að skila hágæðaverki til viðskiptavina. Mörg fyrirtæki ná með viðskiptum sínum við Múlalund að flétta saman daglega starfsemi og samfélagsverkefni sem er frábær blanda. Þetta eru ýmist sérframleiðsluverkefni eða fjölbreytt verk sem þarf að vinna í höndunum. Verkefni til lengri tíma eru sérstaklega mikilvæg;“ segir Sigurður Viktor Úlfarsson, framkvæmdastjóri Múlalundar vinnustofu SÍBS. Þar vinna dugmiklir einstaklingar sem hafa þurft að takast á við fötlun og veikindi, bæði andleg og líkamleg, í kjölfar slyss eða heilsuþrests.

Vörur sérframleiddar fyrir viðskiptavinum

Múlalundur sérframleiðir vörur sem hannaðar eru sérstaklega fyrir tiltekna viðskiptavinum með þeirra útliti, áletrunum eða hönnun. Dæmi um þetta eru sérhæfðir plastvasar, möppur eða fundabækur með áletrun viðskiptavinar. Stór hluti landakorta á Íslandi er

seldur í plastvasa frá Múlalundi til að auka endingu, Andrésar Andarmöppurnar eru þekktar og matseðlar og hótelmöppur Múlalundar eru notuð víða um land.

Alúð í hverju handtaki

„Auk sérframleiðslunnar tókum við að okkur ýmiss konar handavinnuverkefni. Mörg fyrirtæki kjósa að nýta sitt starfsfólk í annað og fá okkur í handavinnuna. Ef þú þarft að raða, klippa, pakka, líma eða hvað sem er þá erum við til í tuskið. Innflutningsfyrirtæki eins og Stilling fá okkur til að líma íslenskar leiðbeiningar og strikamerki á vörur, við brjótum öskjur fyrir Valitor sem fylgja með greiðslukortum í bönkum og pökkum serviettum fyrir Reykjavík Letterpress og brjótum til dæmis öskjur, vigtum og göngum frá holla HAP+ brjóstsykrinum fyrir IceMedico. Við höfum pakkað fatnaði og merkt fyrir fatahönnuð, gerum ýmiss konar markpósta fyrir fyrirtæki þegar nauðsynlegt er að gera eitthvað alveg sérstakt sem þarfnast alúðar og mannskaps, og margt fleira. Tvisvar í viku pökkum við fyrir Ávaxtabilinn og sjáum algjörlega um þann þátt í þeirra starfsemi. Þá tókum við að okkur að plasta



Sigurður Viktor Úlfarsson, framkvæmdastjóri, segir viðskipti við Múlalund einfaldasta samfélagsverkefnið.

Fólki er mikilvægt að fá að mæta til vinnu, eiga vinnufélaga og vera virkt í samfélaginu.

Sigurður Viktor Úlfarsson

vörur, t.d. bækur eða vörur í tilbodspakningum, og erum með góðan búnað í það. Margir tengja Múlalund fyrst og fremst við möppur og plastvasa en fjölbreytni verkefna er miklu meiri,“ segir Sigurður.

Einfaldasta samfélagsverkefnið og gott verð

„Hjá Múlalundi fást svo allar almennar skrifstofuvörur, pappír og ritföng á einum stað. Við segjum að þetta sé einfaldasta samfélagsverkefnið, bara að panta og fá

vörurnar sendar um allt land daginn eftir,“ segir Sigurður. Hann segir ánægjulegt að byggja upp sjálfstraust og þrótt fólks með þátttöku á vinnumarkaði. „Fólki er mikilvægt að fá að mæta til vinnu, eiga vinnufélaga og vera virkt í samfélaginu.“ Allar upplýsingar má finna á heimasíðu Múlalundar og úrvalið í vefversluninni kemur svo sannarlega á óvart. „Eru ekki einhver verkefni sem taka óþarfa tíma á vinnustaðnum? Þá er um að gera að láta Múlalund sjá um þau,“ segir Sigurður.

Bregðast hratt við og skila góðu verki

Múlalundur hefur átt í samstarfi við hönnunar- og prentstofuna Reykjavík Letterpress í að minnsta kosti fjögur ár og segir Hildur Sigurðardóttir, grafískur hönnuður og annar stofnandi fyrirtækisins, að sú reynsla hafi verið vonum framar. „Við erum bara afskaplega ánægðar með það samstarf,“ segir Hildur. Hún segir vönduð vinnubrögð einkenna starfsemi Múlalundar.

„Múlalundur hefur tekið við alls konar pökkunarverkefnum fyrir okkur og öðrum frágangi á prentverkefnum, aðallega pökkum,“ segir Hildur. Hildur segir starfsfólk Múlalundar bæði hraðvirkt og vandvirkt. „Þau bregðast hratt við og skila góðu verki,“ segir hún.

Hildur segir að verkefni hjá Reykjavík Letterpress séu oft umfangsmikil og að Múlalundur hafi getað brugðist við og sinnt þeim verkefnum af mikilli fagmennsku. „Þetta er dálítið magn sem við þurfum að senda frá okkur og þeir voru bara best í stakk búnir til þess að gera það fyrir okkur,“ segir Hildur. „Það hefur komið rosa vel út og komið sér vel fyrir okkur að geta leitað til þeirra,“ segir hún.



Hildur segir að Múlalundur hafi orðið fyrir valinu, einfaldlega vegna þess að þeim hafi þótt þeir færastir. „Þeir reyndust bara bestir og voru hraðastir,“ segir hún. „Við eigum bara góða reynslu af þeim,“ bætir hún við. Þegar Hildur er spurð að því hvort hún myndi mæla með samstarfi við Múlalund er svarið afdráttarlaust. „Alveg hikaust,“ segir hún. „Maður mætir engu nema góðu viðmóti þar,“ segir Hildur.

Hildur Sigurðardóttir, annar stofnenda Reykjavík Letterpress, segist hikaust mæla með samstarfi við Múlalund.

Farsælt samstarf um árabíl

Múlalundur hefur átt í samstarfi við Stillingu, eitt elsta varahlutafyrirtæki á Íslandi, um árabíl. Einar Einarsson, lagerstjóri hjá Stillingu, segir samstarfið hafa gengið vel og að mikil ánægja sé með vinnuna sem starfsfólk Múlalundar inni af hendi.

„Múlalundur sér um að merkja efnavörur fyrir Stillingu með varúðarmerkingum og leiðbeiningum á íslensku,“ segir Einar. Hann segir fyrirtækið leggja mikla áherslu á að leiðbeiningarnar séu bæði ítarlegar og á íslensku. „Við leggjum mikla áherslu á að allar leiðbeiningar fylgi og þá sérstaklega á íslensku,“ segir Einar. Hann segir Stillingu njóta ákveðinnar sérstöðu á markaðinum hvað þetta varðar. „Þessu er mjög víða ábótavant hjá okkar samkeppnisáðilum og því leggjum við okkur öll fram við að gera þetta faglega fyrir okkar viðskiptavinum,“ segir Einar.

Hann segir að Stillingu sendi vörur beint til Múlalundar þar sem starfsfólk tekur við þeim og vinnur þær bæði hratt og örugglega. „Við sendum vörurnar beint til Múlalundar og fáum þær fljótt til baka merktar með íslenskum varúðarmerkingum,“ segir Einar. Hann segir þau hafa heyrt af þjónustu



Múlalundar fyrir mörgum árum. „Við fréttum af þessari þjónustu fyrir mörgum árum, svona verkefni hjá okkur koma upp með litlum fyrirvara og í tórnum og því vantaði okkur hjálp við að merkja þessar vörur,“ segir hann.

Einar segir samstarfið við Múlalund hafa gengið glimrandi vel. „Samstarfið hefur gengið alveg frábærlega,“ segir hann. Þar sé hægt sé að treysta á fagleg og örugg vinnubrögð. „Starfsmenn Múlalundar koma verkefnum fljótt og vel frá sér og samskiptin við þá eru góð og skýr,“ segir Einar. Einar segist tvímælaust mæla með því að fyrirtæki nýti sér þjónustu Múlalundar.

Einar Einarsson, lagerstjóri hjá Stillingu, segir að samstarfið við Múlalund hafi gengið eins og í sögu.

Áhrifaþættir að baki launahækkunum

BBC birti á dögnum greiningu á því hvaða áhrifaþættir væru þýðingarmestir þegar kæmi að því að fá launahækkun í Bretlandi. Sumt kemur á óvart en annað ekki og það væri óneitanlega fróðlegt að sjá hvernig sambærileg greining kæmi út hérlendis.

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserana@frettabladid.is

Aldur, staður og stund

Samkvæmt frétt BBC hækka laun mest á þrítugsaldrinum og er það talið stafa af því að starfsfólk byrji á lágu kaupi og afli sér fljótt þekkingar og reynslu sem eykur verðmæti viðkomandi starfskrafts. Síðan hægist á launahækkunum á fertugs- og fimmtugsaldrinum, þar sem laun hækka eingöngu um 1-2% á ári, og lækka þau svo enn fremur eftir því sem fólk nalgast eftirlaunaaldurinn. Í greininni er líka bent á að hingað til hafi hver kynslóð þénað meira en sú á undan og að þannig þéni þeir sem eru fæddir snemma á áttunda áratugnum um það bil 16% meira á 28. aldursári en þeir sem eru fæddir seint á sjötta áratugnum.



Það eru ýmsir þættir sem hafa áhrif á launahækkunir.

Að skipta um starf

Eitt af því helsta sem nefnt er í greininni er það að skipta um starf en það virðist auðveldara að semja um herra kaup á nýjum vinnustað. Þannig hækkuðu laun þeirra sem héldu áfram að starfa hjá sama fyrirtæki um 0,6% árið 2018, eftir verðbólgu. En launin hjá þeim sem skiptu um starf hækkuðu meira en sjöfalt samanborið við hinn hópin, eða um það bil 4,5%.

Þá séu til leiðir til þess að auka launavöxt eins og að leggja stund á háskólanám. Þó að það geti tafið fyrir starfsreynslu þá leiðir það oft en ekki til launahækkana út þrítugsaldurinn.

Að flytjast búferlum

Annað sem nefnt er í greininni er það að flytjast búferlum en árið 2016 fylgdi því 9% launahækkun að skipta um starf og flytja. Fólk í Bretlandi hefur þannig gjarnan flutt til borga á borð við London, Edinborg eða Manchester þar sem úr meiru er að velja og herra kaup í boði. Þrátt fyrir þessa staðreynd er minna um að yngri fólk flytji vegna starfstækifæra. Greinarhöfundur telur hugsanlegar skýringar á því til dæmis vera þær að nú sé minna atvinnuleysi og að launahækkunarstandi hreinlega ekki undir húsnæðiskostnaði. Þá kemur fram að leiga hafi hækkað um meira en 90% á þeim svæðum þar sem laun eru hæst en um 70% á þeim svæðum þar sem laun eru lægst. Eftir situr að ungt fólk í dag er oft en ekki mun minna hreyfanlegt en þau eldri.

Kyn spilar inn í

Þá getur kyn líka haft umtalsverð áhrif á launahækkunir.

» Eitt af því helsta sem nefnt er í greininni er það að skipta um starf en það virðist auðveldara að semja um herra kaup á nýjum vinnustað.

Greinarhöfundur bendir á að ein skýringin liggi hugsanlega í því að algengara sé að konur séu í hlutastarfi sem sé stundum verr borgað á klukkutíma en full vinna. Fram kemur að árið 2018 hafi meira en helmingur breskra mæðra verið í hlutastarfi samanborið við einn af hverjum tíu karlmönnum. Þá er bilið einna mest þegar starfsfólk er á sextugsaldri en þá eru konur þó ennþá líklegri til þess að vera í hlutastarfi en ástæðurnar fyrir því orðnar aðrar. Þannig sinni fjórðungur eldri kvenna á vinnumarkaði ólaunaðri vinnu, til dæmis við það að sinna foreldrum sínum eða barnabörnum, samanborið við áttunda hvern karl á vinnumarkaði.

Annað sem nefnt var sem hugsanlegur áhrifaþáttur var einfaldlega það hversu mikið fólk fær í kaup til að byrja með en á undanförunum tveimur áratugum hafa laun hlutfallslega hækkað mest hjá þeim allra lægst launuðu og þeim allra hæst launuðu. Síðasta atriðið sem talið er upp í grein BBC er svo hreinlega það hversu afkastamikill starfskraftur hver og einn er en það er skýrt samhengi á milli vinnuframlags og þess sem vinnuveitandi er tilbúinn að greiða fyrir.

 Nilfisk



Pantanir í síma
515 1100 og
pontun@olis.is

NILFISK LÉTTIR STÖRFIN

Nilfisk gólfþvottavélar og háþrýstidælar hafa það í sér að taka til og þrifa og fást í mörgum stærðum og útfærslum. Nilfisk græjurnar hafa verið notaðar hérlendis í stórum og smáum fyrirtækum í áratugi, þekktar fyrir endingu og gæði.


Nilfisk fæst í Rekstrarlandi, Vatnagörðum 10 og hjá útibúum Olís um land allt.

 olís

 REKSTRARLAND

Arctic Heli Skiing er í hópi ánægðra viðskiptavina:

„Aðkoma Stefnu hefur verið lykilþáttur í okkar velgengni“



”

Undanfarin 11 ár hefur Stefna haldið utanum og hannað vefi Bergmanna og Arctic Heli Skiing með ótrúlega góðum árangri. Vefir fyrirtækjanna hafa á þeim tíma aldrei legið niðri eða orðið fyrir árasum eða tjóni og þjónustan verið algerlega til fyrirmyndar á sama tíma og verið hefur verið mjög sanngjarnt.

Aðkoma Stefnu að okkar starfsemi hefur verið lykil þáttur í velgengni okkar rekstrar þar sem að mikill meirihluti okkar tekna kemur beint í gegnum vefi fyrirtækjanna.

Jökull Bergmann

Bergmenn Fjallaleiðsögumenn - Arctic Heli Skiing

Te & Kaffi er hjá Innnesi!

Nýverið var gerður samstarfssamningur milli Innness og Te & Kaffi sem felur í sér að þjónusta á kaffi- og vélbúnaði Te & Kaffi á fyrirtækja- og veitingamarkaði verður í höndum Innness.

Te & Kaffi hefur boðið Íslendingum upp á gæðakaffi frá árinu 1984, eða í 35 ár. Á þessu tímabili hefur fyrirtækið vaxið og dafnað vel, opnað fjölmörg kaffihús og orðið þekktasta vörumerki í kaffi á íslenskum smásölumarkaði. Te & Kaffi statar líka af fullkornustu kaffibrennslu landsins og hefur það markmið að bjóða Íslendingum áfram upp á dýrindis kaffisopa í miklum gæðum,“ segir Gunnar Ingi Svansson, verkefnisstjóri hjá Innnesi.

„Ástæðan fyrir samstarfi Innness og Te & Kaffi er að samræma kosti þessara tveggja flottu fyrirtækja og geta boðið fleiri aðilum á íslenskum markaði upp á vinsælasta kaffið á Íslandi, sem er framleitt á Íslandi og þjónustað þessa aðila eins og okkur hjá Innnesi er einum lagið,“ upplýsir Gunnar Ingi.

„Með tilkomu vörumerkis Te & Kaffi til Innness gefst kostur á fjölbreyttari lausnum, hvort sem það á við kaffivélar eða vörur. Eitt af því er að bjóða fyrirtækjum að fá kaffibar til sín fyrir einstaka viðburði eða lengri tíma. Þá mætum við og setjum upp glæsilegan kaffibar á hjólum og útvegum þjálfaðan kaffibarþjón frá Te & Kaffi sem býður upp á flesta þá kaffidrykki sem hægt er að fá á kaffihúsum Te & Kaffi. Þessi þjónusta hefur vakið mikla lukku hjá viðskiptavinum okkar og margir lita á það sem ákveðin fríðindi fyrir starfsfólk að geta boðið upp á hana,“ segir Gunnar Ingi.

Heildarlausnir í kaffi

Innnes var stofnað árið 1987 og hefur verið leiðandi á íslenskum matvælamarkaði síðan. Mörg af þekktustu vörumerkjum Innness eru landsmönnum kunn.

„Kaffiþjónusta Innness hefur verið leiðandi á undanförunum árum og er þekkt fyrir góða og skjóta þjónustu ásamt því að bjóða upp á frábærar heildarlausnir í kaffi og tengdum vörum fyrir fyrirtæki,“ segir Gunnar Ingi, en hjá deildinni starfar yfir 20 manna hópur og 10 manns starfa á þjónustuverkstæðinu sem hefur að leiðarljósi að þjónusta viðskiptavini eins vel og kostur er.

Þjónustufulltrúar Innness heimækja viðskiptavinum samkvæmt samningi og afgreiða vörur samdægers beint úr sínum bil, en kaffi-

Við mætum á staðinn og setjum upp glæsilegan kaffibar á hjólum og útvegum þjálfaðan kaffibarþjón frá Te & Kaffi til að útbúa ljúfa kaffidrykki.

þjónustan hefur fimm bíla fulla af vörum á sínum snærum.

„Ef vörur vantar skyndilega ná þjónustufulltrúar okkar að bregðast hratt við og afgreiða innan skamms til viðskiptavina. Í þjónustusamningi er kveðið á um viðhald búnaðar og eftirlit og við sjáum um þrif vélbúnaðar með reglubundnum hætti. Með reglubundnum þrifum er farið yfir vélbúnaðinn af fagfólki og séð til þess að hann sé í toppstandi. Hreinsun búnaðar fer fram á 6 til 8 vikna fresti, en hægt er að semja um aukna tíðni þrifa ef notkun er meiri,“ upplýsir Gunnar Ingi.

Nýja vefverslunin vinsæl

Vefverslun Innness er nýleg leið fyrir viðskiptavinum til að skoða vörulista Innness, gera pöntun og hafa sölusögu sína á hreinu.

„Þannig er hægt að sjá hvað er í boði, hvað var pantað síðast og leita að upplýsingum um allar vörur sem Innnes býður upp á. Þessi lausn verður sífellt vinsælli enda er viðmótið afar einfalt og skemmtilegt. Ég hvet því sem flesta til að kíkja á verslun.innnes.is og sjá hvað við höfum upp á að bjóða,“ segir Gunnar Ingi sem einnig býður áhugasömum fyrirtækjum velkomin í sýningarstöðu kaffiástöðu Innness í Fossaleyni 21.

„Þar er hægt að fræðast betur um vélbúnaðinn sem í boði er ásamt því að sjá hvaða vörur við bjóðum upp á. Hægt er að sjá hvernig vélarnar virka og fá að bragða á ljúffengum kaffisopa. Með því að koma í heimsókn getum við skoðað lausnir fyrir hvern og einn og tekið spjall yfir góðum kaffibolla,“ segir Gunnar Ingi.

Ef áhugi er fyrir hendi á að fá nánari upplýsingar eða kíkja í heimsókn má senda póst á Gunnar Inga á netfangið gis@innnes.is.



Gunnar Ingi Svansson er verkefnisstjóri hjá Innnesi. Hann býður áhugasömum fyrirtækjum í heimsókn og dýrindis kaffisopa í glæsilegum sýningarsal og kaffiástöðu Innness í Fossaleyni 21. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Með tilkomu Te & Kaffi til Innness er hægt að útbúa kaffibari í fyrirtækjum.



Kaffiþjónusta Innness mætir ströngustu kröfum fyrirtækja þegar kemur að ljúffengum og nýlögðum kaffisopa.

Tíðni kulnunar og sjúklegrar streitu hefur aukist mikið

Streituskólinn hefur starfað í Reykjavík í tæp 20 ár og er eitt fyrsta fyrirtækið á Íslandi til að hljóta viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins til að starfa að sálfélagslegri vinnuvernd.

Dr. Ólafur Þór Ævarsson geðlæknir er stofnandi Forvarna og Streituskólans. Hann hafði áhuga á að beita markvisst forvörnum. Starfsemi hefur móttast af reynslu á Íslandi en einnig eftir erlendum fyrirmyndum. Forvarnir eru fyrirtæki sem starfa að geðheilsuefningu og forvörnum. Streituskólinn og Streituóttakan eru hluti af starfsemi Forvarna.

„Sérfræðingar Forvarna hafa unnið að nýsköpun aðferða til að greina og hindra og meðhöndla kulnun og sjúklegra streitu. Þeir hafa einnig unnið frumkvöðlastarf í að fræða um, fyrirbyggja og vinna úr eineltismálum og kynbundnu ofbeldi,“ útskýrir Ólafur Þór.

„Streituóttakan er staður þar sem starfar fjölfaglegt teymi sérfræðinga og ráðgjafa og veitir ráð gegn streitu, greinir kulnun og veitir markþjálfun og meðferðir gegn sjúklegrar streitu. Streituóttakan er starfrækt í Reykjavík og á Akureyri,“ segir Ólafur þegar hann



Fylgst með af athygli í Streituskólanum. Þar fara fram ýmiss konar námskeið sem tengjast streitu og álagi.



Ólafur Þór Ævarsson er stofnandi Forvarna og Streituskólans.

er beðinn að segja frá starfsemi og bætir við að stöðugt sé verið að bæta við nýjungum. Í vetur verði til dæmis fræðsla gegn kulnun, fræðsla um bætt samskipti og eflingu jafnvægis milli starfs og einkalífs. Á streituóttökunni verður unnið með mikilvægi hreyfingar og hvíldar, sömuleiðis hvað fólk getur gert til að ráða betur við streituna.

„Forvarnagáttin er líka nýjung en þar getur hver sem er leitað sér ráða varðandi einelti eða kynbundna áreitni eða tilkynnt um slíkt,“ greinir hann frá. „Síðan erum við með góða samvinnu við SÍMEY um símenntun og fræðslu í Streituskólanum auk þess sem biðið er að opna Streituóttöku á Læknastofu Akureyrar,“ segir hann.

„Þeir sem koma á Streituóttökuna leita ráða um varnir gegn streitu og kulnun, fá ráðgjöf, markþjálfun eða meðferð eftir því sem við á. Hingað koma þeir sem vilja verjast streitunni og líka þeir sem þegar eru komnir í vandræði með einkenni um kulnun.“

Streita er algeng orsök vanlíðunar eins og depurðar, kvíða og svefntruflana. Kulnun í starfi er algeng ástæða fjarveru frá vinnu með tilheyrandi fjárhagslegu tapi og vanlíðan. Fleiri og fleiri virðast eiga erfitt,“ með að samhæfa starf og einkalíf,“ útskýrir hann og bætir við:

„Ekki er vitað nákvæmlega um þetta en rannsóknir benda til að yfir helmingur fólks á vinnumarkaði eigi í erfiðleikum með álag og streitu. Rannsóknir benda einnig

til að tíðni kulnunar og sjúklegrar streitu fari vaxandi. Helstu einkenni kulnunar eru depurð, kvíði, svefntruflanir og skapbreytingar. Ef þetta fer á alvarlegra stig getur myndast sjúklegrar streita og þá bætast við einkenni um lélegt minni, lakari einbeitingu og mikla þreytu.

Streituskólinn býður upp á:

1. Fræðsla um eðli streitu
2. Endurtekna fræðslu sem hluta af fræðsluáætlun
3. Fræðsludag
4. Eftirfylgni, þar sem sérfræðingar Forvarna fylgjast með starfsmönnum fyrirtækisins

Frekari upplýsingar má finna á heimasíðunni www.stress.is

Unnið með streitu og kulnun

Streituskólinn á Akureyri tók formlega til starfa í apríl. Streituskólinn og SÍMEY standa fyrir Forvarnardegi í Hofi á Akureyri þann 17. október þar sem fjallað verður um streitu og kulnun.

Helga Hrönn Óladóttir, umdæmisstjóri Streituskólans og Streituóttökunnar á Norðurlandi, segir mikla þörf fyrir fræðslu og ráðgjöf vegna streitu og kulnunar á Norðurlandi sem annars staðar á landinu. „Rannsóknir sýna að kennarar, heilbrigðisstarfsfólk, lögreglan og fleiri starfsstéttir eru undir meira álagi en aðrar og því höfum við reynt að einblína á þann hóp en auðvitað reynum við að sinna öllum og allir eru velkomnir. Viðtökurnar hafa verið virkilega góðar. Við erum með aðstöðu á Læknastofum Akureyrar fyrir einstaklingsráðgjöf og þar er öllum heimilt að panta sér tíma beint án tilvísunar,“ upplýsir Helga. „Heimilislæknar hafa verið duglegir að vísa fólki til okkar og ég hef átt mjög gott samstarf við þá. Það er augljóslega þörf á þessu starfi,“ segir Helga enn fremur.

Hún segir að skólinn byggir á fræðslu til forvarna. „Segja má að fræðslan sé einhvers konar



Helga Hrönn Óladóttir.

Meðal annars verður haldið námskeið fyrir unglingsstúlkur á Akureyri.

bólusetning gegn streitunni. Við viljum draga úr þeirri nálgun að kulnun sé einungis tengd starfi vegna þess að lífið er samspil af vinnu og einkalífi og því má ekki gleyma hinum hlutanum, það er að segja, hvað fólk gerir utan vinnu. Allur gangur er á því hvaða aldur sækir Streituskólann. Við verðum til dæmis með námskeið fyrir unglingsstelpur sem er nýjung. Flestir sem koma eru 20 ára eða eldri. Mig langar að sinna unglingunum betur. Konurnar koma til okkar jafnt og karlar enda geta allir fundið fyrir streitu og kulnun.“

Helga segir að Streituskólinn hafi farið í fyrirtæki og stofnanir með ýmsa fræðslu. Bodið er upp á skimanir fyrir streitu, kvíða, þunglyndi, einelti og kynbundinni áreitni svo eitthvað sé nefnt. „Í vor gerðum við samning við SÍMEY þar sem við höldum einnig námskeið í tímastjórnun og fræðslu um streitu. Þar getur hver sem er skráð sig en við höldum

einnig námskeið þar sérstaklega fyrir stjórnendur. Þá verðum við með námskeið hjá Þekkingarneti Þingeyinga í haust,“ segir hún.

Í haust fer af stað gönguhópur sem kallast „Gengið gegn streitu“ og er hugsaður sem stuðningshópur fyrir fólk á öllum aldri. „Við förum í kynningargöngu í vor og mætingin var framar vonum og nú er skráningin farin á fullt. Nú, svo eru það aðstandendur, hópur sem oft vill gleymast. Hafðís Sif hjúkrunarfræðingur hefur tekið þann hóp að sér. Hún býður bæði upp á einstaklingsráðgjöf og litla stuðningshópa.“

Þeim sem vilja kynna sér starfið frekar er bent á að hafa samband við helga@stress.is og panta tíma á Læknastofum Akureyrar í ein-





Stórar sem litlar tunnur til flokkunar ættu að vera á hverjum vinnustað.

Bætt samfélag

Flest fyrirtæki reyna að tíðka umhverfsvæna starfshætti og sýna þannig í verki samfélagslega ábyrgð. Flokka skal flest allt það sem til fellur, pappír, flöskur, dósir og annað endurvinnanlegt rusl. Þá hafa margir lagt niður plastglös og tekið upp leirbolla. Sjálfsagt mál er að hafa uppþvottavél á staðnum. Veljið umhverfsvæna starfshætti því það hefur jákvæð áhrif á starfsandann en ekki síður umhverfið. Þá er auðvitað mjög gott að styrkja starfsmenn og hvetja til vistvæna samgangna, til dæmis með strætó, á hjóli eða öðrum umhverfsvænum farartækjum.

Þá þurfa fyrirtæki að passa upp á að alls kyns hlutir úr starfsemi inni rati rétta leið í endurvinnslu- stöðvar; Rafhlöður, ljósaperur, tölvur og rafeindatæki hvers konar. Öll fyrirtæki ættu að vera með flokkunartunnur til að auðvelda starfsmönnum að ganga vel um fyrirtækið.



Það er mjög gott að taka sér smá pásu í vinnunni og stunda jóga. Bætir bæði heilsu og geð.

Jóga í vinnunni

Vissar jógaæfingar er hægt að gera sitjandi fyrir framan tölvuna í vinnunni. Til að læra jóga vinnustadaæfingar er best að sækja fyrst jógatíma hjá kennara og óska eftir kennslu. Einnig er hægt að nálgast slík æfingaprógrömm á netinu, til dæmis á YouTube.

Vinnustadajóga er sérhæft fyrir þá sem eru í kyrrsetu allan daginn fyrir framan tölvuna. Æfingarnar eru bæði gerðar sitjandi og standandi. Æfingarnar eru góðar fyrir axlir, handleggji og hrygginn. Þær eru líka góðar til að koma í veg fyrir þreytu í öllum kroppnum. Öndunaræfingar eru góðar gegn streitu og álagi. Jógaæfingar í vinnunni gera daginn miklu skemmtilegri.

Jógaæfingarnar koma í veg fyrir vöðvabólgu og höfuðverk. Þær auka blóðrásina og fólk á betra með að einbeita sér að vinnunni á eftir. Það er líka hægt að skreppa í jóga í hádeginu ef slík stofa er í nágrenni við vinnustaðinn. Fólk verður að huga að eigin heilsu þrátt fyrir annasaman vinnudag.

Leikherbergi í vinnunni

Þegar skoðaðar eru hugmyndir innanhúshönnuða að skrifstofum næsta árs má sjá að leiksvæði fyrir starfsmenn njóta sífellt meiri vinsælda. Þegar fólk eyðir löngum stundum í vinnunni alla virka daga er mikilvægt að geta aðeins slakað á og jafnvel leikið sér smá.

Ýmsir hönnuðir telja mikilvægt að hafa áfðrep í vinnunni hvort sem skrifstofan er stór eða litil þar

sem hægt er að setjast í þægilegan stól og lesa bækur, taka í spil, eða jafnvel spila borðtennis eða billjard við vinnufélagana.

Nýlegar rannsóknir hafa leitt í ljós að leikherbergi á vinnustaðnum eykur bæði afköst starfsfólksins og starfsánægju til muna. Það er því hagur allra að koma upp leikaðstöðu þar sem hægt er að hvíla aðeins hugann milli vinnutarna.



Gott að leika sér í vinnunni. NORDIC- PHOTOS/ GETTY



www.krokur.net

522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahlíða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum



KRÓKUR
á þinni leið

Suðurhraun 3, 210 Garðabær

Stoeger

5 ÁRA ÁBYRGÐ

Frá og með ágúst 2019
er fimm ára ábyrgð
á öllum STOEGER
haglabyssum

EINHVUR MEST KEYPTA HAGLABYSSAN Á ÍSLANDI SÍÐUSTU ÁRIN

Stoeger haglabyssurnar eru framleiddar
í verksmiðju Beretta í Tyrklandi.
Fáar haglabyssur ef einhverjar eru söluhærri
en Stoeger á Íslandi mörg undanfarin ár.

STOEGER M3000

Hálfsjálfvirk haglabýssa sem tekur öll skot upp í 3".
Áreiðanlegar haglabýssur þúar "inertia" skiptibúnaðinum.
Boltinn er snúningsbolti samskonar og í Benelli og skiptigormurinn
er í framskefti eíns og í Franchi byssunum.
Fáanleg í ýmsum útfærslum.

Verð frá **79.900** kr.

*Við höfum flutt inn og sett
Stoeger síðan 2003.
Fráboer reyusla við
íslenskar aðstoður.*

STOEGER P3000

Vinsæl pumpa sem tekur öll skot upp í 3".
Plast eða viðarskefti. 26" hlaup. Tekur 2¾" og 3" skot.
Þessi vinsæla pumpa er nú fáanleg svört,
í felulitum eða með viðarskeftum.
Áreiðanleg og góð pumpa á frábæru verði.

Verð frá **58.900** kr.

HAGLASKOT RIFFILSKOT

*Fráboert úrval
- Gott verð*



*Opit
alla daga*

VEIÐIHORNID

SÍÐUMÚLA 8 • SÍMI 568 8410 • VEIÐIHORNID.IS

TRAUT FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI FRÁ 1998

Nú er tími til að sulta úr berjum

Svo virðist sem rifsberin séu mjög gróskumikil og fín, að minnsta kosti hér sunnanlands. Það er ekki seinna vænna að útbúa ljúffengt hlaup úr berjunum áður en þau verða of þroskuð.

Elin
Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Rifsberjahlaup er einstaklega gott, til dæmis með ostum, á ristað brauð eða með villibráð, önd eða reyktu kjöti. Það er einfaldara en margur heldur að búa til rifsberjahlaupið, bara gefa sér smá tíma. Einnig er nokkuð misjafnt hvernig fólk gerir það, sumir vilja nota hleypi á meðan aðrir segja að þess þurfi ekki. Sumir sjóða berin með stönglum og smá vatni í hálf tíma, síá sodið með klút og sjóða það síðan með sykri. Aðrir setja allt í einn pott og síá síðan. Áður fyrr var meiri sykurlaustur settur með rifsinu heldur en nú er gert. Í þessari uppskrift er 700 g sykurlaustur á móti einu og hálfu kíló af berjum.

Hér er dönsk uppskrift af rifsberjahlaupi

1½ kg rifsber með stönglum,
hreinsið
3 dl vatn
700 g sykurlaustur

Þetta er lítil uppskrift sem passar í um það bil tvær krukkur.

Látið vatn og rifs í pott og látið malla í 30 mínútur. Sigtíð saftina frá í gengum hreinan bómullarklút. Pressið klútinn í lokin til að ná sem mestum safi frá berjunum. Setjið hreinu saftina í pott ásamt sykurlausti. Látið suðuna koma upp og látið smámalla í 30-40 mínútur eða þar til þetta verður að hlaupi.

Ef hlaupið stífnar ekki látið þá suðuna koma aftur upp.

Skolið krukkur með sjóðandi vatni. Sumir setja örlítið koniak í krukkurnar og veltið því í þeim til að sótthreinsa enn betur.

Setjið hlaupið í krukkurnar og lokið strax. Látið kólna á borði áður en þær eru settar í kælliskáp.

Bláberjahlaup

Þeir sem eru svo heppnir að komast í gott bláberjalyng ættu endilega að búa til bláberjahlaup. Í góðu veðri er ótrúlega skemmtilegt að tina ber og um að gera að láta börnin hjálpa



Það er mjög gaman að prófa sig áfram með rifsberjahlaup.



Bláberjahlaup eða -sulta eftir því sem fólk vill. Nú er tími til að tina berin.



Það er hægt að nota nýttind ber í bakstur eða gera úr þeim hlaup og sultur.

til við tinsluna. Svo er hægt að baka pönnukökur og borða þær með ljúffengri bláberjasultu.

½ kg bláber

1 dl vatn

4 dl sykurlaustur

¼ poki hleypi

Hreinsið berin og setjið í pott ásamt vatninu. Látið suðuna koma upp og sjóðið í 6-7 mínútur. Þá er ágætt að nota kartöflustöppu og músa berin svo safinn komi allur úr. Nú má velja hvort maður sjar berin í gegnum bómullarklút eða heldur þeim og úr verður sulta. Ef

þetta á að vera sulta er sykurlaustur settur saman við án þess að síá. Ef berin eru síuð þarf að vigta safann og sjá hversu mikinn sykurlaustur þarf að nota og hleypi. Sjóðið aftur upp og látið malla þar til þetta fer að þykkna í 5-15 mínútur. Fer eftir hversu þroskuð berin eru.



Jarðarberjasulta er mjög góð út á jógúrt en líka með pönnukökum.

Jarðarberjasulta

Veljið góð jarðarber þegar sulta er gerð. Best að þau séu vistvæn.

1 kg jarðarber

750 g sykurlaustur

1 sítróna

Hitið ofninn í 200°C. Setjið sykurlausturinn í eldfast mót og bakið hann í 20 mínútur. Skolið berin og skerið niður. Setjið berin í pott og hitið upp. Hrærið. Þegar berin eru orðin saftleg er sykurlaustur bætt saman við og allt látið malla í nokkrar mínútur.

Þegar sultan er farin að búbla er hún tekin af hitanum og smá sítrónusafi kreistur yfir.

Sjóðið krukkur og setjið sultuna strax í og lokið. Kælið á borði áður en sett er í ísskáp.

Það er gott að nota jarðarberjasultu út á gríska jógúrt, á pönnukökur eða ristað brauð.

HEILSURÆKT

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um heilsurækt kemur út 24. ágúst nk.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir

Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 512 5429 / jonivar@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Þetta er flott í garðinn þinn!

Höfum til sölu garðhús, skýli og heita potta - fljótlegt og auðveld uppsetning



1 Skýli með útdragnlegu þaki **Kr. 220.000**

Álgrind 3 x 4 metrar með 8 mm holplasti í þaki.
tilvalið á pallinn eða yfir heita pottinn

2 Gróðurhús utan á vegg ~~Áður Kr. 145.000~~

3,70 x 2 m og hæðin við hús 2,3 m.

Nú kr. 99.000

3 Gróðurhús **Kr. 135.000**

Gróðurhús fyrir íslenskar aðstæður.
3,10 x 2,38 m.

4 Uppblásinn heitur pottur **Kr. 99.000**

Fyrir 6 manns.
Tekur aðeins 6 mínútur að blása upp.
Hitar upp að 42 °C



Upplýsingar fást hjá
SMH Gróðurhús ehf.
í síma 866-9693

Einnig eru nánari upplýsingar á
Facebook: Gróðurhús SMH ehf



Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



Suzuki mótörhjól. Komdu og kattu við í sýningarsal Suzuki. Ýmislegt spennandi til, sjón er sögu ríkarí.

SUZUKI
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
suzukisport@suzuki.is
Suzuki.is

BÍLA GALLERÍ



4X4 PLUG-IN HYBRID RAFMAGN OG BENSÍN!

BMW 225 XE 4x4 M-Sport Shadow line. Árgærd 2017, ekinn aðeins 22 þ.KM, Sjálfskiptur, Leður, Bakkmyndavél. Skynvætt Cruisecontrol ofl ofl. Tilboðsverð 3.990þ.stgr 4.890þ í skiptum. Sími 554-6700

Bilgallerí bílasala
Sími: 663-2430
www.bilgalleri.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupi bíla 25-350þús

Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Vespur




BENSÍNSVESPA
Fyrir 13 ára og eldri.
12 tommu felgur, EURO-4
minni eyðsla, minni mengum!

Kr. 229.900,-



Nitró - Urðarvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is



Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Hreingerningar

Hreinsun á:

- sófasettum • stólum
- dýnum • rúmum
- allar gerðir af mottum
- mygluþrifum
- ozonhreinsum
- lygtareyðingum



Við erum á facebook
Eldshöfði 8, 110 Rvk. S: 577-5000

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Garðyrkja

Hellulagnir, lóðastandsetning, skjólveggir og pallasmíði. Jónas Freyr Harðarson garðyrkjufræðingur s: 697-8588.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Spádómar

SPÁSÍMINN 9086116.

Ástir, Fjármál, Heilsa. Opíð alla daga.

Heilsa

Nudd

NUDD
Nuddstofan, opið frá 100. Einnig um helgar S. 832 8863

NUDD-NUDD-NUDD

Óskanudd í boði, allar uppl. í síma 892-0135

Keypt & Selt

Til sölu

HITAVEITU-SKELJAR



HEITIRPOTTAR.IS

HÖFDABAKKA 1
SÍMI 777 2000

TIL SÖLU:

- Shake vél
- Slush vél
- Sjóðsvél
- Ísvél 3ja stúta
- Lítill kæliskápur
- Tvöf. frystiskápur
- Stór display freezer
- Sælgætisbar (afgr.borð)
- Borð og stólar
- Innréttingar með góðum skúffum
- Ræstivagn

Upplýsingar í síma : 896-0240

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnasklæðing, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolia. Indus ehf, Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símunum 660 0230 og 561 1122.

Heimilið

Barnavörur



VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA

Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hliðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www. geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

Tilkynningar

Tilkynningar

WWW.YAAKOVSWELL.NET

Here you will find a series of studies of the Blessed Torah. All the material is completely free. you may download it, copy it and give it away.



Mat á umhverfisáhrifum Athugun Skipulagsstofnunar

Einbúavirkjun í Skjálfandaflljóti, Þingeyjarsveit

Einbúavirkjun ehf. hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um Einbúavirkjun í Skjálfandaflljóti.

Kynning á frummatsskýrslu: Tíllaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 21. ágúst—2. október á eftirtöldum stöðum: Á skrifstofu Þingeyjarsveitar á Laugum, á Þjóðarboðhóðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skiplag.is.

Athugasemdafrestur: Allir geta kynnt sér frummatsskýrsluna og lagt fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 2. október 2019 til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skiplag@skiplag.is.



Gott 250 fm iðnaðarhúsnæði
Eftirsótt staðsetning
Laust strax

Verð :
58,0 millj.



Nánari upplýsingar veitir:
Pröstur Þórhallsson, lögg. fasteignasali
throstur@miklaborg.is sími: 897 0634

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Lág múla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -

Létt og skemmtileg spænskunámskeið

Verða haldin í Stórholti 18. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales. Gestakennari með fyrirlestur um Spán og spænska menningu eru Kristinn R. Ólafsson. Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðinu lýkur svo með tapaskvöldi. Námskeiðin standa í 4 vikur. Boðið er uppá byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.

Byrjendanámskeið:

Mánudaga og miðvikudaga: 10:00 - 11:30

Mánudaga og miðvikudaga: 19:15 - 20:45

Þriðjudaga og fimmtudaga 17:30 - 19:00

Framhaldsnámskeið spænska II:

Mánudaga og miðvikudaga: 17:30 - 19:00

Þriðjudaga og fimmtudaga: 10:00 - 11:30

Framhaldsnámskeið spænska III:

Mánudaga og miðvikudaga: 13:30 - 15:00

Framhaldsnámskeið spænska IV:

Þriðjudaga og fimmtudaga: 13:30 - 15:00



Námskeiðin hefjast 16. og 17. september

Verð á mann er 32.000 kr.

Upplýsingar í síma 698 5033 eða
spanskuskolinnhablame@gmail.com

Facebook: Spænskuskólinn Háblame
Instagram: Spænskuskólinn Háblame



Mannlausar holur um alla borg

Svavar Örn Svavarsson er hárgreiðslumaður og á og rekur hárgreiðslustofuna Senter á Tryggvagötu. Senter hefur verið starfrækt í 14 ár, en Svavar hefur starfað á stofum í miðborg frá aldamótum. Hann segist fagna þeirri gagnrýni sem fram hefur komið undanfarið á framkvæmdir á Hverfisgötu. „Á öllum mínum árum hafa allar framkvæmdir og lokanir á götum komið mér í opna skjöldu. Ég lýsi framkvæmdum í borginni oft sem einum stórum athyglisbresti. Það er byrjað á of mörgu í einu, fáir að vinna í hverju verki á hverjum tíma og framkvæmdirnar taka alltof langan tíma. Síðan 2000 hafa framkvæmdir elt mig frá Skólavörðustíg og niður á Tryggvagötu og ég held að ég geti fullyrt að fullt aðgengi hafi ekki verið að mínum stofum nema í örfá ár af þessum nitján. Mér finnst dásamlegt að reka fyrirtæki í borginni, en mín heitasta ósk er sú að borgin færist ekki of mikið í fang í einu, einbeiti sér að einu verkefni í einu og skilji ekki eftir mannlausar holur úti um alla miðborg,“ segir Svavar.

Hafnartorgið dásamlegt

Hann segir þó dásamlegt að sjá Hafnartorgið rísa og að miðborgin sé sífellt að verða betri. „En vandinn er ekki síst sá að það er illa staðið að upplýsingaflæði og lausnum, til dæmis hvað varðar bílastæði og aðgengi, á meðan á framkvæmdum stendur. Ég er himinlifandi með bílakjallarann sem nú hefur verið opnaður undir Hafnartorgi og skil ekki af hverju borgin auglýsir ekki þennan fjölda bílastæða sem nú er aðgengilegur öllum. Það á að auglýsa þetta í öllum blöðum! Það eru fleiri stæði í miðborginni en í flestum öðrum borgarhlutum. Þessu og því sem hefur heppnast vel í uppbyggingunni þarf að koma betur á framfæri. Það er verkefni borgarinnar.“

Samráðsleysi við borgina hefur Svavar fundið á eigin skinni. „Ég get nefnt sem dæmi þegar á einni nóttu var komið rústæði fyrir ferðamenn fyrir utan stofuna hjá mér,“ útskýrir Svavar, en stofan er á Tryggvagötu. „Ég hringdi margoft í borgina og stakk upp á að slíkt stæði yrði sett upp hinum megin við götuna, fyrir framan eignir borgarinnar í götunni. Ég óskaði eftir því að mengunarmælingar væru framkvæmdar, því rúturnar gengu látlaust í lausangangi meðan beðið var eftir ferðamönnum, við gátum ekki opnað glugga á stofunni. Ónæðið af þessu var gríðarlegt, því það var engin aðstaða fyrir ferðamennina sem biðu eftir rútnum, hvorki salerni né skjól fyrir vindi og veðrum. Þetta var framkvæmt í hugsunarleysi. Ekkert var að gert fyrr en framkvæmdir hófust af krafti við Hafnartorg og aðgengi að götunni var orðið það slæmt að rúturnar komust hreinlega ekki um götuna.“

Svavar segir vanta upp á að borgin skilji að fyrirtækjaeigendur eigi flestir allt sitt undir sínum rekstri. „Allt mitt lífsviðurværi er undir þessum hundrad fermetrum á Tryggvagötu komið. Við fyrirtækjaeigendur á framkvæmdasvæðum segi ég: „Hugur minn er hjá ykkur. Vonandi þraukið þið því miðborgin er jú dásamleg. Staða mín í dag er sú að mig vantar frekar fólk í vinnu en ófugt, en ég hef upplifað erfiða tíma í rekstrinum, ekki síst vegna uppgraffinna gatna sem koma okkur sem rekum fyrirtækin í opna skjöldu.“

Sitja uppi með dýran matarvagn en ekkert leyfi

Björn Árnason er einn eigenda öldurhússins Skúla Craft Bar við Fógetatorg. „Fyrir tveimur árum komu starfsmenn borgarinnar til okkar og sögðu að þau ætluðu að breyta Fógetagarðinum í matarvagnatorg. Við vorum hvött til að taka þátt í því. Við keyptum matarvagn og vorum glöð með að fá aðra vagna á torgið til að gæða það meira lífi og draga fleira fólk að. Þau sem keyptu af hinum vögnunum gátu svo setið inni á Skúla ef það var vont veður eða um vetur án þess að vera skyldug að versla við okkur. Í fyrra veitti borgin okkur styrk til að kaupa bekkir svo fleiri gætu setið úti, hvort sem þau væru að kaupa af okkar vagni eða annarra,“ segir Björn.

Síðasta vetur var eigendum hins vegar tilkynnt að leyfið fyrir vagninum yrði ekki framlengt og það myndi renna út um miðjan maí. „Engar útskýringar voru gefnar. Eftir mikla pressu um að fá svör fengum við loksins að heyra núna fyrir um viku síðan að þetta væri vegna framkvæmda við torgið og að Minjavernd væri búin að friða það. Við sitjum uppi með matarvagn sem nýtist okkur ekki. Aðgengi að staðnum hefur verið takmarkað verulega en sund sem er á milli hússins sem Skúli

Okkur finnst fáránlegt að borgin geti hvatt fólk út í rekstur, veitt styrki í tengslum við hann og svo allt í einu bannað reksturinn.

Björn Árnason, einn eigandi Skúla Craft Bar



er í og gamla Landssímahússins er lokað, þrátt fyrir að okkur væri sagt annað í upphafi. Raunin varð önnur og veggur reistur í kringum framkvæmdasvæðið,“ útskýrir Björn og kvartar yfir samskiptaleysisinu þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að ná tali af forsvarsmönnum.

„Okkur finnst fáránlegt að borgin geti hvatt fólk út í rekstur, veitt styrki í tengslum við hann og svo allt í einu bannað reksturinn án þess að gefa ástæðu fyrir. Með matarvögnunum myndaðist góð stemning á torgi sem var nánast líflaust fyrir utan þá gesti sem heimsækja barinn okkur og Te & Kaffi. Fjölskyldufólk, ferðamenn og aðrir komu og nutu veitinga þar.“



Ég lýsi framkvæmdum í borginni oft sem einum stórum athyglisbresti. Það er byrjað á of mörgu í einu.

Svavar Örn Svavarsson, hárgreiðslumaður



Maður þarf að klessa á alla veggi sjálfur

Eigandi veitingahússins Roks segir að skilningsleysi einkenni samskipti sín við borgaryfirvöld. Hún gagnrýnir einnig að borgin ausi fé í uppbyggingu mathalla og bragga sem séu í beinni samkeppni við aðra veitingahúsa eigendur sem fá ekkert niðurgreitt. Hún segir fasteignaskatta og önnur gjöld sem borgin innheimtir hafa áhrif á reksturinn.

Hrefna Björk Sverrisdóttir hefur rekið veitingahúsið Rok á Frakkastíg í þrjú ár. Ári áður hófu Hrefna og unnusti hennar, Magnús Scheving, framkvæmdir til þess að breyta húsnæðinu í veitingahús.

„Mín upplifun er sú að kerfið sé mjög flókið, mikið regluverk sem oft stangast á og allt tekur mjög langan tíma. Þá er erfitt að fá skýr svör og fáir aðilar sem geta veitt þau sem eru með mjög takmarkaðan tíma til að sinna fyrirspurnum. Við lentum síðan í því að framkvæmdaleyfið okkar var afturkallað vegna mistaka sem borgin gerði sem varð til þess að við náðum ekki að opna staðinn fyrir en þremur mánuðum eftir áætlaðan opnunartíma. Það var litill skilningur á aðstöðu okkar og tók töluverðan tíma að fá þá að borðinu til að leysa úr þessu með okkur. Maður hefði haldið að fyrstu viðbrögð borgarinnar væru að leysa úr slíkum mistökum á skjótan hátt þar sem þeir gerðu í raun mistök við afgreiðslu leyfisins,“ útskýrir Hrefna og segist hafa þurft að beita miklum þrýstingi til að fá úr sínum málum leyst.

Hrefna gagnrýnir einnig afnám kvóta á veitingastöðum og skipulag borgarinnar. „Þegar við vorum að opna Rok þá var kvóti sem gerði það að verkum að ekki var hægt að starfrækja of marga veitingastaði innan ákveðinna

reita en svo virðist sem hann hafi verið afnuminn á einhverjum tíma. Í kjölfarið hafa veitingastaðir og matarvagnar sprottið upp þannig að í dag er samkeppnin mjög mikil og hörð. Þá er borgin skipulögð þannig að í öllum nýbyggingum virðist eiga að vera rými fyrir veitingastaði svo að maður sér ekki fyrir endann á þessari fjölgun. Borgin hefur einnig ausið fé í mathöllina og Braggann sem eru náttúrulega í harðri samkeppni við marga aðila í nágrenninu. Manni finnst þetta mjög einkennileg stefna og notkun á skattfé. Þó svo að það megi alveg setja spurningarmerki við hvort kvóti eigi að vera þá hefur borgin gríðarleg áhrif á fyrirtækin þegar slíkar skipulagsbreytingar eru gerðar.“

Hún segir fasteignaskatta einnig hafa áhrif á rekstur sinn. Einnig innheimti borgin önnur gjöld, til að mynda fyrir heimsóknir eftirlitsaðila og leyfin í upphafi. „Það er umhugsunarvert hvort litlir staðir eigi að borga jafn mikið og þeir stóru fyrir úttektir, eftirlit, innsendar teikningar og annan kostnað sem borgin innheimtir. Það kostaði mig til dæmis jafn mikið að fá úttekt og risastórt hótél, þrátt fyrir að augljóslega sé miklu meiri vinna fölginn í svo stórrí úttekt en á mínum litla veitingastað.“ Hrefna segir endur-

Miðbærinn talaður niður

Sindri Snær Jenson á og rekur fataverslunina Húrra Reykjavík á Hverfisgötu ásamt Jóni Davíð Davíðssyni. „Þá erum við einnig með eigendur í Flatey Pizza sem er staðsett á Grandagarði og Hlemmi Mathöll. Núna erum við að fara af stað með nýtt veitingakonsept á Hverfisgötu 44 sem heitir Yuzu og verður opnað í september ef allt gengur að óskum,“ segir Sindri, en fataverslun þeirra verður fimm ára í næsta mánuði. Þeir hafa ekki farið varhluta af þeirri röskun sem framkvæmdirnar á Hverfisgötu hafa haft á rekstur fyrirtækja við götuna.

„Varðandi Húrra Reykjavík þá tókum við ákveðna áhættu með að hefja rekstur á Hverfisgötu sem hafði ekki talist vænleg verslunargata, við sáum ákveðna möguleika og borgin hafði flotta sýn fyrir götuna. Nú fimm árum síðar eru enn framkvæmdir og það hefur verið mjög erfitt fyrir fótgangandi og reiðhjól að ferðast um götuna. Það hefði verið gott að sjá þessar umbætur ganga hraðar fyrir sig. Það er ekki spurning að Reykjavík hefur tekið miklum breytingum til hins betra undanfarin ár og við erum rosalega ánægð með miðbæinn þó við séum langeygð eftir að sjái fyrir endann á framkvæmdum við Hverfisgötuna,“ útskýrir Sindri.

Engin samskipti

Hann segir samskipti og upplýsingaflæði af hálfu borgarinnar ekkert gagnvart þeim. „Það hefur

aldrei neinn frá borginni sett sig í samband við okkur varðandi framkvæmdir eða fyrirhugaðar breytingar á nærumhverfi rekstrar okkar.“

Hann segir bagalegt hvað áfanginn neðst á Hverfisgötu hefur tekið langan tíma og það yfir hásumar, þegar umferð fótgangandi er hvað mest. „Nú hafa komið fram skýringar um vandamál varðandi hæðarmun á götunni, vandamál eru til að leysa þau og ég biðla til borgarinnar að drífa í þessu. Það væri farsælast fyrir alla að klára Hverfisgötuna að mestu leyti því umtalið um miðbæinn hefur verið alveg glatað undanfarin misseri. Að mínu viti hefur miðbærinn upp á svo svakalega margt að bjóða og þessar framkvæmdir verða okkur öllum til hagsbóta til lengri tíma lítið, betri borg og meira mannlíf.“

Hálfgert vöfundarhús

Sindri segir tvennt ólíkt að koma á fótt fataverslun eða veitingastað. „Af okkar reynslu er ferlið varðandi leyfisveitingar til veitingastaða ansi snúið og þar af leiðandi getur verið erfitt að fóta sig og finna réttu leiðina í hálfgæru vöfundarhúsi. Það sem helst hefur angrað okkur er seinagangur á afgreiðslu og þá sérstaklega yfir sumartímamann, það hefur reynst seinlegt að fá svör. En á endanum hefur allt gengið nokkuð smurt fyrir sig og við höfum þannig séð yfir litlu að kvarta heilt yfir. Mín tilfinning og reynsla gagnvart borgaryfirvöldum er að allir séu að gera sitt

Við erum rosalega ánægð með miðbæinn þó við séum langeygð eftir að sjái fyrir endann á framkvæmdum við Hverfisgötuna.

Sindri Snær Jenson, eigandi Húrra Reykjavík



besta en kerfið sé mögulega barnsins tíma og þurfi á uppfærslu að halda.“

Hefur aukin skattbyrði áhrif á rekstur þinn? Til að mynda fasteignaskattur?

„Hingað til höfum við ekki lent í hækkunum á leiguverði, og er það aðallega vegna lengdar samninga og þess góða samstarfs sem við eigum við leigusala. Hins vegar hafa átt sér stað viðræður um endurnýjun samninga og tíminn verður að leiða í ljós hvort hækkunarverði á leiguverði, ef svo verður þurft að gera við-eigandi ráðstafanir. Það er ekkert leyndarmál að launakostnaður er sá liður sem hefur hækkað mest á undanförunum árum og haft mikil áhrif á reksturinn,“ segir Sindri.

Mín upplifun er sú að kerfið sé mjög flókið, mikið regluverk sem oft stangast á og allt tekur mjög langan tíma.

Hrefna Björk Sverrisdóttir, eigandi Roks



skoðun á þessu geta rýmkað fyrir stofnun lítilla og meðalstórra fyrirtækja í borginni. „Þá eru leyfin fyrir matarvagna og regluverkið í kringum þá mun einfaldara ferli en hjá veitingastöðum – en þeir eru samt í beinni samkeppni við staðina. Þarna fer lítið fyrir samræmi.“

Hrefna segist ekki vita til þess að borgin láti vita af framkvæmdum eða fyrirhuguðum breytingum í nærumhverfi rekstursins. „Maður fær ekki tilkynningar þegar framkvæmdir hefjast eða um lokanir vegna viðburða í borginni. Við

höfum þó ekki verið mjög nálægt stóru framkvæmdunum undanfarin ár hjá borginni. Mín upplifun er hins vegar sú að það sé erfitt að fá svör hjá borginni eða fá aðstoð, maður þarf svölitið að klessa á veggi sjálfur. Það virðist skorta á skilning á þeim tíma og þeim fjármunum fólks sem leggur oft á tíðum allt sitt undir í reksturinn.

Manni finnst að borgin mætti hafa upplýsingar aðgengilegri og leiðbeinandi. Það fer mikill dýrmætur tími í að leita sér upplýsinga varðandi framkvæmdir og leyfi og slíkt,“ segir Hrefna.

LOKAÐ

Hefur lúmskt gaman af garðvinnunni

Svipmynd

Dagný Dögg Franklinsdóttir

Nám:

Viðskiptafræðingur frá HÍ, útskrifaðist með B.Sc. 2002 og síðar Master í Samskiptafræðum frá Háskólanum í Gautaborg árið 2013.

Störf:

Forstöðumaður viðskiptastýringar Creditinfo frá 2016, þar á undan viðskiptastjóri Creditinfo frá 2013. Áður en ég fór út í Master 2011-2013 var ég hjá Valitor við hin ýmsu störf í 7 ár 2004-2011, síðast sem viðskiptastjóri á alþjóðasviði (2008-2011).

Fjölskylduhagir:

Gift Sveini Þórarinssyni, sérfræðingi í greiningardeild Landsbanka Íslands. Börn; Jökull Sveinsson 13 ára, Þórunna Sveinsdóttir 10 ára og Franklín Sveinsson 3 ára.

Dagný Dögg Franklinsdóttir er forstöðumaður viðskiptastýringar hjá Creditinfo og hefur starfað hjá félaginu síðan 2013. Hún segir að gríðarleg tækifæri séu til vaxtar á erlendum mörkuðum. Fleiri fyrirtæki sjái hag í að nýta gögn til þess að ná fram skilvirkni og til þess að geta boðið upp á betri þjónustu.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Mín helstu áhugamál eru úti-ferðalög og samverustundir með fjölskyldu og vinum. Við erum að ferðast mikið með krökkunum og höfum gaman af því að fara t.d. í borgarferðir með þeim. Erum nú að íhuga að fara í hólreiðaferð með krökkunum í næsta fríi. Einnig langar okkur í skiðferð, er í kortunum. Hef einnig lúmskt gaman af garðvinnunni og útihlaupum. Skemmtilegasta hlaup ársins er í uppsiglingu og að sjálfsögðu tek ég þátt. Hef hlaupið nokkrum sinnum hálf maraþon og einu sinni heilt, sem ég mun áreiðanlega endurtaka. Síðan hef ég líka áhuga á listmálun og ljósmyndun.

Hvernig er morgunrúttin þín?

Ég fer oftast síðust fram úr eða um 7.30, er ekki morgunmanneskja. Maðurinn minn er meiri A-týpa og fer fyrr á fætur. Ég græja mig og tek oft göngutúr í leikskólann með þeim yngsta sem er þriggja ára sem mér finnst mikil gæðastund. Stundum næ ég svo virkilega góðum 15-20 mínútum heima eftir að allir aðrir eru farnir. Tek þá einn kaffibolla, skoða dagatalið og svara tölvupóstum. Borða aldrei morgunmat, bara



Dagný Dögg sér mikil tækifæri í frekari vörubrúun hjá Creditinfo. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

vatn með myntu fyrir kaffibollann.

Hvaða bók ertu að lesa eða last síðast?

Er að lesa Michele Obama, „Becoming“, byrjaði á henni í sumarfríinu og mæli með henni. Annars gefst ekki mikill tími til lesturs, er að uppgötvta hlaðvarpið núna og er mikið í því að hlusta á hitt og þetta, og oftast á meðan ég

dúlla mér í garðinum, þvæ þvott eða skokka 5 km. Síðast hlustaði ég á hlauparann Arnar Péturs í hlaðvarpi Snorra Björns.

Ef þú þyrftir velja allt annan starfsframa, hver yrði hann?

Mér finnst svakalega gaman að skapa og búa til, ég er því viss um að ég hefði getað unað mér við að vera listmálari, húsgagnasmíður, ljós-

myndari eða eitthvað slíkt. Gerði mikið af því að teikna og mála þegar ég var yngri og mun örugglega gera meira af því í framtíðinni.

Hvar sérðu þig eftir tíu ár?

Ætli ég verði ekki farin að stunda skiðagöngu, utanvegahlaup og listmálun. Svo verður vonandi mikið um ferðalög og góðar stundir með fjölskyldu og vinum. Börnin verða

●● Sagt er að gögnin séu olían í dag og fleiri og fleiri fyrirtæki sjái hag í að nýta gögn til að ná fram skilvirkni og til þess að geta boðið upp á betri þjónustu.

orðin svo stór þannig að við verðum með nægan tíma til að uppgötva ný áhugamál, vonandi verður heilsan góð og allir hressir. Þá verður bara gaman. Hvað vinnu snertir býst ég við að vera í krefjandi starfi með skemmtilegu fólki. Mun ávallt sækjast eftir því.

Hver eru helstu verkefni þessa dagana?

Stefnumótun, áætlanagerð, Framúrskarandi fyrirtæki, þetta eru stóru verkefni á haustin. Alltaf nóg að gera á þessum tíma. Viðskiptavinir okkar eru líka í þeim fasa að vilja bæta ákvarðanatöku og sjálfvirkni í sínum ferlum og því nóg að gera í því. Mér finnst haustin mjög skemmtilegur tími.

Hverjar eru helstu áskoranirnar í starfinu?

Þar sem mann langar að gera allt og verkefni eru fjölmörg þá er það að forgangsraða helsta áskorunin. Einnig auðvitað að allir í teyminu séu ávallt peppaðir og hafi verkefni við hæfi.

Hvaða tækifæri eru fram undan hjá Creditinfo?

Það er mikið af tækifærum til frekari vörubrúunar, og þá vörubrúunar í nánun samstarfi við viðskiptavinum okkar. Sagt er að gögnin séu olían í dag og fleiri og fleiri fyrirtæki sjái hag í að nýta gögn til þess að ná fram skilvirkni og til þess að geta boðið upp á betri þjónustu. Dæmi um þetta er t.d. það að nú geta einstaklingar framkvæmt greiðslum á mjög stuttum tíma, eitthvað sem tók áður nokkrar vikur. Svo er gríðarlega mikið af tækifærum til vaxtar erlendis, sem er gaman að fá að taka þátt í.

Sterkt og gott samband

Eitt símtal og málið er leyst

Vodafone sinnir tæknilegum þörfum okkar hratt og örugglega

Nánar á vodafone.is/fyrirtæki

Framtíðin er spennandi.

Ertu til?

vodafone
fyrirtæki

FÖNN

Skotsilfur



Talaði af sér

Sigurður Ingi Jóhannsson

samgöngu-
málaráðherra
sagði í viðtali í
síðustu viku að
stjórnvöld hefðu
metið það svo að
ekki hefði verið rétt að stíga inn í
þegar WOW air féll og það myndi
líka gilda fyrir Ícelandair ef sú
staða kæmi upp. Það vekur furðu
að ráðherra gefi til kynna að
Ícelandair geti lent í sömu stöðu
og jafnframt er heldur óvarlegt
að mála ríkið út í horn með því
að útiloka öll inngríp. Flestir vita
að það er ekki sama hvort um
ræðir Jón eða séra Jón þegar
til kastanna kemur á íslenskum
flugmarkaði.



Enn ein lækkun

Fjarskiptafélagið
og fjölmið-
illinn Sýn
hefur lækkað
rekstrarhorfur
sínar fjórum
sinnum á rúmlega
níu mánuðum. Sam-



eining fjarskiptafyrirtækisins við
fjölmiðlarekstur virðist enn vera
að draga dilk á eftir sér og það
endurspeglast í gengi hlutabréf-
anna. Eftir 8,3 prósentu lækkun
í gær stendur verðið í 29,75
krónum samanborið við rúmlega
70 krónur vorið 2018. Forstjórinn
Heiðar Guðjónsson hefur látið til
sín taka með uppstokkun í yfir-
stjórn og hagræðingaradgerðum
frá því að hann tók við stjórnar-
taumunum í apríl. Ljóst er að hans
biður afar erfitt verkefni.

Vill 700 milljónir

Eftir kröfuhafa-
fund þrotabús
WOW air er ljóst
að skiptastjór-
arnir ætla að
beina spjótum
sínum að **Skúla**



Mogensen. Skúli
svaraði því sem sett var út á
skýrslu þeirra og sagði í leiðinni
að hann hefði tapað 8 milljörðum
á flugæðingunum. Glæsihýsið að
Hrólfsskálavör 2 á Seltjarnarnesi
er hins vegar enn á hans nafni en
Skúli leitar nú að kaupanda að
fasteigninni sem er um 600 fer-
metrar að stærð. Um er að ræða
eitt verðmætasta hús landsins en
sagt er að ásett verð Skúla sé um
700 milljónir króna.

Jyske Bank leggur neikvæða vexti á stór innlán



Innistæðueigendur hjá Jyske Bank, sem hafa meira en sem nemur 150 milljónum íslenskra króna á reikningi hjá bankanum, munu framvegis greiða bankanum fyrir innstæðuna í stað þess að fá vexti. Jyske Bank varð fyrsti danski bankinn til að leggja neikvæða innlánsvexti á. NORDICPHOTOS/GETTY

Lækkandi verðbólga í kortunum



Birgir Már Haraldsson
sérfræðingur
í markaðs-
skiptum hjá
Arctica Finance

Heimshagkerfið stendur
frammi fyrir krefjandi
niðursveiflu líkt og
flestum er kunnugt
um og hafa væntingar
alþjóðlegra fagfjórfa um efnahagslegan samdrátt á heimsvísu
ekki mælt hærrí síðan í október
2011. Rekstrarskiptum iðnaðar- og
þjónustugeiranna eru á sama tíma
nærri þau verstu sem hafa sést fyrir
heimsbúskapinn síðan um mitt
ár 2012 og hátíðni-hagvísar halda
áfram að veikjast. Það er því fát
sem bendir til að niðursveiflunni
ljúki í bráð. Því er edlilegt að spyrja
hverjar afleiðingar gætu orðið
fyrir Ísland ef núverandi þróttleysi
heimshagkerfisins varir lengur.

Fyrst ber þó að nefna að Ísland
virðist hafa slitit sig frá alþjóðahag-
sveiflunni að einhverju leyti síðustu
átta ár en næmnin við erlend efnahagsáhrif var talsvert sterkari á
árunum fyrir hrúnið 2008. Það skrif-

ast að mestu á kröftugan vöxt ferða-
þjónustunnar yfir þetta tímabil og
því er líklegt að Ísland muni í meiri
mæli flytja inn ytri skilyrði – bæði
góð og slæm – nú þegar uppsveiflu
túrismans er lokið. Erfitt verður að
reiða sig á þennan hluta hagkerfisins
til að hlífa Íslandi við erfiðleikum
erlendis frá. Ef það reynist rétt
þá bendir margt til þess að hrað-
lækkandi verðbólga á Íslandi verði
birtingarmynd þessara versnandi
aðstæðna. Hvers vegna?

Það má grófllega skipta upp vísi-
tölu neysluverðs í þrjá undirflokkka
sem hafa mismunandi vægi við
útreikning á verðbólguþöllum hvers
mánaðar. Þessir liðir eru húsnæðis-
kostnaður, innflutningsverð, og
innlent verðlag fyrir utan húsnæði.
Það er vissulega ákveðin einföldun
en það má áætla að síðasti liðurinn
vegi rétt um helming í neysluverðinu
og hinir tveir fjórðung hvor. Ut frá
þessari nálgun má síðan skissa upp
sviðsmyndir til að áhættugreina
verðbólguhorfur heimlendis.

Niðursveifla heimshagkerfisins
mun þannig hafa bein áhrif á verð-
bólguna í gegnum innflutningsverð,
en sterk merki eru um töluverðan
verðþrýsting niður á við á margvís-
legum vörum heimsviðskiptanna.
Þetta gildir jafnt um hrávörur sem
og iðnaðarvörur en olía hefur til að

**Þróttleysi heims-
búskaparins hefur
töluverð áhrif á verðbólgu-
horfur nú þegar íslenskur
efnahagur er marinn eftir
innlend áföll.**

mynda fallið skarpt í verði síðan í
lok apríl á meðan fremstu viðskipta-
þjóðir heims eru nú að lækka verð á
iðnaðarframleiðslu sinni. Birgða-
staða er að sama skapi talsverð
innan þess geira og eykur það lík-
urnar á brunaútsölu á heimsvörum
til að styðja við markaðshlutdeild nú
þegar eftirspurnin hefur minnkað.
Svo lengi sem íslenska krónan helst
stöðug þá er því margt sem bendir
til mögulegrar verðhjöðunar á inn-
fluttum vörum.

Þessi erlendri þáttur mun því
magna upp áhrifin af kólnandi húsnæðis-
markaði á verðbólguna, en
þessi liður neysluverðsins hefur að
mörgu leyti endurvarpað hröðum
uppgangi ferðaþjónustunnar
síðastliðin ár í gegnum húsnæðis-
eftirspurn vegna Airbnb og innflutts
vinnuafns. Nú þegar framboðshliðin
hefur tekið við sér, þá bæði á húsnæðis-
og hótelmörkuðnum, á sama
tíma og túrisminn tekur dýfu þá er
líklegt að áhrif húsnæðiskostnaðar á

verðbólgu verði hóflegur næstu árs-
fjórðunga.

Tveir af þremur undirflokkum
neysluverðs með helmingsvigt í vísi-
tölnunni stefna því hratt að hlutlausu
framlagi (0%) til verðbólgunnar
á ársgrundvelli. Öll spjót beinast
því að innlendu verðlagi, en þar er
á brattann að sækja að draga verð-
bólguna að 2,5% markmiðinu miðað
við núverandi stöðu mála.

Þessu er best lýst á tölulegan máta,
en til að halda verðbólguþöllum
innan þessara sviðsmyndar þá
þyrfti innlendi verðlagsliðurinn að
liggja í 5,0% árhækkun. Það er ólík-
leg útkoma í hagkerfi með vaxandi
slaka og fæli í sér tvöföldun á árs-
hækkuninni frá núverandi gildum.
Við höfum einnig ekki prentað 5,0%
í þessum lið síðan í lok 2013 og hefur
meðaltalið setið í 2,0% eftir það. Ef
þetta meðaltal heldur næstu misser-
in þá gæti verðbólga á Íslandi endað
í 1,0% inn í vorið 2020; langt undir
verðbólguþöllum og við neðri
vikmörk þess.

Þróttleysi heimsbúskaparins
hefur því töluverð áhrif á verð-
bólguhorfur nú þegar íslenskur efnahagur er marinn eftir innlend áföll.
Verðstöðugleiki gæti komið undir
pressu og á illviðráðanlegri enda
verðbólguþrófnsins – starf nýs seðla-
bankastjóra verður ærið.

Enginn á vaktinni

SKOÐUN

Þorsteinn Friðrik Halldórsson



Nýlega rakst ég á mann sem
rekur lítið fyrirtæki með
nokkra starfsmenn í hefð-
bundnum rekstri. Fyrirtækið er eitt
af þeim fjölmörgu litlu og meðal-
stóru fyrirtækjum sem saman
mynda undirstöðu íslenska hag-
kerfisins. Hann er með allt undir og

veit mætavel að fyrirtækjarekstur
er engin ávísun á ævintýralegan
hagnað. Það gengur ágætlega þessa
dagana en gangurinn er hins vegar
beintengdur vinnuframlaginu.
Vinnudagarnir eru langir og rekstur-
urinn er enn efst í huga þegar heim
er komið.

Því er ekki að undra að það hafi
fokið í hann þegar hann tók stutta
pásu frá erfiðisvinnu í vöruhúsinu
og las frétt um launaþróun hjá hinu
opinbera. Þá höfðu fjölmiðlar greint
frá nýjum tölum Hagstofnunnar sem
sýndu að heildarlaun á almennum
vinnumarkaði árið 2018 hefðu verið

að meðaltali 729 þúsund krónur á
mánuði árið 2018 en heildarlaun
ríkisstarfsmanna 818 þúsund
krónur. Bilið hefur breikkað á síð-
ustu árum. Kannski ein skýringin sé
sú að fámennar ríkisstofnanir með
enn færri verkefni hafa gert flesta
starfsmenn sína að verkefnastjór-
um til að hækka þá um launaflokk.

Í þessum mánuði bærust honum
síðan fréttir af launum aðstoðar-
manns borgarstjóra og launahækkunum
ríkisforstjóranna. Almennir
launþegar og eigendur lítilla fyrir-
tækja eiga að vera orðnir vanir því
að fá blautar tuskur í andlitið með

reglulegu millibili og þegar launa-
þróunin er með þessum hætti hljóta
sumir að spyrja sig hvers vegna þeir
finni sér ekki bara þægilegt starf
hjá hinu opinbera. Allir sem unnið
hafa bæði hjá hinu opinbera og á
almennum vinnumarkaði þekkja
eðlismuninn á þessum störfum
þótt finna megi undantekningar frá
reglunni hjá einstaka stofnunum.

Fjármálaráðherra var nýlega
inntur eftir skoðun sinni á launa-
hækkunum ríkisforstjóra. Sagði
hann að sumir forstjórar ríkis-
stofnana væru á pari við almenna
markaðinn en í sumum tilfellum

væru menn eitthvað yfir og þá
þyrfti að skoða hvort gild rök væru
fyrir því. „Því eru í raun stjórnir
einstakra fyrirtækja ábyrgar fyrir,“
sagði ráðherra.

Það er sem sagt enginn á vaktinni.
Ákvarðanir um launakjör eðstu
stjórnenda ríkisins eru teknar af
andlitslausum stjórnarmönnum
og launaþróun hjá hinu opinbera
er á sjálfstýringu. Þetta eru letjandi
staðreyndir fyrir almenna launþega
og atvinnurekendur sem eru með
kerfið á herðum sér. En þeir geta
kannski huggað sig við 0,5 prósentu
lækkun tryggingagjalds.

Glæsileg íslensk hönnun og smíði á skrifstofuna



Flex skrifstofuhúsgögn
Hönnuðir:
Guðrún Margrét Ólafsdóttir
og Oddgeir Þórðarson

Fyrir Á. Guðmundsson starfa íslenskir, vel menntaðir arkitektar sem hafa þróað húsgögn og hönnunargrip sem skapa notalegt andrúmsloft. Hver hlutur ber einkenni klassískrar hönnunar en er einnig fallegur smíðisgripur sem er þægilegt að nota og sómir sér vel á skrifstofunni.



Dímon
Hönnuður:
Erla Sólveig Óskarsdóttir

Stjórnar- maðurinn



Bankaoffita

Nýverið var skipt um ædstu stjórnendur í Arion banka. Augljóslega er um kaflaskipti í lífi bankans að ræða. Fráfarandi forstjóri var við störf allt að því frá hrúni. Við taka menn sem getið hafa sér gott orð í fjármálageiranum á eftirhrunsárnum. Nýir vendir sópa best, hugsa stjórnarmenn vafalaust. Ekki veitir af.

Riflega fjögur þúsund manns starfa hjá fjármálafyrirtækjum á Íslandi, rétt um 20% færri en þegar mest var árið 2007. Stærð bankakerfisins er einungis brot af því sem það var á árunum fyrir hrún. Auðvitað voru ástæður fyrir því að bankastarfsmönnum fækkaði ekki hraðar en raun bar vitni strax eftir hrún. Bankarnir voru allir skyndilega í ríkiseigu og hagsmunir hins nýja eiganda ekki einungis þeir að skila ábata-sömum rekstri. Stórkostlegt atvinnuleysi í fjármálageiranum hefði beinlínis haft skaðleg áhrif á efnahagsbata eftir áfallið 2008.

Nú er staðan önnur. Tveir bankar eru enn í ríkiseigu, Landsbankinn og Íslandsbanki. Arion er eini einkarekni viðskiptabankinn, þótt stundum sé erfitt að greina það þegar litið er til umfangs starfseminnar og þess sem kostað er til. Raunar mætti halda að Landsbankinn væri einkabankinn sé litið til rekstrarkostnaðar.

Við þessa, að mörgu leyti skiljanlegu, bankaoffitu bætast svo hraðar tækninýjungar í geiranum. Fjártæknibyltingin hefur þegar gert marga starfsmenn óþarfa. Sú þróun mun halda áfram og ágerast. Í því samhengi hljóma áform um nýjar höfuðstöðvar Landsbankans hjákátlegar. Hvaða fólk eiga þessi húsakynni að hýsa?

Hjá Arion einum starfa um átta hundruð manns. Samkvæmt öllum mælikvörðum er það allt of mikið. Bankinn glímur sömu-leiðis við menningarvanda sem ekki verður leystur á einni nóttu. Nýir stjórnendur eru fengnir til að leysa úr þessum viðfangsefnum og vissulega eru þau ærin. Þeir hafa erfitt fitubita sem ekki er ákjósanlegur til annars en djúpsteikningar. Skera þarf þá fitu af og gera bankann tilbúinn til að takast á við verkefni samtíðarinnar.

Nauðsynlegt er að þeir, og aðrir í bankageiranum, fái vinnufrið til nauðsynlegra aðgerða. Þær verða ekki sársaukalausar, en viðskiptalífi og samfélagi til bóta þegar öllu er á botninn hvolft.

Hagnaður Orfs líftækni fjórfaldast

Líftæknifyrirtækið Orf hagnaðist um 161 milljón króna á síðasta ári en það er um fjórfalt meiri hagnaður en árið á undan þegar hann nam 38 milljónum króna.

Tekjur félagsins námu 1,6 milljörðum króna og jukust um 30 prósent á milli ára. Um 80 prósent teknanna komu að utan. Rekstrarkostnaður jókst um 20 prósent yfir sama tímabil. Eignir Orfs námu 1.960 milljónum króna í lok 2018 og eigið féð 1.300 milljónum.



Frosti Ólafsson, forstjóri Orfs

Hluthafar í félaginu eru 123 talsins. Stærstu hluthafarnir eru FIVE Invest með 35,6 prósent hlut, Zimsen með 13,8 prósent hlut og Torka með 9,9 prósent hlut.

Í byrjun árs gekk Orf frá 520 milljónum króna langtímafjármögnun frá Arion banka í samstarfi við Evrópska fjárfestingarsjóðinn. Verður fjármagnið meðal annars nýtt til að sækja inn á Asíumarkað og Bandaríkjamarkað. Helsta tekjulind Orfs er húdvörulínan Bioeffect. – þfh

19.08.2019

Mér hefur þótt áberandi hvað margir hafa fjallað um [orkupakka]málið í sumar án þess að gera sér grein fyrir því hvaða lög gilda í landinu.

Birgir Tjörvi Pétursson, hæstaréttarlögmaður



Jafnlaunavottun

Sanngjörn laun fyrir jafnverðmæt störf

PwC býður upp á heildstæða þjónustu í launamálum og jafnlaunavottun. Við búum yfir áralangri reynslu og lausnum sem virka.

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sínum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvalsóllur | Vestmannaeyjar

ENN HOLLARI OLÍA

það byrjar allt með fjórum fræjum



**OMEGA 3 & 6
+ D- & E-VÍTAMÍN
NAUÐSYNLEGAR FYRIR LÍKAMANN**

ISIO 4 FÆRIR ÞÉR MIKILVÆG NÆRINGAREFNI



TÍMAMÓT



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Jóhanna María Gunnarsdóttir

Lindasiðu 27, Akureyri,

lést á heimili sínu þann 9. ágúst síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 30. ágúst kl. 13.30.

Kristján Sævar Þorkelsson

Sólveig Kristjánsdóttir

Gunnar Óli Kristjánsson

Þorsteinn Sævar Kristjánsson

Kristján, Tómas, Jóhanna, Vésteinn og Hrafnkell

Gauti Valur Hauksson

Nína Jensen



Okkar innilegustu þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, sonar, tengdasonar, tengdaföður og bróður okkar,

Jóhann Sigurðssonar

Seljuskógum 14, Akranesi.

Sigurros Ingimarsdóttir

Þórhildur Orradóttir

Einar Gestur Jónasson

Guðný Sigurros Jóhannsdóttir

Sigurður Kai Jóhannsson

og fjölskyldan Skarði, Skeiða- og Gnúperjahreppi



Elskulegur eiginmaður, faðir, fósturfaðir, tengdafaðir, sonur, bróðir og afi,

Sigvaldi Páll Gunnarsson

frá Ólafsfirði,

lést 8. ágúst á Landspítala Hringbraut. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju föstudaginn 23. ágúst kl. 13.00.

Bjarnheiður Erlendsdóttir

Freydis Björk Sigvaldadóttir

Adam Bjarki Sigvaldason

Eva Björk Ægisdóttir

Gunnar Þór Sigvaldason

S. Finnur Gunnarsson

Sigríður Gunnarsdóttir

og barnabörn.

Þorbergur Atli Þorsteinsson

Eva María Oddsdóttir

Bára Finnsdóttir



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, vinarhug og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Önnu Vignis

frá Siglufirði.

Sérstakar þakkir færir fjölskyldan starfsfólki Hornbrekku á Ólafsfirði, sem og öðrum þeim sem komu að hjúkrun hennar og umönnun.

Sigrún Ásta Gunnlaugsdóttir

K. Haraldur Gunnlaugsson

Guðný Gunnlaugsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Sveinn Ingi Sveinsson

Alda María Traustadóttir



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ólöf Friðjónsdóttir

Eystri-Leirargörðum, Leirársveit,

lést 30. júlí 2019.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hennar látnu.

Pálmi Þór Hannesson

Magnús Ingi Hannesson

Susanne Kastenholz

Valgerður Kristjánsdóttir

Karl Ulrich Kastenholz

barnabörn og barnabarnabörn.

Vildum bara vera tvö


Theódór Júlíusson á eftirminnileg hlutverk að baki í íslenskum leikhúsum og kvikmyndum og í dag fagnar hann því að hafa verið sjötíu ár á leiksviði lífsins.

Konan sér um afmældaginn og ég veit ekkert hverju hún ætlar að finna upp á. Við höldum stórar veislur þegar ég varð fimmtugur og sextugur og á öðrum afmælum hafa börn og barnabörn verið með okkur líka. Nú vildum við bara vera tvö saman," segir Theódór Júlíusson leikari, oft kallaður Teddi, sem er sjötugur í dag. Hann er í 26 stiga hita í Berlín með eiginkonunni, Guðrúnu Stefánsdóttur, sem var miðasölustjóri Borgarleikhússins þar til fyrir skömmu.

Spurður hvort leiðir þeirra hafi legið fyrst saman í leikhúsinu svarar hann: „Nei, við erum skólafélagar frá Siglufirði og vorum 19 ára þegar við giftum okkur. Þá áttu karlmenn að vera orðnir 21 árs og konur 18 til að mega ganga í hjónaband svo ég þurfti undanþágu.“

Teddi kveðst hafa orðið sviðsvanur á Siglufirði, enda faðir hans prímusmótor í leikfélaginu, en byrjað á að læra bakaraíð og það hafi verið á Ísafirði sem hann byrjaði fyrir alvöru að leika, er hann starfaði þar í Gamla bakariinu.

„Svo tók ég við bakariinu á Siglufirði og við fluttum þangað aftur og síðar til Dalvíkur. Þá kynntist ég Leikfélagi Akureyrar og árið 1978 var mér boðinn fastur samningur þar. Upp úr því fór ég í leiklistarnám í London en Guðrún varð eftir á Akureyri með dæturnar fjórar. Við bjuggum á Akureyri í ellefu ár. Oft



Teddi bregður sér í mörg hlutverk, hér er hann hann sjálfur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

komu góðir leikstjórar þangað, mig langar að nefna Brieti Héðinsdóttur, ég lék Búa Árland í Atómstöðinni undir hennar stjórn og það var einn mesti skóli sem ég hef komist í.“

Af eftirminnilegum hlutverkum nefnir Teddi Sólva Helgason í Ég er gull og gersemi, í leikgerð og stjórn Sveins Einarssonar, segir það alltaf hafa setið í sér. „Líka hlutverk Tevje mjólkurpósts sem Stefán Baldursson valdi mig í þegar hann kom norður að setja upp Fiðlarann á þakinu. Svo var ég gestaleikari hjá

Leikfélagi Reykjavíkur 1988 og þegar Borgarleikhúsið var opnað ári síðar var mér boðinn samningur þar og Guðrún ráðin í miðasöluna. Það voru tímahvörf og í hönd fóru skemmtileg þrjátíu ár hjá Leikfélagi Reykjavíkur.“

Þátttaka í á þriðja tug kvikmynda í fullri lengd er á ferilskrá Tedda og fyrri ferðir hans til Berlinar hafa flestar verið í tengslum við kvikmyndahátiðir en ein var vorferð með leikhúsfólki. Nú er hann þar í einkaerindum.

gun@frettabladid.is



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Herdís Bjarney Steindórsdóttir

Gullengi 23, Reykjavík,

er látin.

Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 26. ágúst kl. 15.

Snæbjörn Þór Ingvarsson

Marteinn Þór Snæbjörnsson Wally Bluhm

Lilja Dis Snæbjörnsdóttir Teddy Sidelmann Rasmussen

Guðbjartur Mar Snæbjörnsson

Ingvar Skúli Snæbjörnsson

Snæbjörn Kári Marteinnsson

Emma Olivia Bluhm



Maðurinn minn og vinur, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurður Jónsson

lést að heimili sínu Mýrarvegi 113 laugardaginn 17. ágúst.

Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 23. ágúst kl. 13.30.

Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Akureyrar eða heimahlyningu.

Júlija Sjófn Sigurjónsdóttir

Guðrún Dóra Sigurðardóttir Peter E. Nielsen

Sigrún Ásdís Sigurðardóttir Óskar Bragason

Sigurjón Einarsson Guðlaug Þóra Reynisdóttir

Jóhann Ingi Einarsson Ingibjörg Gyða Júlíusdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Eiginkona mín,

Helga Alice Vilhjálmsson

lést fimmtudaginn 15. ágúst á Landspítalanum í Fossvogi.

Magnús Magnússon



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Nanna L. Pétursdóttir

lést þriðjudaginn 6. ágúst á hjúkrunarheimilinu Grund.

Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hennar látnu. Bestu þakkir fyrir góða umönnun til starfsfólks á deild A3 á hjúkrunarheimilinu Grund.

Ásta Margrét Kristinsdóttir

Á. Svava Magnúsdóttir

Berglind Magnúsdóttir

barnabörn og langömmubörn.

Bryngeir Sigfússon

Ingvar Ágústsson

Ægir Ó. Hallgrímsson



Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Herdís Tryggvadóttir

lést fimmtudaginn 15. ágúst. Útför hennar fer fram frá Hallgrímskirkju, föstudaginn 23. ágúst, klukkan 15.

Herdís Kjerulf Þorgeirsdóttir

Þorsteinn Þorgeirsson

Sigríður Þorgeirsdóttir

Ófeigur Tryggvi Þorgeirsson

Barnabörnin: Elísabet, Herdís, Sóla, Tryggvi, María

Elísabet, Ásgeir Þór, Gunnar Þorgeir, Herdís Athena,

Hörður Tryggvi, Gísli og langömmubörnin: Hekla Lúísa,

Tryggvi Veturlíði og Ísold Aurelia.

Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is.

Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

raggi
bjarna
85

EKKI
MISSA AF
ÞESSU

RAGGI BJARNA

KVEÐUR STÓRA SVIÐIÐ

1. SEPTEMBER Í ELDBORG

RAGGI BJARNA ÁSAMT GÓÐUM GESTUM Í HÖRPU



KATRÍN HALLDÓRA · LAY LOW · EYÞÓR INGI · PÁLL ÓSKAR
ÞORGEIR ÁSTVALDS · ÓMAR RAGNARSSON OG FLEIRI

MIÐASALA Í MIÐASÖLU HÖRPU, Í SÍMA 528-5050 OG Á TIX.IS



VÍNILPARKET

Vínilparket er valkostur fyrir þá sem kjósa góða hljóðvist, mikla mýkt og gólfefni sem endist og endist.



**Egill
Arnason™**

GERÐU KRÖFUR



VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Reykjavík 15°C 7°C ←	Ísafjörður 11°C 3°C ↙	Akureyri 12°C 6°C ↘
Egilsstaðir 9°C 3°C ←	Kirkjubæjarkl. 11°C 10°C ←	Hveravellir 10°C 2°C ↙

Austan 10-18 m/s snemma dags, hvassast syðst og víða rigning, en hægari og þurr norðan-til á landinu. Styttir upp suðvestanlands síðdegis, og lægir víða annað kvöld. Hiti 8 til 15 stig, hlýjast vestantil og hlýnar heldur á morgun.

Fimmtudagur

Reykjavík 17°C 2°C ↑	Ísafjörður 12°C 4°C ↘	Akureyri 13°C 2°C ↑
Egilsstaðir 11°C 3°C ↙	Kirkjubæjarkl. 15°C 6°C ←	Hveravellir 11°C 2°C ↗

Föstudagur

Reykjavík 11°C 2°C ↘	Ísafjörður 11°C 2°C ←	Akureyri 10°C 3°C ←
Egilsstaðir 9°C 3°C ↓	Kirkjubæjarkl. 12°C 2°C ↑	Hveravellir 11°C 3°C ↑

LÉTT

8	3						
		5	4	3	7	1	2
			5		9		3
			5	8	3	7	
9	8		6				
2		7	9				
		1				6	4
	2			5	8		
	6			1	7		

MIDLUNGS

		4	3	7	5	9	6
		9				3	4
6	2			9		7	
	8					6	
		7	5		3		2
		1	6			5	
		5		4			7
2					9		3
4					8		

PUNG

		5					6
						4	1
			4		9		
1	3		8	5			7
			7		2		
6			9	2			3
3	1	5	9				
	9	7	6	3			2
		8			5		

Krossgáta

- LÁRÉTT**
 1 skeið
 5 festing
 6 öxull
 8 eftirláta
 10 í röð
 11 hjör
 12 bekkur
 13 ánægja
 15 veiðarfæri
 17 skrapa
- LÓÐRÉTT**
 1 dangl
 2 ögn
 3 hljóma
 4 nískupúki
 7 ísótópur
 9 þenja
 12 óregla
 14 oddi
 16 hvort

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 spónn, 5 fim, 6 ás, 8 ánafta, 10 tu, 11 lóm, 12 sess, 13 unun, 15 rökur, 17 skera.
 LÓÐRÉTT: 1 slátur, 2 pinu, 3 óma, 4 nánds, 7 sam-
 saeta, 9 flenna, 12 sulki, 14 nes, 16 ef.

Skák Gunnar Björnsson

Gheorghiu átti leik gegn Kinnmark í Haag árið 1961.

1. Hxd6! Dxd6 2. Rxf7+! Hxf7 3. He8+ Hf8 4. Dd2!! 1-0.
 Öllum skákum þriðju umferðar Sinquefield-mótsins lauk með jafntefli og hefur 17 af 18 skákum lokið þannig. Í dag kl. 16 hefst Borgarskáknotið í Ráðhúsinu. Allir velkomnir!

www.skak.is: Borgarskáknotið í dag!



Hvítur á leik

3	1	8	5	6	9	4	7	2
5	9	2	7	1	4	8	6	3
6	4	7	2	8	3	9	1	5
7	2	1	8	9	6	5	3	4
4	3	6	1	5	2	7	9	8
8	5	9	3	4	7	6	2	1
2	6	4	9	3	5	1	8	7
9	8	3	4	7	1	2	5	6
1	7	5	6	2	8	3	4	9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Eftir Frode Överli

Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Ítalskir dagar
 Gæðavörur á góðu verði í Bónus

Ólífuolían frá Himneskt
 Ólían er unnin eftir aldagömlum hefðum við bestu mögulegu aðstæður í Montalbano í Toskana héraði á Ítalíu

879 kr./500 ml
 Himneskt Jómfrúar Ólífuolía Kaldpressuð, lífræn, 500 ml

BONUS **EKKERT BRUÐ!**

Þú finnur draumastarfið á **Job.is**

GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU



Hinsegin kórinn söng þrýðilega, segir gagnrýnandi Fréttablaðsins, Jónas Sen, í dómi sínum.

Samkynhneigðir kórar sungu frá hjarta

TÓNLIST

Kórtónleikar



Rock Creek Singers og Hinsegin kórinn sungu blandaða dagskrá.

Stjórnendur: Dr. Thea Kano og Helga Margrét Marzelliúsardóttir
Norðurljós í Hörpu
Miðvikudaginn 14. ágúst

Orðið negrasálmur, sem ég ólst upp við, þykir ekki við hæfi lengur. Skemmst er að minnst þess þegar kurr varð vegna tónleika sem haldnir voru í Akureyrarkirkju fyrir fimm árum. Á plakatinu var talað um negrasálma og mynd var af afrískum þræl í hlekkjum. Það mæltist ekki vel fyrir. Þannig tónlist var þó í öndvegi á tónleikum Hinsegin kórsins í Norðurljósum í Hörpu á miðvikudagskvöldið. Stjórnandi kórsins, Helga Margrét Marzelliúsardóttir, sagði í ávarpi á undan einum sálminum að finna yrði nýtt orð um þessa tónlist og stakk upp á amerískum þrælasöngvum.

Um er að ræða trúarlega söngva sem þrælarnir í Bandaríkjunum sömdu, yfirleitt til að stytta sér stundir við vinnuna á plantekrunum. Þetta er áleitinn tónlist með grípandi viðlögum og magnaðri undiröldu; ótal slík lög eru til.

Þau fjalla um mikilvægi kristinna gilda, en inn í þau fléttast frásagnir af erfiðri vist þrælanna.

Tengd réttindabaráttu samkynhneigðra

Þrælasöngvarnir voru með þeim skemmtilegustu á dagskránni, bæði hjá Hinsegin kórnum, sem er blandaður og taldi rúmlega fjóurtíu manns, og einnig gestakórnum. Hann heitir Rock Creek Singers og samanstóð af 18 samkynhneigðum karlmönnum. Söngur karlanna var hástemmdur, tær og vandaður, í góðu innra jafnvægi og með fallegan heildarhljóð. Inn á milli laganna kynntu kórmeðlimir, eða stjórnandinn, dr. Thea Kano, efnisskrána. Þau blönduðu gjarnan sögum úr eigin lífi við kynninguna, og oftar en ekki tengdist hún réttindabaráttu samkynhneigðra. Það var hjartnæmt; söngurinn var ekki bara einhver söngur, heldur ákall um bætt samskipti og minni fordóma, frelsi til að lifa lífi sínu eftir eigin geðþótta.

Eins og áður sagði voru þrælasöngvarnir áberandi hjá Rock Creek Singers, en þarna voru líka þekkt dægurlög og meira að segja Hærra, minn Guð, til þín í nokkuð poppaðri útsetningu með glæsilegum hápunktum sem komu einkar vel út.

Kórinn vill stækka

Hinsegin kórinn söng einnig ágætlega. Heildarhljómurinn var hreinn og tilkomumikill; helst mátti finna að fremur veikri altrödd, sem sennilega skortir bara fleiri söngvara. Enda er það yfirlýst markmið kórsins að stækka upp í 300 manns! Í það heila var söngurinn samt þrýðilegur, fullur af lífi og einlægum tilfinningum; sönggleðin var svo sannarlega smitandi.

Efnisskráin var fjölbreytt en þó innan dægurlagageirans, og væri of langt mál að telja hana alla upp hér. Hún var öll skemmtileg og tengdist málefnum samkynhneigðra á einn eða annan hátt.

Með íslenska kórnum lék Halldór Smárasón á pianó. Það var miður að hann var aldrei kynntur, ekki einu sinni í lok tónleikanna eins og gjarnan tíðkast. Hann fór á kostum, leikur hans var nákvæmur og kröftugur, afar fjölbreyttur með skemmtilegum djassinnskotum þegar við átti. Var það ekki síst pianóleikaranum að þakka hve tónleikarnir tókust vel.

Jónas Sen

NIÐURSTADA: Sérlega líflegir og skemmtilegir tónleikar með frábærri tónlist.

Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

21. ÁGÚST 2019

Myndlist

Hvað? Leiðsögn um glugga Gerðar Helgadóttur

Hvenær? 12.15-13.00

Hvar? Kópavogskirkja/Gerðarsafn Séra Sigurður Arnarson sóknarprestur segir frá steindum gluggum Gerðar Helgadóttur í Kópavogskirkju. Hann veitir meðal annars innsýn í nýjar framkvæmdir en nokkrir gluggar voru sendir til víðgerða til Oidtmann-bræðra í Þýskalandi, á glerverkstæði sem Gerður vann á í lifanda lífi. Aðgangur er ókeypis og viðburðargestir fá einnig frítt inn á Gerðarsafn á eftir. Þar má meðal annars sjá verk Gerðar.

Fræðsla

Hvað? Jarðgerð í heimilisgörðum

Hvenær? 20.00

Hvar? Grasagarðurinn í Reykjavík Farið verður yfir helstu atriði varðandi jarð- og moltugerð og gagnsemi ánamaðka auk þess sem fjallað verður um sýringu matarleifa með Bokashi-aðferðinni. Svavar Skúli Jónsson garðyrkju-

fræðingur og Hjörtur Þorbjörnsson, forstöðumaður Grasagarðsins, sjá um fræðsluna sem hefst við aðalinnngang garðsins. Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir!

Tónlist

Hvað? Hádegistónleikar

Hvenær? 12.00

Hvar? Hallgrímskirkja Schola cantorum flytur dagskrá sem spannar vítt litróf, frá miðöldum á Íslandi til vorra daga, með viðkomu í íslenskum tvisöng, auk þess sem nokkrar þekktar perlu evrópskra tónbókmennta verða teknar til kostanna. Miðaverð er 2.700 krónur og það er posi á staðnum. Miðasala fer fram á miði. is og í kirkjunni, klukkutíma fyrir tónleika.



Óskar Guðjónsson og Ife Tolentino flytja bossa nova-tónlist í Mengi.

Hvað? Bossa nova-stillinn

Hvenær? 21.00

Hvar? Mengi, Óðinsgötu 21 Óskar Guðjónsson og brasilíski gítarleikarinn og söngvarinn Ife Tolentino heidra João Gilberto, guðföður bossa nova, með því að flytja nokkur þekktustu bossa nova-lögin.

Blekhyllki.is



Blekhyllki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

NÝSKÖPUN Á ÍSLANDI

Laugardaginn 31. ágúst mun Fréttablaðið gefa út sérblaðið Nýsköpun á Íslandi.

Blaðið er unnið að hluta í samstarfi við Rannís og Tækniþróunarsjóð.

Í blaðinu gefst nýsköpunar fyrirtækjum færi á að kynna sína starfsemi og vöruþróun. Um leið er blaðið öflugur auglýsingamiðill fyrir fyrirtæki og stofnanir sem bjóða nýsköpunarfyrirtækjum upp á ýmiskonar vörur eða þjónustu.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir

Arnar Magnússon Sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins
Sími: 550-5652 / arnarm@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ



Miðvikudagur

HUGMYNDA
DAGAR

16.–18. október

Býrð þú yfir hugmynd að
dagskrárefni?

Á Hugmyndadögum RÚV í október gefst hugmyndasmiðum, höfundum og framleiðendum tækifæri til að kynna dagskrárstjórum hugmyndir sínar.

Hægt er að senda inn hugmyndir til 9. september.

Nánari upplýsingar á ruv.is/hugmyndadagar



okkar allra

RÚV SJÓNVARP

- 12.35** Kastljós
12.50 Menningin
13.00 Útsvar 2016-2017 Sandgerði - Akranes
14.15 Mósaik 1998-1999
15.00 Með okkar augum Sjötta þáttaröð þessara einlægu og skemmtilegu þátta þar sem fólk með þroskahömlun skoðar mál-efni liðandi stundar með sínum augum og spyr spurninga á sinn einstaka hátt. Þættirnir hafa hlotið fjölda verðlauna og tilnefninga. e.
15.30 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps
15.45 Baráttan við aukakilóin
16.30 Tiundi áratugurinn
17.15 Matarmenning - Ofurfæði Fróðlegir danskir þættir þar sem þáttarstjórnendur rannsaka matinn sem við borðum dagsdaglega. e.
17.45 Táknálsfréttir
17.55 Disneystundin
17.56 Timon & Pumba
18.17 Sigildar teiknimyndir
18.24 Liló og Stitch
18.50 Í framleiðslu - Rósir Stuttir heimildarþættir þar sem við fylgjumst með framleiðsluferli ýmissa vara. e.
18.54 Vikinglotto
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Með okkar augum
20.35 Grænenskibýli
21.05 Á önglinum Finnisk glæpaþáttaröð um fíkniefnalögreglumanninn Oskari sem fær óvænt heimsókn frá barnsmóður sinni, Kristu, sem hann hefur ekki séð í sextán ár. Krista er fyrrverandi eiturfjafakill og kunnug undirheimum Helsinki og þau komast að leynilegu samkomulegi um að hjálpa hvort öðru. Aðalhlutverk: Tommi Eronen, Matleena Kuusniemi og Jussi Nikkilä. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Uppljóstrarinn Heimildarmynd eftir Lauru Poitras um bandaríska uppljóstrarann Edward Snowden. Í byrjun árs 2013 fékk Poitras dulkóðaða tölvupósta frá leynilegum heimildarmanni sem sagðist hafa upplýsingar um ólöglegar njósnir af hálfu Þjóðaröryggisstofnunar Bandaríkjanna. Nokkrum mánuðum seinna hélt hún á fund uppljóstrarans, sem reyndist vera Edward Snowden, í Hong Kong ásamt tveimur blaðamönnum og er greint frá og afleiðingum uppljóstrarinnar frá hlið Snowdens. Myndin hlaut Óskarsverðlaun sem besta heimildarmynd. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
00.10 Haltu mér, slepptu mér
01.00 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

- 08.00** BMW Championship Útsending frá BMW Championship á PGA mótaröðinni.
14.00 Golfing World Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
14.50 PGA Championship
20.50 Golfing World
21.40 Champions Tour Highlights Svipmyndir frá helstu mótunum í Champions Tour.
22.35 PGA Highlights Hápunktarnir á PGA mótunum.
23.30 Golfing World

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
 FM 89,5 Retro
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
 FM 93,5 Rás 1
 FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

- 08.00** Dr. Phil
08.45 The Tonight Show
09.30 The Late Late Show
10.15 Síminn + Spotify
12.00 Everybody Loves Raymond
12.20 The King of Queens
12.40 How I Met Your Mother
13.05 Dr. Phil
13.50 Fam
14.15 The Orville
15.00 90210
16.00 Malcolm in the Middle
16.20 Everybody Loves Raymond
16.45 The King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Tonight Show
19.00 The Late Late Show
19.45 American Housewife
20.10 George Clarke's Old House, New Home
21.00 Chicago Med
21.50 The Fix
22.35 Queen of the South
23.20 The Tonight Show
00.05 The Late Late Show
00.50 NCIS
01.35 Proven Innocent
02.20 Get Shorty
03.20 Still Star-Crossed
04.05 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

- 06.45** Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregni
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregni
12.50 Dánarfregni
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Meistari Morricone
15.00 Fréttir
15.03 Samtalum heilbrigðisþjónustu
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Tengivagninn
17.00 Fréttir
18.00 Spegillinn
18.30 KrakkaRÚV Alheimurinn - Finna fiskar lykt?
18.50 Veðurfregni
18.53 Dánarfregni
19.00 Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsgagan. Hringsól
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregni
22.10 Tengivagninn
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

- 10.55** Lego. The Adventures of Clutch Powers
12.20 Paris Can Wait
13.50 Scent of a Woman
16.25 Lego. The Adventures of Clutch Powers
17.50 Paris Can Wait
19.25 Scent of a Woman
22.00 Like.Share.Follow
23.35 It
01.50 Pasolini
03.15 Like.Share.Follow

STÖÐ 2

- 07.00** The Simpsons
07.25 Friends
07.45 Gilmore Girls
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Fresh Off the Boat
09.55 Mom
10.15 Arrested Development
10.40 The Last Man on Earth
11.05 God Friended Me
11.45 Bomban
12.35 Nágrannar
13.00 Hvar er best að búa?
13.40 Einfalt með Evu
14.05 I Own Australia's Best Home
15.05 The Great British Bake Off
16.10 Stelpurnar
16.35 Born Different
17.00 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
18.55 Ísland í dag Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
19.10 Sportpakkinn Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
19.20 Veður
19.25 Vikingalottó
19.30 First Dates
20.20 Women on the Verge
20.50 Veronica Mars
21.40 Divorce
22.10 Wentworth
23.00 You're the Worst
23.25 L.A.'S Finest
00.10 Animal Kingdom
00.55 The Sinner
01.40 The Sinner
02.25 The Sinner
03.05 Next of Kin
03.50 Next of Kin

STÖÐ 3

- 19.10** Mom
19.35 Schitt's Creek
20.00 Seinfeld
20.25 Friends
20.50 Two and a Half Men
21.15 The Last Ship
22.00 Westworld
23.00 iZombie
23.45 Grimm
00.30 Mom
00.55 Seinfeld
01.20 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

- 07.15** Grindavík - HK Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
08.55 Stjarnan - ÍA Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
10.35 Preview to the Season - Serie A Upphitunartáttur fyrir tímabilið í ítölsku úrvalsdeildinni.
11.25 Manstu
12.10 Leiknir - Þróttur Útsending frá leik í Inkasso deild karla.
13.50 Celta Vigo - Real Madrid Útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
15.30 Athletic Bilbao - Barcelona Útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
17.10 Undanúrslit Útsending frá undanúrslitaleik í Forkeppni Meistaradeildar Evrópu.
18.50 Undanúrslit Bein útsending frá undanúrslitaleik í Forkeppni Meistaradeildar Evrópu.
21.00 NFL Hard Knocks. Oakland Raiders Flottir þættir um undirbúning Oakland Raiders fyrir veturinn í NFL deildinni.
21.50 UFC 241. Cormier vs Miocic 2 Útsending frá UFC 241 þar sem Daniel Cormier og Stipe Miocic mætast í aðalbardaga kvöldsdins.

FM 88,5 XA-Radíó
 FM 89,5 Retro
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
 FM 93,5 Rás 1
 FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
 FM 96,7 Létt Bylgjan
 FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
 FM 99,4 Útlit Saga
 FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

Hemlaklossar og diskar á góðu verði



 **Stilling**
Allt fyrir bílinn

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

SIMBA®



SIMBA®

SIMBA HYBRID®
heilsukoddi

6 laga heilsukoddi frá Simba.
Stærð: 50 x 70 cm.

Aðeins **11.900 kr.**

SIMBA HYBRID®
heilsukoddi með Outlast®

6 laga heilsukoddi frá Simba.
Stærð: 50 x 70 cm.

Aðeins **15.900 kr.**

OUTLAST KOMINN AFTUR!

OUTLAST

Háþróað efni sem heldur jöfnum hita. Jacquard bómull í Hybrid koddanum.

FÍNN DÚNN

Lag af sérstaklega fíngerðum og mjúkum andadúni sem gefur koddanum náttúrulega öndun.

HITASTÝRING

3D hitastýringarefni sem tryggir hámarks öndun og loftflæði gegnum koddann.

NANOTUBE TÆKNI

Í miðjum koddanum er lag af smágerðum svamprörum. Þú getur stillt hæð og stífleika koddans með því að bæta í eða taka úr þessu lagi.

MICROFIBRE

Næst er lag af Microtreffjum sem gera þessa hlíð koddans bæði mjúka, endingagóða og hentuga fyrir þá sem eiga við ofnæmi að stíða.

JACQUARD BÓMULL

Silkimjúk hágæða bómull með frábærri öndun 300 gsm.

Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
www.dorma.is

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA

Láttu drauminn ræstast



Tónleikarnir í kvöld eru nokkurs konar upphitun fyrir tónlistarhátíðina Extreme Chill. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Föðurhlutverkið opnaði nýjan heim í tónlistargerðinni

Tónlistarmaðurinn **Eðvarð** spilar í fyrsta sinn undir eigin nafni á Vínyl Bistró í kvöld. Eftir níu ár í Los Angeles ákvað hann að flytja heim til að læra klassíska tónlist. Planið var alltaf að halda aftur út, en það átti heldur betur eftir að breytast.

Í kvöld spilar tónlistarmaðurinn Eðvarð Egilsson á Vínyl Bistró. Tónleikarnir eru liður í Extreme Chill Festival, sem í ár er með breyttu sniði, og fer fram í Reykjavík 12.-15. september. Því má segja að tónleikarnir í kvöld sé nokkurs konar upphitun fyrir tónlistarhátíðina.

Byrjaði alveg upp á nýtt

„Pan Thorarensen, sem sér um hátíðina, hafði samband við mig og spurði hvort ég hefði áhuga á að spila. Ég er búinn að vera að vinna í þessari plötu í tæplega tvö ár, það er alltaf þessi klassíska frestunarárta. En þegar hann bað mig að spila, ákvað ég að slá bara til og vera með. Í kvöld frumflyt ég því nýtt efni á Vínyl,“ segir Eðvarð.

Fyrir á árinu fékk Eðvarð aðstöðu í Hljóðheiminum sem hann var einstaklega ánægður með.

„Það veitti mér mikinn innblástur og ég hef verið að byggja upp stúdíóið síðan, sem ég kalla Stúdíó Sprungu. Það var þá sem ég ákvað að setjast niður og klára plötuna. Ég var búinn að gera heila aðra plötu en hlustaði á hana og var ekki nógu ánægður með hana. Svo ég byrjaði bara upp á nýtt. Það eru nokkur tilbúin lög og alveg 150 uppköst að lögum.“

Tók U-beygju í tónlistinni

Þetta verða fyrstu tónleikar Eðvarðs undir eigin nafni, en hann semur einnig tónlist undir nafninu Kíruma. Áður samdi hann einnig undir nafninu Eddie House en þá var hann partur af hljómsveitinni Steed Lord.

SVO ER ÞAÐ AÚD-VITAD ÞVÍLÍKUR INNBLÁSTUR AÐ HAFNA FENGID ÞÆR UNNI OG EYJU Í LÍF MITT.

„Ég bjó í Los Angeles í níu ár, þá var þetta frekar ólíkt og við vorum mikið að spila og túra. Það er öðruvísi upplifun. Þegar á leið fór ég að hafa meiri og meiri áhuga á kvikmynda- og klassískri tónlist. Síðustu fimm ár hef ég unnið með skrifstofu í New York og hef í gegnum hana verið fenginn til að semja tónlist við auglýsingar fyrir fyrirtæki á borð við Mercedes Benz og Lincoln. Mér finnst það ótrúlega skemmtilegt,“ segir Eðvarð.

Kíruma er meira elektrónísk tónlist, og var stef frá Eðvarði notað í tölvuleikinn Pro Evolution Soccer 2019.

„Ég hef samt aldrei sest niður fyrir framan fólk við pianó eða hljómborð og spilað það sem ég er að semja hérna heima. Ég er spenntur að opna fyrir það líka, það er svo miklu persónulegra. Nú er þetta bara ég, bara Eðvarð Egilsson.“

Ætlaði alltaf aftur út

Þegar Eðvarð var úti í Los Angeles hafði hann mikinn áhuga á því að færa sig meira út í kvikmyndatónlist. Hugarinn leitaði þó heim og landingin var að fara í nám við Listaháskóla Íslands að læra klassískar tónsmíðar, þótt

hugmyndin hafi alltaf verið sú að fara aftur út til Los Angeles eftir það. Á einu og hálfu ári var þó allt breytt, hann varð ástfangin og eignaðist dóttur.

„Þetta breyttist allt heldur betur. Ég byrja í skólanum og að læra hjá svo frábærum kennurum. Ég nýt leiðsagnar Páls Ragnars Pálssonar, hann er minn maestro eiginlega. Svo læri ég hjá Atla Ingólfssyni og er að byrja byrja læra á slagverk hjá Áskeli Mássyni.“

Dóttirin breytti öllu

Eðvarð kynntist sellóleikaranum Unni Jónsdóttur og í dag eiga þau dótturina Eyju.

„Við erum mikið að músisera saman, það er frábært að geta skilið hvort annað svona vel með það. Þannig að Eyja venst líka því að heyra foreldra sína stanslaust spilandi. Hún er fimm mánaða og finnst mjög gaman að spila á gítarinn og sellíð, en við treystum henni ekki alveg strax fyrir sellíðinu,“ segir Eðvarð hlæjandi.

Hann segir að það að hafa eignast Eyju hafi haft mikil og góð áhrif á tónlistargerðina hjá honum.

„Það opnaði svo fyrir margt og kjarnaði mig svo mikið. Það veitti mér svo mikið öryggi. Ég þori meira að vera ég sjálfur og spila það sem er mér sjálfum kært. Svo er það auðvitað þvílíkur innblástur að hafa fengið þær Unni og Eyju í líf mitt.“

Eðvarð spilar í kvöld á Vínyl Bistró, Hverfisgötu 76. Það er ókeypis inn og tónleikarnir hefjast klukkan 21.00.

steingerdur@frettabladid.is

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni liðandi stundar.



Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðaf Bjarnason guðaf@frettabladid.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson, hlynur@frettabladid.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@frettabladid.is, Svava O'Brien svava@frettabladid.is, Örn Geirsson orn.geirsson@frettabladid.is **FÓLK/SÉRBLÓÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Arnar Magnússon arnar@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is **FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ:** Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is **RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, Viðar Ingi Pétursson vidar@frettabladid.is **ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir guðruninga@frettabladid.is

ALVÖRU VERKFAERI Á TILBOÐI

vfs.is



brennenstuhl
Kapaltrömla
25m
9.990 kr.
Áður 12.990 kr.



brennenstuhl
Gúmmikaplar
3G1,5
10m: 2.990 kr.
Áður 3.490 kr.
15m: 3.990 kr.
Áður 4.690 kr.
25m: 5.790 kr.
Áður 6.990 kr.



Milwaukee
Höfuðljós
HL-LED, 300lm
7.190 kr.
Áður 8.490 kr.




Milwaukee
Útvarp AM/FM
Stafrænn örgjörvi
29.900 kr.
Áður 34.900 kr.



Hjólborur
Iðnaðar
11.900 kr.
Áður 14.990 kr.



Trilla
Iðnaðar, 200kg
9.900 kr.
Áður 12.900 kr.



Malarskófla
1.590 kr.
Áður 1.990 kr.



Milwaukee
Slipiropkur
Án rafhlöðu.
28.900 kr.
Áður 33.900 kr.



Milwaukee
Sverðsög
með FIXTEC
blaða klemmu
Án rafhlöðu.
28.900 kr.
Áður 33.900 kr.



Milwaukee
Borvél og
höggskrúfvél
37.900 kr.
Áður 44.900 kr.



Milwaukee
Borvél
og aukahlutir
54.900 kr.
Áður 67.900 kr.



Milwaukee
Borvél og
höggskrúfvél
67.900 kr.
Áður 79.900 kr.



Hultafors
Kúbein
71 cm
8.990 kr.
Áður 10.990 kr.



Hultafors
Málbönd
3m 690 kr.
Áður 890 kr.
5m 1.090 kr.
Áður 1.390 kr.
8m 1.790 kr.
Áður 2.290 kr.




Hjólátjakkur
3 tonn, 52cm
16.992 kr.
Áður 19.990 kr.



Búkki, 2 stk
6 tonn m/öryggisp.
8.990 kr.
Áður 11.990 kr.



Mótorhjólalyfta
450 kg.
23.900 kr.
Áður 28.900 kr.



GEDORE
Topplyklasett
94 stk, 1/2" og 1/4"
13.990 kr.
Áður 19.190 kr.



Hultafors
Réttiskeið
180 cm
16.900 kr.
Áður 21.608 kr.



Hjólátjakkur
Í tösku, 2 tonn
5.990 kr.
Áður 6.990 kr.



YATO
Verkfæraskápur
12 skúffur
89.900 kr.
Áður 115.900 kr.



Lyftiborð
fyrir krossara
24.900 kr.



Dekkjatjakkur
650kg
14.900 kr.
Áður 17.900 kr.



YATO
Verkfæraskápur
7 skúffur
42.900 kr.
Áður 49.900 kr.



Wera
Topplyklasett
Check Plus
13.490 kr.
Áður 17.990 kr.



Wera
Topplyklasett
Check Plus
13.490 kr.
Áður 17.990 kr.



RYOBI
Sláttuorf
og borvél
1stk 2.0Ah rafhláða
og hleðslutæki
27.900 kr.
Áður 34.900 kr.



RYOBI
Hybrid sláttuvél
36cm - Easy Edge™
2stk 2.5Ah rafhl. og hleðslut.
62.900 kr.
Áður 69.900 kr.



RYOBI
Sláttuvél 36V
40cm - Easy Edge™
2stk 4.0Ah rafhl og hleðslut.
74.900 kr.
Áður 89.900 kr.

VERKFAERA SALAN



BAKÞANKAR

Jónu Hrannar
Bolladóttur



Nándin í veikindunum

Ég hef leyft mér á þessum vettvangi að ræða um aðstæður heilabílaðra og ástvina þeirra. Faðir minn, Bolli Gústavsson, glímdi við minnissjúkdóm í 12 ár sem rændi hann lífsgæðum hægt en örugglega. Það getur verið erfitt að vera nálægt þeim sem eru veikir. Ég man að sú djúpa og nærandi tilfinning að tilheyra og njóta umhyggju lifði með föður mínum þrátt fyrir minnisleysið. Það er mikilvægt að þau sem eru gleymin fái að njóta lífsgæða á meðan lífið varir.

Eitt af því sem tilheyrir minnissjúkdómum er málstol og því þarf að finna skapandi leiðir til að vera í nándinni. Hægt er að horfa á eitt-hvað fallet saman, njóta návistar dýra eða barna, hlusta á kunnuglega tónlist eða lesa fallegan texta þar sem ekki þarf að halda löngu samhengi. Þrátt fyrir að margir veldu að heimsækja ekki föður minn á sínum tíma en vildu helst muna hann eins og hann var, man ég eftir þremur kollegum hans sem létu ekki vanmátt hans aftra sér. Einn þeirra var Sigurbjörn Einarsson biskup.

Eitt sinn er pabbi var orðinn mjög veikur og dvaldi á Landakotsspítala, kominn í hjólastól og málstol hans var orðið algjört, kom vakthafandi hjúkrunarfræðingur á móti mér og sagði að Sigurbjörn biskup hefði komið í heimsókn. Ég spurði hvort hann hefði staldrað lengi við og hún játti því. Síðan spurði ég hvort hann hefði náð einhverju sambandi við pabba og hún sagði mér að þeir hefðu setið lengi við gluggann þar sem kirkjan í Landakoti blasir við og haldist í hendur. Málstol föður míns kom ekki í veg fyrir að þessir orðsins menn gætu átt samfélag í vináttu og blessað þannig hvor annan. Ég geymi þessa mynd í huga mér alla tíð. Hún veitir mér huggun.

NY SÝN



Ný sýn með Hugrónu Halldórs í Sjónvarpi Símans Premium

Einlægir viðtalsþættir þar sem viðmælendur hafa tekist á við áskoranir sem breyttu lífi þeirra. Þorgerður Katrín, Sigvaldi Kaldalóns, Baldvin Z, Arna Sigríður og Vilborg Arna segja okkur sínar sögur.

Öll þáttaröðin er nú aðgengileg í Sjónvarpi Símans Premium.



Verð áður: 1.990
990
KR/KG
GOTTERÍ
Kvikk
ON THE GO

LÍFIÐ ER
GOTTERÍ
50%
AFSLÁTTUR
FIM-SUN
GOTTERÍ
Verð áður: 1.990
990
KR/KG
Kvikk
ON THE GO